

Ofmetin meistarastykki

Hvað er svona merkilegt við Mónu Lísu? Átti Gladiator skilið að fá Óskars-verðlaun? Fréttablaðið skoðaði ofmetin listaverk og listamenn.



14

EINSTÖK LÍFSREYNSLA

Unnu við að fara með ljón í gönguferðir í Simbabwe



26

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

17. ágúst 2008 – 222. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



SÍÐASTA STÖKKIÐ

Pórey Edda Elfsdóttir gekk af velli með tárin í augunum.

ÍPRÓTTIR 22

FYLGIR Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



BJART NORÐAUSTAN TIL Í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast syðst. Bjart með köflum nyrðra, annars skýjað og rigning eða skúrir sunnan til og vestan, einkum síðdegis. Hiti 12-20 stig, hlýjast nyrðra.

VEÐUR 4

Fjórðungur styður nýjan meirihluta í borgarstjórn

26,2 prósent segjast styðja nýjan meirihluta borgarstjórnar. Það er nánast sami stuðningur og meirihluti Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra naut í janúar. Nýr meirihluti fengi fjóra fulltrúa kjörna, alla úr Sjálfstæðisflokki.

SKOÐANAKÖNNUN Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn Reykjavíkur nýtur jafnmikils stuðnings nú meðal borgarbúa og meirihluti Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar naut þegar hann tók við völdum í janúarlok.

Alls segjast 26,2 prósent borgarbúa styðja nýjan meirihluta, en 73,8 prósent gera það ekki. Hinn 23. janúar sögðust 25,9 prósent styðja þá nýmyndaðan meirihluta Sjálfstæðisflokks og Ólafs F., en stuðningurinn jókst aðeins og var

kominn í 27,7 prósent undir lok maí.

Stuðningur við núverandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er mestur meðal þeirra sem segjast myndu kjósa þá flokka sem eiga aðild að meirihlutanum. Tæplega 93 prósent framsóknarfólks styðja nýjan meirihluta og rúm 83 prósent sjálfstæðisfólks.

Um 95 prósent kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna styðja ekki nýjan meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar-


flokks. Enginn frjálslyndra styður samstarfið. Tæp 79 prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk styðja ekki meirihlutann.

Sjálfstæðisflokkur fengi fjóra fulltrúa kjörna samkvæmt könnuninni, Samfylking fengi átta og Vinstri græn þrjá. Aðrir flokkar kæmu ekki manni að.

Spurt var; Styður þú nýmyndaðan meirihluta borgarstjórnar? 89,0 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

- ss / sjá síðu 4

STYÐUR ÞÚ NÝMYNDAÐAN MEIRIHLUTA D OG B Í BORGARSTJÓRN?



Skv. könnun Fréttablaðsins 16. 08. 2008



ÓSÁTTUR ÞJÁLFAREI DANA Með því að ná jafntefli gegn Dönum, 32-32, er íslenska landsliðið í handbolta orðið öruggt um að komast í átta liða úrslit á Ólympíuleikunum. Síðasti leikur liðsins í riðlinum er gegn Egyptum og fer hann fram í nótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jafntefli gegn Dönum: Læti í leikslok

PEKING 2008 Hinum litríka þjálfara Dana, Ulrik Wilbek, var heitt í hamsi eftir leikinn gegn Dönum í gær sem endaði með jafntefli 32-32. Wilbek hellti sér með látum yfir slaka sænska dómara leiksins. Hann vildi fá dæmdan ruðning á Arnór Atlason undir lok leiksins, þegar víti var dæmt á Dani. Þá var Wilbek eflaust búinn að gleyma öllum glóruslausu dómunum sem Ísland fékk á sig í leiknum. Úr vítinu náði Snorri Steinn Guðjónsson að jafna leikinn, fjórum sekúndum fyrir leikslok.

Wilbek hundsaði Guðjón Val Sigurðsson eftir leikinn er Guðjón reyndi að taka í hönd hans. Guðjón var ekki sáttur og úr varð smá rifrildi sem Sigfús Sigurðsson tók einnig þátt í af krafti.

Wilbek rann þó reiðin og sýndi af sér íþróttamennsku er hann kom og tók í hönd Guðjóns þegar hann var í viðtali við blaðamann Fréttablaðsins. Wilbek bauð þess utan upp á sjaldséð bros til handa Guðjóni.

- hbg / sjá síðu 22

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur undrast seinagang menntamálaráðuneytis: Gjöfin að renna ríkinu úr greipum

MENNINGARMÁL Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur bauð íslenska ríkinu safnmuni sína gegn því að eldfjallasafnið yrði sett upp í Stykkishólmi. Tregða stjórnvalda hefur hins vegar orðið til þess að hann íhugar að koma safninu upp annars staðar en á Íslandi.

Meðal muna er grjót frá mörgum af sögufrægustu eldfjallasvæðum heims og málverk af eldgosum, þar á meðal eitt eftir Andy Warhol.

Ríkið borgaði fyrir flutning munanna hingað til lands en síðan hefur málið siglt í strand. Árið 2005 leitaði Haraldur svara hjá menntamálaráðuneytinu um framgang þess. „Ég fékk þau svör að skipa ætti vinnuhóp til að sinna þessu en það er eins og málið hafi sofnað þar, allavega virðist áhuginn eitthvað hafa dofnað. Þetta hefur vissulega valdið mér nokkrum vonbrigðum.“

Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu, segir að málið hafi gengið hægar en hann hafi vonað. Hópur sérfræðinga sé að meta hvernig best sé að nýta munina en óvíst sé hvernær þeirri vinnu ljúki. Hins vegar hafi ekki náðst sátt um að skipa þann vinnuhóp sem Haraldur nefnir, þar sem síku væri tekið sem skuldbindingu um að ráðast í uppsetningu safnsins.

- jse / sjá síðu 10

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Opið í dag frá 12-18

Office 1 Superstore

Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR



14. - 31. ágúst

SKÓLADAGAR í Smáralind



SKÓLADAGAR

SPURNING DAGSINS



Gunnar, er ekki nóg að hafa eitt meyarhof í Kópavogi?

„Það er aldrei nóg af þeim.“

Væntanlegt óperuhús á Hamraborg verður Akrópólís Kópavogs, að mati Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra. Meyjarhofið á Akrópólshæð í Aþenu er þekktasta kennileiti borgarinnar.

Oddviti sjálfstæðismanna: Full sátt um tillögu um REI

REYKJAVÍK „Það ríkir full sátt um tillöguna sem rædd hefur verið á vettvangi borgarstjórnarflokksins og er í vinnslu hjá stjórn REI,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.

Líklegast er að stofnaður verði fjárfestingarsjóður um REI, að því er fram kom í Fréttablaðinu í gær. Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar og stjórnarmaður í REI, segir að málið hafi helst strandað á andstöðu ákveðinna borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, og þá helst Hönnu Birnu. Hanna Birna kveðst ekki vita til hvers Sigrún Elsa vísi og neitar að tjá sig um tillöguna að öðru leyti fyrir en að stjórn REI hafi afgreitt hana. - ht

Sjöfaldur lottóvinnurur:

Einn fékk 65,8 milljónir

HAPPDRETTI Einn var með allar tölur réttar í lottó Íslenskrar getspar í gærkvöldi og fær sá því 65,8 milljónir króna í sinn hlut.

Fyrsti vinnururinn í lottóinu var sjöfaldur og því risavaxinn að þessu sinni þar sem hann hafði ekki gengið út í sex vikur þar á undan. Vinningstölurnar í gærkvöld voru 6, 12, 13, 15 og 34. Bónustalan var 7. Vinningsmiðinn var keyptur í Söluvernum Íðufelli.

Tölf skiptu með sér bónusvinnungi og rúmar 81 þúsund krónur hver. - gar

FLUGMÁL

Fleki af íslenskri þotu

Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar nú tildrög þess að fleki af bol Boeing-fraktpotu Icelandair losnaði í aðflugi að Kennedy-flugvelli í New York síðastliðinn fimmtudag. Atvikið er skilgreint sem alvarlegt.

Mikil ölvun og slagsmál brutust út á Dönskum dögum í Stykkishólmi í fyrrinótt:

Lögregla varla séð það verra

LÖGREGLUMÁL „Þetta var hrein og klár skelfing,“ segir Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi. Mikil ölvun var á Dönskum dögum í Stykkishólmi í fyrrinótt og slagsmál brutust út.

Fangageymslur í bænum fylltust. „Við þurftum að henda mönnum jafnóðum út til þess taka aðra inn,“ segir Ólafur. „Þetta er með því versta sem ég hef séð og nær því að vera írskir en danskir dagar.“

Þegar höfðu verið lagðar inn kærur vegna líkamsárása síðdegis í gær. Þá átti lögregla von á liðsstyrk fyrir kvöldið og nóttina.



DANSKIR DAGAR Um þrjú þúsund manns hafa sótt Danska daga í Stykkishólmi um helgina. MYND/SKESSUHORN

„Hátíðin hefur gengið mjög vel að nóttinni undanskilinni,“ segir Daði Heiðar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri Danskra daga.

„Það er ákaflega lítill hópur sem er með vandræði, nær allir sem hingað eru komnir vilja bara hafa gaman.“

Daði segir að ölvun og ólæti geti fylgt slíkum hátíðum og ekki sé um annað að ræða en bregðast við. „Ákveðið hefur verið að auka við löggæsluna og við vonum að þetta vandamál verði tæklað,“ segir hann.

Daði telur um þrjú þúsund manns á Dönskum dögum, sem er nokkru færra en undanfarin ár. „Hér eru öll tjaldstæði nær full auk þess sem búið er að tjalda í gördum og á lausum grænum reitum.“ - ht

Um þúsund ára bein finnast í Skagafirði

Nýlegur fornleifafundur í Skagafirði þykir geta varpað ljósi á tíma í Íslandssögunni sem mjög lítið er vitað um. Þegar hafa komið í ljós kirkjugarður og skáli.

FORNLEIFAR Bein af ungbarni og gömlum manni sem nýlega komu í ljós undan gjósku frá árinu 1104 á bænum Steinsstöðum í Skagafirði þykja geta varpað nokkru ljósi á stöðu Íslendinga við upphaf kristnitöku. „Þetta er merkilegur fundur því hann segir okkur frá þeim tíma þegar Íslendingar voru að taka kristni en um hann er lítið vitað. Auk þess staðfestir fundurinn að þarna er kirkjugarður sem engar heimildir eru til um,“ segir Guðný Zoëga fornleifafraeðingur, sem nú er stödd við uppgröft á vegum fornleifadeildar Bygðasafns Skagafirðinga.

Guðný segir að fyrst hafi þarna fundist bein fyrir um áratug, sem leitt hafi til þess að grunsemdir vöknudum um að djúpt ofan í moldinni gætu leynst hlutir sem varpað gætu ljósi á það sem áður var á svæðinu. Því hafi verið ráðist í uppgröft nú í sumar. Komið hafi á óvart hve vel svæðið var varðveitt þótt þar hafi verið lagður vegur, raf- og vatnslagnir. „Drátt fyrir það kemur þessi fallegi kirkjugarður í ljós og skáli.“

Guðný segir bein barnsins vera greinileg, en illa varðveitt og því hafi ekki verið hreyft við þeirri gröf. Bein karlmannsins hafi hins vegar verið vel varðveitt. Þau hafi meðal annars sýnt að hann var kominn á háan aldur miðað við þann tíma sem hann var uppi á auk þess sem á þeim sjáist að hann hafi verið illa haldinn af gigt í lifanda lífi. „Ég er beinafræðingur og finnst beinagrindur oft merki- legustu heimildirnar sem má finna í uppgræfti,“ segir Guðný og útskýrir að bein segi mikið til um samfélagið. „Kirkjugarðar geta til



MYND/BYGGÐASAFN SKAGAFIRÐINGA

VARPA LJÓSI Á FYRSTU ÁR KRISTNI Á ÍSLANDI Guðný Zoëga fornleifafraeðingur og Guðmundur Sigurðarson fornleifafraeðingur hafa fundist bein fyrir um áratug, sem leitt hafi til þess að grunsemdir vöknudum um að djúpt ofan í moldinni gætu leynst hlutir sem varpað gætu ljósi á það sem áður var á svæðinu. Því hafi verið ráðist í uppgröft nú í sumar. Komið hafi á óvart hve vel svæðið var varðveitt þótt þar hafi verið lagður vegur, raf- og vatnslagnir. „Drátt fyrir það kemur þessi fallegi kirkjugarður í ljós og skáli.“



GIGTVEIKUR FYRIR ÞÚSUND ÁRUM Beinagrindur geta sagt mikið til um samfélagið sem þær lifðu í.

dæmis sýnt okkur hvort ungbarnadauði hafi verið mikill, hvort hungur eða sjúkdómur hafi herjað á fólk og margt fleira,“ segir hún.

Á vef Skagafjarðar kemur fram að grafirnar hafa verið teknar í einhverjum konar iveruhúsi. Þar er greint frá því að Steinsstaðir eru

sagðir landnámsjörð Hreiðars Ófeiggssonar sem lagði upp frá Noregi um árið 900. Hann hét á Þór að hann vísaði sér til lands á Íslandi og ákvað að fyrir því svæði myndi hann berjast væri það þegar byggt öðrum mönnum. Fór svo að Hreiðar kom í Skagafjörð og brotenti í Borgarfjöru. Fleiri íbúar voru í Skagafirði en Hreiðari var fljótleiga tilkynnt að óþarfi væri að berjast fyrir landi á svo fámennum stað, jafnvel þótt hann hefði heitið Þór því, og var honum fengið land sem náði að Borgarfjöru. Þykir fréttaritara Skagafirðinga sagan og uppgröfturinn, sem sýnir að þar í landi hefur svo fljótleiga verið reist kirkja eftir kristnitöku, til marks um að íbúar á Steinsstöðum hafi ávallt ræktað trú sína vel, hvort sem var í kristni eða heiðni. karen@frettabladid.is

Vígbúinir í kennslustundum: Kennarar vestra vopnast byssum

BANDARÍKIN Kennurum í skóla- umdæmi í Texas hefur verið heimilað að bera byssur við kennslu. Stjórn umdæmisins samþykkti hugmyndina einróma. Ekkert foreldri hefur hreyft andmælum, segir David Thweatt, yfirmaður umdæmisins.

Thweatt segir ákvörðunina öryggisráðstöfun. „Við höfum neyðarlæsingar og myndavélar, en hvað ef einhver kemst inn? Hvað gerum við þá?“

Tíðar skotárásir í skólum ytra hafa vakið spurningar um hvort rétt væri að leyfa nemendum að bera byssur sér til varnar. Það hefur hvergi verið samþykkt. - sh



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON Montnari en nokkru sinni segir í fréttabréfi Hrunamannahrepps.

Ítalskir fjömiðlar á villigötum: Sveitarstjórinn hækkaði í tign

FÓLK Hrunamenn eru ánægðir með þá athygli sem beinst hefur að leit útlendra og íslenskra áhugamanna að fjársjóðum musterisríðara á Kili.

„Hrunamenn henda gaman að því að fjallað hefur verið um þessi mál í íslenskum og ítölskum blöðum þar sem talað er um borgarstjórnann á svæðinu og þykir ýmsum vel í lagt í þeirri nafngift en kunnugir telja að sveitarstjórinn sé enn montnari en áður og var ekki á það bætandi,“ segir í Pésa, fréttabréfi Hrunamannahrepps. Það er sveitarstjórinn sjálfur, Ísólfur Gylfi Pálmason, sem er ritstjóri Pésa. - gar

LÖGREGLUFRETTIR

Brutust inn í Árbæjarskóla

Fjórir piltar á tvtvítugaldri voru handteknir í gærmorgun grunaðir um innbrot í Árbæjarskóla aðfaranótt laugardags. Því úr innbrotinu, þar á meðal skjávarpi, fannst í bifreið sem piltarnir voru allir saman í.

Nóttin róleg í miðborginni

Fremur rólegt var yfir miðbænum aðfaranótt laugardagsins. Einn gisti þó fangageymslur lögreglu og fjórir þurfa að greiða sektir fyrir slagsmál, rúðubrot og að kasta af sér vatni á almannafæri.

Rússar hafa ekki dregið herlið sitt frá Georgíu þrátt fyrir vopnahléssamkomulag:

Rússar enn djúpt í Georgíu

GEORGÍA, AP Dmitry Medvedev, forseti Rússlands, undirritaði í gær samkomulag um vopnahlé sem ætlað er að binda enda á átökin í Suður-Ossetíu- héraði í Georgíu. Mikhail Saakashvili, forsætisráðherra Georgíu, undirritaði samkomulagið kvöldið áður.

Herlið Rússa var hins vegar enn djúpt inni í Georgíu í gærkvöldi, þrátt fyrir samkomulagið, sem kveður á um að herir beggja landa skuli kallaðir aftur þangað sem þeir voru áður en átökin brutust út.

Rússar sitja enn um borgina Gori í miðri Georgíu og borgina Senaki í vestri. Með því að sitja um Senaki loka þeir leiðum til og frá hafnarborginni Poti sem og vegum norður til Abkasiu.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fullyrta að Rússar myndu efna vopnahléssamkomulagið, en vildi ekki gefa upp hversu langan tíma það tæki að draga herliðið frá Georgíu. Fyrst þyrfti að huga að ýmsum öryggisatriðum, meðal annars að styrkja varnir á aðliggjandi svæðum.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að mikilvægt væri að Rússar efndu samkomulagið, en



GOLÍAT OG DAVÍÐ Rússneskir hermenn ræða við georgískar konur á veginum inn í Gori í miðri Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

undirritun þess væri skref í rétta átt.

Átökin brutust út fyrir tíu dögum þegar Georgíu- her gerði skyndiáhlaua á Suður-Ossetíu. - sh

كُنَى

Glæsimarcaður í Perlunni,
laugardaginn 30. ágúst kl. 10-18

Ef þú átt vandaðan notaðan kven-, herra- eða barnafatnað, skó, töskur, skart eða fallega muni getur þú með einföldum hætti látið gott af þér leiða.

Tekið er á móti fatnaði og munum að Síðumúla 15 (baka til) mánudaga til laugardaga kl. 12-18.

Fatnaðurinn verður seldur á glæsimarcaði í Perlunni þann 30. ágúst. Allur ágóðinn rennur óskiptur til uppbyggingar á skóla fyrir börn og konur í Jemen, fátækasta ríki arabaheimsins.

Verkefnið er á vegum Jóhönnu Kristjónsdóttur

Eigðu afganginn!

Þeir sem bera saman verð og gæði velja Volkswagen



Volkswagen Passat	Toyota Avensis	Ford Mondeo
Comfortline 1,8 TSI – Sjálfskiptur, bensín	Sedan Sol 1,8 – Sjálfskiptur, bensín	Sedan Titanium 2,0 – Beinskjöttur, bensín
Verð: 3.570.000 kr.	Verð: 3.770.000 kr.*	Verð: 4.090.000 kr.*
Eyðsla: 8,2 l / 100 km. Bl. akstur	Eyðsla: 9,4 l / 100 km. Bl. akstur	Eyðsla: 7,9 l / 100 km. Bl. akstur
Hestöfl: 160	Hestöfl: 129	Hestöfl: 145
Sjálfskipting: 6 gíra DSG	Sjálfskipting: 4 gíra	Sjálfskipting: Nei
Skríðstillir: Já	Skríðstillir: Já	Skríðstillir: Já
ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já
Hiti í framsætum: Já	Hiti í framsætum: Já	Hiti í framsætum: Já
Nálgunarskynjarar: Já	Nálgunarskynjarar: Nei	Nálgunarskynjarar: Já
Regnskynjarar: Já	Regnskynjarar: Já	Regnskynjarar: Nei
Álfelgur: 16"	Álfelgur: 16"	Álfelgur: 16"
Leðurstýri: Já	Leðurstýri: Nei	Leðurstýri: Já
Aðkomuljós: Já	Aðkomuljós: Nei	Aðkomuljós: Já

Þegar þú velur Passat fram yfir Avensis eins og í dæminu hér til hliðar er „afgangurinn“

200.000 kr.

Þegar þú velur Passat fram yfir Ford Mondeo er „afgangurinn“

520.000 kr.

*samkvæmt verðlista viðkomandi umboðs

Fáðu þér betri bíl og sparaðu háar fjárhæðir í leiðinni

Þegar þú berð saman verð og gæði kemur í ljós að þú færð betri bíl og sparar um leið háa fjárhæð ef þú velur Volkswagen. Það er ótrúlegt en satt en nýr Passat, með öllum sínum gæðum og búnaði, kostar minna en aðrir bílar í sama flokki. Ekki spillir fyrir að þú þarft aðeins að greiða 20% út, t.d. með uppistöku, og færð það sem upp á vantar að fullu lánað í erlendri mynt. Komdu núna og tryggðu þér Passat – og gerðu það sem þú vilt við afganginn.



Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,02	82,42
Sterlingspund	152,30	153,04
Evra	120,71	121,39
Dönsk króna	16,182	16,276
Norsk króna	15,104	15,192
Sænsk króna	12,909	12,985
Japanskt jen	0,742	0,7464

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,7371
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Oddviti sjálfstæðismanna segir niðurstöður endurspepla óánægju borgarbúa:

Breytist ekki á einni nóttu

SKOÐANAKÖNNUN „Þessar niðurstöður koma ekki á óvart enda endurspepla þær eðlilega óánægju meðal borgarbúa vegna ástandsins sem ríkt hefur í borgarstjórn undanfarið ár,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur og verðandi borgarstjóri.

„Nýr meirihluti varð hvorki til vegna skoðananna né fyrir þær heldur einungis til að tryggja að Reykjavíkurborg gæti unnið að málefnum borgarbúa með kröftugum og farsælum hætti,“ segir Hanna Birna.

„Sjálfstæðisflokksins bíður það verkefni að endurvekjast traust sitt meðal borgarbúa,“ segir hún. „Það gerist ekki á einni nóttu en með nýjum meirihluta skapast góðar forsendur til að endurvinna það traust með styrkri stjórn og góðum verkum.“

Hanna Birna telur þá staðreynd að fleiri segist

UNDRAST ORÐ ÓLAFS

Hanna Birna kveðst undrast ummæli Ólafs F. Magnússonar, fráfandi borgarstjóra, um að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi hafi átt frumkvæði að því að húsinn við Laugaveg fjögur til sex voru keypt til þess að bjarga menntamálaráðherra úr snörinni.

Aðspurð um hver átt hafi frumkvæðið að því að húsinn voru keypt segir Hanna Birna að það hafi verið sameiginleg ákvörðun fráfandi meirihluta.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

ekki ætla að kjósa og mjög lágt svarhlutfall endurspeglar umræðuna um ástandið sem ríkt hafi í borgarmálum undanfarið ár.

Mannskætt illviðri í Evrópu:

Fárviðri kostar sex manns lífið

VARSIÁ, AP Fárviðri í Mið-Evrópu hefur kostað minnst sex manns lífið síðustu daga. Pólland fór verst út úr stormviðrinu, en þar létust þrír og 34 slösuðust þegar hvirfilbylur reif þök af húsum á föstudag, feykta trjám um koll og blés bílum um koll.

Tveir fundust látnir í austurrísku Ólpunum í fjögur þúsund metra hæð í gær. Yfirvöld segja mennina, Hollending og Bret, hafa frosið í hel þegar stórhrið reið yfir á föstudag.

Þá lést fjallgöngukona á föstudag í Austurríki þegar tré féll á hana á meðan hún skýldi sér frá hagléli.

Dagur B. Eggertsson:

Pungur dómur fyrir skollaleik

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta er þungur dómur fyrir nýjan meirihluta og skollaleikinn sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir að undanfögnu ásamt gesta-leikurum sínum,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn.



„Mér finnst heilbriggt að borgarbúar lýsi andúð sinni afdráttarlaust en þetta er jafnframt hvatning til okkar að halda okkar striki og veita áfram málefnalegt og uppbyggilegt aðhald,“ segir Dagur.

Dagur segir að þessir atburðir megi ekki gleymast. „Við stefnum ótrauð til kosninga 2010.“

Svandís Svavarsdóttir:

Nýr meirihluti er umboðslítil

STJÓRN MÁL „Þessar tölur bera það náttúrulega með sér að Reykvíkingar vilja ekki þennan meirihluta frekar en þann sem er að fara frá.“



Þær bera líka með sér þau skilaboð til Sjálfstæðisflokksins að hann er að hanga á völdunum langt umfram það umboð sem hann hefur,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.

„Ég er mjög ánægð með fylgið sem mælist hjá okkur. Við munum veita umboðslitla meirihlutunum öflugt viðnám. Óskar Bergsson og sjálfstæðismenn eiga töluvert verkefni fyrir höndum að byggja upp traust innan sinna flokka.“

Nýi meirihlutinn fær fjóra borgarfulltrúa

Samfylking fengi átta borgarfulltrúa kjörna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Sjálfstæðisflokkur næði inn fjórum mönnum og Vinstri græn tveim. Framsóknarflokkur og Frjálslyndir fengju ekki fulltrúa kjörinn í borgarstjórn.


SKOÐANAKÖNNUN Fylgi flokka breytist lítið frá könnun Capacent sem kynnt var fyrir síðustu helgi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Í millitíðinni slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra og óháðra og komu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sér saman um meirihlutasamstarf í borginni.

Samfylking er, líkt og í tveimur síðustu könnunum blaðsins, stærsti flokkurinn. 46,8 prósent segjast myndu kjósa flokkinn og gæti hann samkvæmt því náð hreinum meirihluta með átta borgarfulltrúum. Borgarfulltrúar Samfylkingar eru nú fjórir, en flokkurinn hlaut 27,4 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins heldur áfram að dala frá síðustu könnunum blaðsins. 27,9 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn og yrðu borgarfulltrúar flokksins samkvæmt því fjórir. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru nú sjö eftir að flokkurinn hlaut 42,9 prósent atkvæða. Það að slíta meirihlutasamstarfi við Ólaf F. Magnússon virðist því ekki duga eitt og sér til að auka fylgi flokksins.

Vinstri græn myndu bæta við sig þriðja manni inn í borgarstjórn samkvæmt könnuninni, en borgarfulltrúar flokksins eru nú tveir. 17,7 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú, en kjölfylgi hans er 13,4 prósent.

Aðrir flokkar myndu ekki koma að fulltrúa í borgarstjórn, samkvæmt könnuninni. 4,5 prósent segjast styðja Framsóknar-



flokkinn, sem er örlítið meira en í síðustu könnun blaðsins í maí, þegar flokkurinn hafði 3,9 prósent fylgi. Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins, myndi því ekki ná inn, en Framsóknarflokkurinn hlaut 6,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Þá myndi Ólafur F. Magnússon, fráfandi borgarstjóri, ekki heldur ná kjöri, en 3,0 prósent segjast nú myndu kjósa Frjálslynda flokkinn. Þrátt fyrir að Ólafur sé ekki í Frjálslynda flokknum var hann í efsta sæti Frjálslynda flokksins og óháðra fyrir síðustu kosningar, sem hlaut 10,1 prósent atkvæða. Í

síðustu könnun blaðsins sögðust 4,2 prósent myndu kjósa flokkinn. Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri laugardaginn 15. ágúst og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 55,5 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar. Athygli vekur að 17,5 prósent aðspurðra segjast ekki myndu kjósa eða skila auðu væri gengið til borgarstjórnarkosninga nú. Í síðustu tveimur könnunum var hlutfallið um tíu prósent.

Óskar Bergsson:

Höfum náð viðspyrnunni

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta eru skiljanleg viðbrögð miðað við hversu stutt er síðan umrót varð í borgarstjórn Reykjavíkur,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

„Reykvíkingar eru orðnir langþreyttir á stöðugum meirihlutaskiptum.“ Óskar segir fylgi Framsóknarflokksins ekki

viðunandi en þó séu niðurstöðurnar betri en í síðustu skoðanakönnun Gallup.

„Mjór er mikils vísir og ég er sannfærður um að við höfum náð viðspyrnu með því að mynda nýjan starfhæfan meirihluta í borginni,“ segir Óskar.

Ólafur F. Magnússon:

Kjösendur átta sig á refsakák

STJÓRN MÁL „Í fljótu bragði sýnist mér að meirihlutaskiptin leggjast almennt ekki vel í borgarbúa,“ segir Ólafur F. Magnússon, fráfandi borgarstjóri.

„Kjösendur virðast gera sér grein fyrir því að síðustu meirihlutaskipti í Reykjavík eru hluti af refsakák Sjálfstæðisflokksins allt frá því að flokkurinn myndaði meirihluta með F-listanum grundvallaðan á málefnaþingi sem sjálfstæðismenn hafa greinilega aldrei ætlað að standa við. Staða F-listans virðist ekki hafa breyst en ég er þess fullviss að hún verði betri þegar á liður.“

Söngelskar konur

Kvennakór Garðabæjar getur bætt við sig söngelskum konum í allar raddir. Kórstjóri er Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona.

Fjölbreytt lagaval
Frábær félagsskapur
Metnaðarfullt kórstarf
Lágmarks fjáröflun

Áhugasamar hafi samband við Ingibjörgu í síma 864 2722 eða á netfangið kvennakor@kvennakor.is

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu kórsins www.kvennakor.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

BEST NYRÐRA
Í gær fór hitinn í 21,2 °C á Raufarhöfn og 20,3 °C í Ásbyrgi. Í dag verður áfram hlýjast á norðanverðu landinu, allt að 20 stig, og þar verður líka bjartast. Á þriðjudag eru horfur á að léttu til vestan til en fram að því má búast við vætu þar og einnig sunnan til.

Á MORGUN
Hæg, breytileg átt.

ÞRIÐJUDAGUR
Hæg, breytileg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	22°
Billund	20°
Ósló	20°
Stokkhólmur	23°
Gautaborg	24°
London	19°
Paris	25°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	23°
Berlín	21°
Alicante	29°
Mallorca	33°
Basel	24°
Eindhoven	23°
Las Palmas	26°
New York	28°
Orlando	32°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Margfaldur dúx

Fljúgðu í gegnum námið með ThinkPad

ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Hún er nett, létt og ótrúlega öflug. Allt að 5 stunda rafhlöðuending, skarpur skjár og vefmyndavél. Góð afköst á frábærum kjörum.

- Yfirburðataekni
- Frábærlega endingargóð
- Lág bilanatíðni
- Vegur aðeins 2,5-2,9 kg
- Innbyggð vefmyndavél
- Allt að 9 stunda rafhlöðuending

Mest verðlaunaða fartölva sögunnar!*

Sölustaðir ThinkPad eru: Verslanir Nýherja í Reykjavík og á Akureyri, verslanir Símans, Elko, TRS, Tölvun, Omnis, Tengill, Netheimar, Martölvun, Ráðbarður og Hrannarbúðin.



FALLVÖRN



GAGNABJÖRGUN
MED EINUM TAKKA



LENGRI
RAFHLÖÐUENDING



VÖKVAPOLID OG
UPPLÝST LYKLABORD



INNBYGGÐ
VEFMYNDAVÉL

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

Kíktu á ThinkPad.is og skoðaðu úrvalið!


NÝHERJI

*<http://news.lenovo.co.uk/news.nsf>

KJÖRKASSINN



Er rétt af Marsibil Sæmundar-dóttur að styðja ekki nýjan meirihluta í Reykjavík?

Já 63%
Nei 37%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Horfir þú á leiki íslenska hand-boltalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Brugðist við samdrætti:

Minnka útgjöld á Álftanesi

SVEITARSTJÓRNIR Draga á úr útgjöldum á Álftanesi til að mæta fyrirjábanlegum samdrætti í



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

skatttekjum sveitarsjóðsins. „Þrátt fyrir almennt góðan rekstrarárangur á fyrri hluta ársins er ástæða til að ætla að skatttekjur verði lægri á síðari helmingi ársins vegna versnandi atvinnuhorfa og að kostnaður aukist vegna verðbólgu og nýrra kjarasamninga,“ segir bæjarráð Álftaness sem ætlar meðal annars að draga úr yfirvinnu, spara í innkaupum, draga úr vaxtakostnaði og hækka gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins. - gar

Mátunarklefar í Svíþjóð:

Galdraspegill sýnir fatnaðinn

SVÍÞJÓÐ Ný gerð af spegli, sem væntanleg er í mátunarklefa í verslunum erlendis, er svo tæknileg að viðskiptavinirnir þurfa ekki að máta oft heldur getur nægt að gera það einu sinni.

Spegillinn hefur innbyggða myndavél. Þegar viðskiptavinur mátar fatnað í fyrsta skipti tekur hann myndir og leggur útlit og hreyfingar á minni. Ef viðskiptavinurinn vill síðan prófa annan lit eða skipta um númer getur hann ýtt á hnapp og þá sér hann í speglinum hvernig flíkin kemur út á líkamanum. - ghs

Héraðsdómur sýknar mann af ákæru um líkamsárás og kynferðislega áreitni:

Karl mátti flengja litla drengi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur sýknað mann sem ákærður var fyrir að bera olíu á rass tveggja drengja, fjögurra og sex ára, og flengja þá. Ákærvaldið taldi háttsemina vera minniháttar líkamsárás og kynferðislega áreitni.

Drengirnir eru synir þáverandi kærustu mannsins. Upp komst um athæfið þegar drengirnir spurðu föður sinn hvers vegna hann flengdi þá ekki þegar þeir væru óþægir. Hann hafði þá samband við lögreglu. Maðurinn segist hafa hneigið til flenginga í kynlífi, en flengingar drengjanna tengist því á engan hátt.

Dómarinn kemst að þeirri niðurstöðu að þótt það sé skoðun hans „að það sé óheppilegt og óæskilegt að flengja börn, [sé] varhugað að slá því föstu [...] að það falli ætíð undir það að vera yfirgangur, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi.“

Maðurinn var einnig ákærður fyrir að slá móður drengjanna ítrekað með beltisól á beran rass og læri þannig að hún meiddist. Bæði báru þau að það hefði verið gert með hennar samþykki sem hluti af kynlífsleik. Þau greindi hins vegar á um hvort maðurinn hefði gengið lengra í leiknum en samþykki konunnar stóð til.

FLENGINGAR ERU EKKI RUDDALEGAR

- Maðurinn flengdi tvo unga drengi nokkrum sinnum.
- Hann barði móður þeirra ítrekað með beltisól í kynlífsleik.
- Dómarinn segir flengingar ekki ruddalegar eða ósiðlegar, þótt „almennt séð varði það við [lög] að slá mann nauðugan á rassinn með flötum lófa svo að undan roðnar“.

Dómarinn telur ekki sannað að svo hafi verið. - sh

Umsóknir nektardansstaða:

Ekki tekur fyrir í borgarráði

REYKJAVÍK Borgarráð frestaði að ræða umsóknir nektardansstaðanna Óðals og Vegas um undanþágur við banni við nektardanssýningum á fundi sínum í vikunni.

Ólafur F. Magnússon, fráfaraandi borgarstjóri, sat ekki fundinn en hafði lýst yfir vilja til að takmarka starfsemi nektardansstaða eins og kostur væri.

Dómsmálaráðuneytið felldi úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi um að synja súlustaðnum Goldfinger um leyfi til nektarsýninga. Í kjölfarið taldi lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu rétt að senda umsóknir staðanna til borgarráðs á ný. - ht

Móðir las um ofbeldi barnsföður í blöðum

Dóttir grunaðs ofbeldismanns dvaldi reglulega á heimili hans meðan á lög-reglurannsókn stóð. Móðirin frétti af alvarleika meintra brota mannsins í fjölmiðlum. Hún hefur ákveðið að láta dóttur sína ekki frammar í hans hendur.

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri, sem grunaður er um að hafa beitt sambyliskonu sína alvarlegu og langvinnu ofbeldi, á tólf ára dóttur úr fyrra sambandi. Hann hefur umgengnisrétt yfir henni og hefur hún dvalið hjá honum reglulega eftir að lögregla fékk mál hans til rannsóknar.

Mál mannsins komst í fjölmiðla þegar Hæstiréttur hafnaði beiðni lögreglu um nálgunarbann yfir honum. Hann er meðal annars grunaður um að hafa látið ókunnuga karlmenn hópnauðga sambyliskonu sinni og taka það upp á myndband.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að móðir stúlkunnar undrist að lögregla hafi ekki haldið barnaverndaryfirvöldum upplýstum um gang rannsóknarinnar frá því að málið kom fyrst upp í september. Þá beindist rannsóknin að einu afmörkuðu ofbeldistilfelli, en síðan hafa upplýsingar um mun fleiri og alvarlegri brot komið upp á yfirborðið.

Barnaverndarnefnd hafði samband við móðurina í september eftir ábendingu frá lögreglu, sem leiddi til þess að umgengnisrétturinn var skertur og stúlkán hætti að dvelja hjá föður sínum um nætur.

Það var síðan ekki fyrr en hæstiréttur hafnaði beiðni um nálgunarbann sem móðir stúlkunnar las um það í fjölmiðlum hve alvarleg brot væri um að ræða. Hún hafði þá samband við barnaverndaryfirvöld og tók í kjölfarið ákvörðun um að láta dóttur sína ekki frammar í hendur mannsins.

Halldóra Gunnarsdóttir hjá Barnavernd Reykjavíkur segist ekki geta tjáð sig um málið sem slíkt. „Öllu jöfnu hvetjum við fólk til að virða alltaf samkomulag um umgengni þegar allt er talið í lagi, en við aðstæður þar sem er rökstuddur grunur um mikið ofbeldi á heimilinu sem barnið er að fara á getum við sem barnaverndarstarfsmenn ekki annað en ráðlagt fólk að láta börnin ekki fara.“



FÖRNARLAMB OFBELDIS Dóttir mannsins hefur fram að þessu dvalið reglulega hjá honum og er talin hafa orðið þar vitni að ofbeldi. Myndin tengist málinu ekki beint. NORDICPHOTOS/GETTY

Hún segir mál af þessu tagi jafnan flókin, þegar barn hefur ekki lögheimili á heimilinu. Forráðamenn þurfi sjálfir að bera sig eftir því við sýslumenn að fá umgengnisréttinum breytt eða láta afnema hann.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir samskipti við barnaverndaryfirvöld yfirleitt afar góð og reynt sé að halda þeim upplýstum meðan á rannsókn standi. Hann segist ekki geta sagt til um hvort þetta tiltekna mál gefi tilefni til að taka samskiptin til sérstakrar skoðunar. - ht

stigur@frettabladid.is



BETRI STRÆTÓ Björg Magnúsdóttir og Kári Hólmur Ragnarsson afhentu borgarfulltrúum áskorun um að bæta þjónustu Strætó fyrir fund borgarráðs.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

Hvetja ráðið til að efla strætó


REYKJAVÍK „Við viljum með þessu hvetja borgarráð til þess að hafna hugmyndum stjórnar Strætós bs. um að skerða þjónustuna verulega,“ segir Kári Hólmur Ragnarsson, fulltrúi í Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Stúdentaráðsliðar afhentu borgarfulltrúum nýlega áskorun þar sem kallað er eftir góðri þjónustu með tíðum ferðum og þéttu leiðakerfi strætó.

„Gangi þetta eftir er það klárt skref aftur á bak,“ segir Kári Hólmur. „Það ynni gegn samstarfi okkar um frítt í strætó með því að gera strætó að ónothæfum valkosti.“ - ht

ÁRÉTTING

Vegna forsiðufréttar í gær um að vinningstillaga um höfuðstöðvar Landsbankans verði umdeild telur Margrét Harðardóttir arkitekt að fyrirsögn á forsiðu hafi verið villandi og ekki í samræmi við ummæli í viðtalinu. „Enginn getur sagt fyrir um það hvar deilur rísa og vonandi er slíkt liðin tíð, því það skilar engu,“ segir Margrét.



Bjallan glymur

Nýnemar eru boðnir velkomnir í skólasetningu og kynningu á skólanum **miðvikudaginn 20. ágúst**

að Skólavörðuholti kl 13.30 í matsal nemenda á 3. hæð.

Stundartöflur verða afhentar eldri nemum kl 15.00 sama dag.

Aðstoð við innritun í kvöldskóla fer fram mánudaginn 18. ágúst og þriðjudaginn 19. ágúst milli

klukkan 17:00 – 18.30. Kennarar og skólustjórar hjálpa til við val og samsetningu stundatöflu.

Aðstoðin fer fram í matsal Tækniskólans á Skólavörðuholti og er hann staðsettur á þriðju hæð.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Tækniskólinn býður upp á öflugt og fjölbreytt úrval tækni- og iðnmenntunar ásamt námi til stúdentsprófs. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsvið, sem saman mynda einn öflugasta framhaldsskóla landsins.

Tækniskólinn leggur ríka áherslu á alþjóðleg samskipti í námi og starfi sem veitir nemendur og kennurum aukin tækifæri.

Við hlökkum til að sjá ykkur
starfsfólk Tækniskólans

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Tenerifeveisla

Ótrúleg sértillboð
í janúar og febrúar

frá **55.350** kr.*

– frábær gisting með „öllu inniföldu“

frá **77.250** kr.**

Aðeins 250 sæti
á einstökum kjörum!

Takmarkað sæta- og gistiframboð á sértillboðskjörum
á hverri dagsetningu.

Tryggðu þér lægsta verðið
og vinsælustu gististaðina!

Heimsferðir bjóða ótrúleg sértillboð á ferðum til Kanaríeyjunnar vinsælu Tenerife í janúar og febrúar. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vetrarfrí í sólinni á hreint frábærum kjörum. Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði á hverri dagsetningu – þannig að það er um að gera að bóka strax. Fjölbreytt úrval gististaða í boði á hreint ótrúlegum kjörum!

Bókaðu núna á
www.heimsferdir.is



★★★★+

El Duque

Mjög rúmgóðar stúdíóíbúðir & íbúðir með 1 svefnherbergi

Frá kr. **58.650**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Sértillboð 27. janúar.

Frá kr. **73.700**

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó í viku. Sértillboð 27. janúar.

Frábært íbúðahótel

- fjölbreytt aðstaða & góður aðbúnaður



★★★★

Jacaranda

Hótelherbergi með „öllu inniföldu“

Frá kr. **77.250**

***) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu“. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið í viku kr. 88.800. Sértillboð 27. janúar.

Frábær gisting

– ótrúlega fjölbreytt aðstaða
– einstakur valkostur!



Cristian Sur

Íbúðir með 2 svefnherbergjum

Frá kr. **61.700**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn, 2-11 ára, í íbúð m/2 svefnherbergjum í viku. Sértillboð 27. janúar.



Hotel Bahia Principe

★★★★+

„Junior suite“ með „öllu inniföldu“

Frá kr. **89.650**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í „junior suite“ í viku með allt innifalið. Verð m.v. 2 í „junior suite“ með allt innifalið í viku kr. 117.000. Sértillboð 27. janúar.

Glæsileg gisting

– frábær aðbúnaður og þjónusta. Glæsilegur valkostur!

Tryggðu þér sæti – bókaðu strax!

*) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku á Barranco. Sértillboð 27. janúar.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Stríðið í Georgíu: Refsivöndur Moskvuvaldsins

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Fyrir þá sem muna eftir fréttamyndum frá tétenska höfuðstaðnum Grosní var það kunnugleg sjón sem blasti við á þeim myndum sem bárust á síðustu dögum frá georgísku borginni Gori: Algjör eyðilegging. Þegar rússneski herinn ræðst til atlögu í Kákasus þá eirir hann engu. Lítið virðist fara fyrir vilja til að reyna að hlífa óbreyttum borgurum. Ef hersveitir á vegum NATO yrðu uppvísar að samþærilegri framgöngu yrði það að stórhneyksli.

Átökin um georgísku aðskilnaðarhéruðin Suður-Ossetíu og Abkasíu eiga sér tveggja áratuga aðdraganda – og reyndar enn lengri, ef seilt er aftur fyrir tilurð Sovétríkjanna fyrir níu áratugum. Valdhafar í Moskvu hafa í tvær aldir lítið á Kákasus-svæðið sem sitt áhrifasvæði. Það er því ekkert nýtt að Moskvuvaldið líti á það sem ögrun við sig ef þjóðir á þessu áhrifasvæði reyna að brjótask út úr því. En það er einmitt það sem Georgíumenn hafa verið að reyna að gera. Vegna landfræðilegrar legu Georgíu hafa þeir hins vegar átt erfiðara með að fá haldgóðan stuðning Vesturlanda við þá viðleitni sína, auk þess sem aðskilnaðarhreyfingarnar gera það flóknara að veita slíkan stuðning.

Það er einmitt af þessum orsökum sem Eyrstrasaltsþjóðirnar þrjár – sem tókst að nýta tækifærið þegar Moskvuvaldið var veikt til að losna undan því – finna mjög til með Georgíumönnum. Það gera reyndar allar þjóðirnar sem á dögum kalda stríðsins voru undir hæl Moskvuvaldsins en hlutu frelsi undan því við hrun Sovétríkjanna.

Ráðamenn í Washington hafa einnig verið ómyrkir í máli í gagnrýni sinni á framgöngu Rússa, enda hafa hin lýðræðislega kjörnu stjórnvöld í Tíflís – ef til vill í óraunsærri einfeltni – sett allt traust sitt á þann óskabandamann sinn handan Atlantshafsins. Ljóst er að minnsta kosti að óraunsæi einkenni þá ákvörðun að efna til árásar á höfuðstað Suður-Osseta, Tskhinvali, burtséð frá því hvaða ögranir leiddu til hennar, enda voru Rússar ekki seinir að nota hana sem átyllu til að beita refsivendum af alefli.

Moskvuvaldið – sem nú hefur tvöfalda ásjónu; annars vegar er Vladimir Pútín forsætisráðherra, maðurinn sem gefur hernum fyrirskipanir, og hins vegar Dmítrí Medvedev forseti, sem tekur mjúkmáll á móti vestrænum erindrekum – hefur fengið sínu framgengt og sýnt Vesturlöndum hversu lítið þau geta aðhafzt í raun til að koma Georgíumönnum til aðstoðar.

Því miður tilheyrir það áætlun Pútíns um endurreisn þjóðarstólts Rússa að líta á Vesturlönd sem óvin sem vinni stöðugt að því að „umkringja“ Rússland og „halda því niðri“. Samkvæmt þeim redbings-hugsunarhætti liggur helzta víglína þessarar baráttu nú í fyrirverandi Sovéttýðveldum, einkum og sér í lagi í Úkraínu og Georgíu þar sem komizt hafa til valda öfl sem kjósa frekar vinsamleg tengsl í vestur en hollustu við valdhafa í Moskvu.

Það er áhyggjuefni að samskipti Vesturlanda við Rússland spillist umfram það sem þegar er orðið. En engu að síður er það nauðsynlegt að Vesturlönd og samtök þeirra, einkum Evrópusambandið og NATO, bregðist af festu og samstöðu við yfirgangi Rússa gegn fullveldi Georgíu og frelsi Georgíumanna til að velja sér bandamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Armannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Varahlutir og þjónusta !



Eigendur !
 Hafið samband
 sem fyrst....



impex

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sagnfræðing á sárið

Komið er að stund syndaflausnar hjá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks. „Við borgarfulltrúar erum trúnaðarmenn kjósenda og höfum ekki staðið okkur sem slíkir síðustu 10 mánuði,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir á bloggsíðu sinni og heldur svo áfram: „Allir eru sekir á einn eða annan hátt. Sagnfræðingar eru líklega best fallnir til að draga þetta allt saman síðar meir þegar rykið sest.“ Þeir sem lásu virtust ekki ætla að sleppa henni með því að setja sagnfræðinga á sárið og sagði einn þeirra í færslu sinni að líklegast væru kjósendur betur til þess fallnir að dæma um sekt og sýknu í málinu.



Ógeðslega fin umræða

Meðan sumir virðast vera til í að leggja allt í sölnurnar til að komast til valda komast aðrir í bobba mikinn þegar þeim er kippt í meirihlutasamstarf. Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfulltrúi Óskars Bergssonar, segir á visir.is að Óskar sé „ógeðslega fúll“ út í sig þar sem hún ætli ekki að starfa með meirihlutunum. Þetta er skemmtileg nýlunda í íslenski stjórnmaláumræðu og nú er bara að bíða eftir því að heyra af „böggi“ í einhverjum borgarfulltrúunum.



Gæta skal orða sinna

Aðrir taka hluti hins vegar of bókstaflega í umræðunni. Guðni Ágústsson lét til dæmis hafa eftir sér að sjálfstæðismenn hefðu „stolið“ Ólafi F. úr Tjarnarkvartettinum. Magnús Þór Hafsteinsson túlkar það svo á blogg-síðu sinni að þar með séu sjálfstæðismenn þjófar og mannræningjar. Menn ættu því að vara sig á því að segja einhvern hafa stungið sig í bakið þó að sá hinn sami sé sekur um svik. Hvernig skyldi Magnúsi verða um þegar hann heyrir eitthvað slíkt?

js@frettabladid.is

Óðurinn til gleðinnar



Eftir Kristján B. Jónasson

Þjóðsöngur Evrópusambandsins er Óðurinn til gleðinnar eftir Beethoven og hefur verið svo síðan 1972 þegar sambandið hét enn Efnahagsbandalag Evrópu. Á Evrópuþeginum 9. maí, þjóðhátíðardegi Evrópusambandsins, sem er opinber frídagur víða um álfuna, er Evrópusöngurinn í sérstöku aðalhlutverki, enda er hann ásamt gyllta stjörnuhringnum á bláa grunninum eitt af fáum sameiningartáknum sambandsins. Raunar hefur það ekki brugðist að íslenska ríkisútvarpið minnst þessa dags hvert ár með því að leika hinn stórbrotna kafla úr 9. símfóníunni þar sem kórinn hefur upp raust sína og syngur við texta Friedrichs Schiller um „goðaneistann“ gleðina, þessa „dóttur Ódáinsvalla“, hina miklu gyðju í hverrar heilaga hof við göngum „elddrukkin“.

Þótt Beethoven kunni að blása hárómantískri hetjulund í brjóst einhverra Evrópubúa eru loftköst andans sem þjóðsöngur ESB lýsir ekki þau viðbrögð sem umræðan um sambandið tekur alla jafna á sig. Íslendingar, jafnvel yfirlýstir stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar, nálgast umræðuefnið með köldu hjarta, enda enginn skortur á áminningum um að mögulega inngöngu Íslands í ESB verði að ræða á yfirveguðum nótum, slíkt verði að

vera vandlega undirbúið, menn verði að kunna að fóta sig í margvíslegum með- og mótrökum, sem flest bera að efnahagsbrunninum – Evrópa er heimisálfa efnahagsins.

Íslendingar hafa hins vegar í gegnum EES-samninginn mikla reynslu af samstarfi við stofnanir ESB og ýmsar áætlanir sambandsins í málefnum mennta, tækniþróunar og menningar. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hérlendis hafa notið styrkja og stuðnings frá yfirþjóðlegum samstarfsverkefnum og kynnst náð hvernig slíkt gengur fyrir sig, náð að skiptast á hugmyndum og þekkingu við evrópska bræður og systur. Starfsumhverfi og réttarumhverfi hugverka hérlendis er að stærstu leyti sniðið að viðmiðum og lögum ESB og raunar mun öll umræða og ákvarðanatáka um slík mál í Brussel á endanum hafa áhrif á íslenska löggjöf. Hins vegar miðast umræðan um þessi mál innan Evrópusambandsins oftast, líkt og hér heima, við tæknileg útfærsluatriði og snertir oftast hinar fjórar grunnstoðir innri markaðarins sem kveða á um frjálst flæði vinnuafis, þjónustu, fjármagns og vöru, en viðmið í menningarlegum efnum. Samskipti stjórnardeildar innri markaðar og þjónustu ESB, sem og stjórnardeildar upplýsingasamfélagsins, við bókaútgáfu, kvikmyndaframleiðslu og fjölmiðlun

eru ágætt dæmi um hvernig menningarvettvangurinn er í raun efnahagslegur vettvangur í huga framkvæmdastjórnarinnar. Fyrir vikið verður öll vinna hjá þeim fyrirtækjum og samtökum sem byggja á sköpun og miðlun hugverka að miða sig við þau

öguðu og kannski að sumu leyti skematísku vinnubrögð sem hljóta að vera fylgifyrkur þess að stýra hinum víðáttumikla og fjölmenna innri markaði ESB. Þrátt fyrir að hérlendis aðilar hafi þegar allmikla reynslu af samskiptum á þessu evrópska agaplani er það sannarlega mjög á skjön við hið margrömaða flýtiflerli vikingseðlisins sem eitt sinn var talinn grundvöllur hins íslenska efnahagsundurs.

Spurningin um hvort Íslendingar geti gengið í ESB af menningarlegum ástæðum heyrir ákaflega sjaldan en ætti að vera eðlileg spurning því á endanum mun slagurinn um þjóðaratkvæðagreiðsluna vinnast á þeim forsendum. Það er auðvelt að segja að við þurfum að taka upp evru, enda virðast flestir sammála nú þegar um að slíkt verði gert innan næsta áratugar hið minnsta. En er fólk tilbúið að syngja með Óði gleðinnar og kalla hann þjóðsöng sinn? Sjá bláa fánann með gylltu stjórnunum á öllum stjórnarbyggingum, sjá sama fána á númeraplötunum og vegabréfunum? Því þegar umsóknarferlið fer í gang og stjórnmalamenningin verða búnir að samþykka fiskveiðikvótana fyrir Portúgali og Spánverja og byggðastyrkina fyrir Melrakkasléttu kemur að lokaarrustunni: Hún verður um hvort við séum yfirleitt Evrópubúar eða ekki, hvort við séum í grundvallaratriðum svo ólík íbúum meginlands og breskra og suðurevrópskra eyja að við getum ekki sjálfsmýndar okkar vegna gengið í ESB. Þetta er eðlileg spurning fyrir nýfrjáls ríki sem hafa byggt tilverur sitt sinn í kringum „tilfinningarök“ á borð við sjálfstæði, þjóðsöng, fána og sérstöðu þjóðernis og eðlis í stórum heimi. Hvað varðar innri gerð samfélagsins, samstarf við Evrópuþjóðir á vettvangi menningar, tækni, vísinda og mennta, er nánast ekkert í veginum fyrir að næsta skref verði stigið, það myndi án efa verða íslenski menningu fremur til heilla en hitt. En hvort við göngum „elddrukkin“ af háleitum hugsjónum inn í ESB í þeirri von að geta sprangað um á „Ódáinsvöllum gleðinnar“ er önnur saga. Umræðan um efnahagsmálin hefur þegar skipast á þann veg að aðild að ESB sé óhjákvæmileg. Nú er það næsta skref að máta sig við stefnumörkun sambandsins á vettvangi andans. Samkvæmt yfirlýsingu stjórnardeildar mennta- og menningarmála ESB frá árinu 2007 hefur menningarstefna framkvæmdastjórnarinnar eftirtalin markmið: Uppbyggingu evrópsks þekkingarsamfélags, þróun evrópsks menningarsvæðis og að efla þátttöku borgaranna í samþættingu Evrópu. Er rúm fyrir Íslendinginn í þessari mynd?

Höfundur er bókaútgefandi og formaður Félags íslenskra bókaútgefa.



Viltu efla starfsframa þinn?

Tölvuskólinn iSoft-Þekking opnar þér nýja starfsmöguleika

Viðskiptagreinar

» Tölvu og skrifstofunám

Sérlega hagnýtt nám í takt við þarfir atvinnulífsins, nám sem hentar fólki á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn eða vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði enn frekar með aukinni menntun. Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur og við bókhald. Sjá nánari lýsingu á www.tsk.is.
Lengd: 260 stundir. Verð kr. 199.000,-

» Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu.
Lengd: 110 stundir. Verð kr. 94.000,-

» Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi.
Lengd: 32 stundir. Verð kr. 36.000,-

» Tollskýrslugerð

Lengd: 21 stund. Verð kr. 28.000,-

» Navision fjárhagsbókhald

Lengd: 42 stundir. Verð kr. 49.000,-

Almennt tölvunám

» Byrjendanámskeið

Lengd. 42 stundir. Verð kr. 32.900,-

» Almennt tölvunám

Windows, Word, Excel, Outlook og Internet.
Lengd: 63 stundir. Verð kr. 39.900,-

» ECDL tölvunám

Tölvunám með alþjóðlegum prófum.
Lengd: 84 stundir. Verð kr. 65.000,-

Vefur • Grafík • Myndvinnsla

» Grafísk hönnun

Photoshop – Illustrator – InDesign.
Lengd: 105 stundir. Verð kr. 116.000,-

» Vefsíðugerð – grunnur

Photoshop og Dreamweaver.
Lengd: 47 stundir. Verð kr. 49.000,-

» Vefsíðugerð – framhald

Dreamweaver frh – HTML – Javascript.
Lengd: 31 stund. Verð kr. 32.000,-

Microsoft sérfræðinám

» Kerfisstjórn Windows Server 2008

Þessi námsbraut er arftaki gömlu MCSA gráðunnar. Þeir sem útskrifast af þessari braut eru vottaðir „Microsoft Certified IT Professional“ – MCITP.

- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server Infrastructure Services (70-642)
- Exchange Server 2007 (70-236)
- Windows Server 2008 Server Administrator (70-646)

» MCTS Web Development .NET 3.5

Námskeið ætlað forriturum sem vilja kynnast því nýjasta sem Microsoft býður uppá í þróunarumhverfi sínu og ná sér í þessar eftirsóttu gráður.

- Microsoft .NET Framework Application Development Foundation
- Microsoft .NET Framework 3.5, ASP.NET Application Development

» MCTS SQL Server 2008

Í dag eru hjörtun í tölvukerfum gagnagrunnar og er starfsfólk með gagnagrunnsmenntun eitt það eftirsóttasta. Sett verður upp námsbraut í SQL Server 2008 í samvinnu við Miracle þar sem farið verður í helstu atriði sem koma að uppsetningu, rekstri og viðhaldi á nýjustu útgáfu gagnagrunnsins frá Microsoft.

» Kerfisfræðingur – iSoft

- A+ CompTIA
- Network+
- Windows Vista Configuration

» Cisco Certified Network Associate – CCNA

Áhugavert og krefjandi nám fyrir Microsoft tæknimenn og þá sem sjá um rekstur netkerfa í CISCO umhverfi.

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Hann hefur fundið Pompei austursins, rannsakað loftsteina, synt með sæljónum við Galapagos, komið fram með kenningar um endalok risaeðla og er einn af mestu sérfræðingum um jarðsögu við hina einu sönnu Pompei. **Jón Sigurður Eyjólfsson** blaðamaður ræddi við **Harald Sigurðsson** eldfjallafræðing um ævin-týralega starfsævi og heimkomuna sem ætlar ekki að verða jafn auðveld og vonir stóðu til.



HARALDUR SIGURÐSSON Listin og vísindin fara vel saman segir Haraldur, því samhlíða megi leita að fegurðinni og úrlausnum á ráðgátum náttúrunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fræðarinn sem truflar framliðna

Arið 1815 hefst mesta eldgos sem sögur fara af í eldfjallinu Tambora á eyjunni Sumbawa sem nú tilheyrir Indónesíu. Aska og gjall þeytast um fjörutíu kílómetra upp í loft og þegar það fellur til jarðar fer svokallað gjóskuflóð af stað sem hátt í hundrað þúsund manns í nálægum byggðum verða undir. Í einu húsanna var konan í eldhúsinu með sveðju í hendi en karlinn rétt utan við útidyrnar þegar flóðið fór yfir og umbreytti þeim í kol. Þar voru leifar þeirra óhaggaðar uns Haraldur kom að þeim með fylgdarliði og „truflaði“ þau, eins og hann kemst sjálfur að orði, árið 2004.

Finnur Pompei austursins

Haraldur fór í sinn fyrsta rannsóknaleiðangur á þessar slóðir árið 1986. „Það var síðan í öðrum leiðangri mínum að ég talaði við einn burðarmanninn sem var heimamaður og þekkti þessar slóðir afar vel þar sem hann safnaði hunangi þarna í grenndinni,“ segir Haraldur. „Og hann talaði um eitthvert safnagil. Þegar við fórum þangað fannst okkur það réttnefni því þar var að finna alls kyns muni sem líklega eru frá tímum Tambora konungsveldisins. Þegar ég fór svo í þriðja sinn var ég svo viss um að mér yrði vel ágengt svo ég bauð tókuliði frá Discovery Channel með. Ég sagði þeim að leyfa mér að grafa í tvær vikur en koma svo og þá skyldi ég vera búinn að finna eitthvað fyrir þá.“ Og þeir urðu ekki fyrir vonbrigðum því þegar þeir komu var Haraldur búinn að finna hús þeirra hjóna. Nú er búið að grafa upp tvö hús til viðbótar og senn heldur hann í aðra ferð til frekari rannsókna. „Það er búið að vera að grafa upp Pompei í 400 ár og



EITTHVAÐ HEFUR GENGIÐ Á Svona er askan eftir eldgosíð í Tambora árið 1815 en það er stærsta eldgos sem sögur fara af.

aðeins tveir þriðju komnir upp á yfirborðið, ég hef stundum komist þannig að orði að þarna sé að finna Pompei austursins.“

Að trufla hina framliðna

„Það er sama forvitnin sem knýr mig áfram í starfinu og sú sem hélt mér ungum dreng í fjörunni í Stykkishólmi þar sem ég var að velta við steinum,“ segir Haraldur. „En svo hef ég auðvitað metnað til að vilja koma fram með einhverja þekkingu til kollega minna. Eins kynntist ég því fljótt í Bandaríkjunum að þetta er bara kappleikur þar sem keppt er um styrki, peninga og frama. En svo er það auðvitað listin. Fagurfræðin er nauðsynleg í vísindunum því

náttúran er ekki í neinum mála-myndunum; hún gengur beint og hreint til verks. Þegar vísindamaður stendur frammi fyrir ráðgátum náttúrunnar er iðulega best að leita svara þar sem fegurðin er mest; það er sú leið sem náttúran fer.“

Það skorti ekkert á fegurðina þegar Snæfellingurinn var að „velta við steinum“ sem huldur heila borg. En þó er það ekki sælan ein þegar komið er að jarðneskum leifum manna. „Ég hef lent í þessu áður, til dæmis í Pompei sem fór undir ösku árið 79 eftir Krists burð og eins í Mexíkó árið 1982 þar sem ég kom einungis nokkrum dögum eftir gos sem kostaði 1.500 manns lífið. Ég fæ alltaf nokkra sektarkennd þegar ég kem að



Þegar vísindamaður stendur frammi fyrir ráðgátum náttúrunnar er iðulega best að leita svars í þeirri tilgátu þar sem fegurðin er mest; það er sú leið sem náttúran fer.

látinu fólki. Þú ert jú að trufla það á vissan hátt með því að vera að róta í þessu. Enda höfðu einhverjir hryðjuverkamenn orð á því á vefsíðu sinni eftir fundinn í Tambora að nú væru blóðsugur frá Vesturlöndum að grafa upp múslima í Indónesíu. Og þetta er að vissu leyti rétt hjá þeim; maður er jú að trufla.“

Tæplega tvö þúsund ára leiðsögn

Plinius yngri var 17 ára þegar eldfjallið Vesúvius á sunnanverðri Ítalíu gaus árið 79. Plinius eldri, móðurbróðir hans, var mikill fræðimaður og hugðist fara upp á fjallstopp einn í hæfilegri fjarlægð til að sjá vel framgang gossins og rita allt niður. Sá yngri fékk ekki að fara með en örlögin höguðu því þannig að sá eldri lést í leiðangrinum og kom það því í hlut unglingsins að færa það í letur sem fyrir augu bar. Hann var einn þeirra örfáu frá Pompei og Herculaneum sem lifðu hamfarirnar af.

Haraldur fór með rit þessa unglings að „trufla“ og grúska í jarðlögum við Pompei og hefur það verkefni leitt til margra uppgötvana fyrir vísindasamfélagið og skipað honum meðal fremstu vísindamanna um jarðsögu og virkni Vesúviusar.

Galapagos sem Ísland í fortíð og framtíð

Þannig teygja viðfangsefnin sig um alla eilífð, jafnvel milljónir ára aftur í tímann. Haraldur hefur gert rannsóknir á loftsteinum og leitt að því líkur að risaeðlurnar hafi dáði út vegna eitrunar frá loftsteinum.

En vinna hans snýst ekki aðeins um þá sem hætt hafa að draga andann. Hann er eini Íslendingurinn sem hefur vísindaleyfi á Galapagoseyjum og hefur hann farið með hópa í ferðir þangað þar sem hann miðlar af þekkingu sinni. „Það má segja að Galapagos sé Ísland framtíðarinnar. Þetta var miklu stærra landsvæði sem seig síðan í hafið og ef við höldum þessari samlíkingu áfram þá mætti segja að nú standi aðeins Örafajökull og aðrir hæstu tindarnir upp úr. Það gætu orðið örlög Íslands eftir um fimm til tíu milljónir ára að vera komið svona í kaf. Eins má segja að lífríki Galapagos sé að nokkru leyti eins og það var á Íslandi fram að landnámi. Dýrin á Galapagos láta sér fátt fyrir brjósti brenna enda hafa þau ekki komist í kast við utanaðkomandi hættu. Þau eru því ekki von því að þurfa að forða sér undan öðrum dýrum sem ætla að drepa þau. Þess vegna getur maður nánast klofað yfir þau án þess að þau hreyfi legg né lið. Til dæmis þegar ég er að kafa þarna koma sæljónin oft og synda alveg upp við trýnið á manni. Eins bregða þau á leik og

→ HARALDUR SIGURÐSSON ELDFJALLAFRÆÐINGUR

Haraldur fæddist 31. maí árið 1939. Hann er alinn upp í Stykkishólmi. Árið 1970 útskrifaðist hann með doktorsgráðu frá Durham-háskólanum á Bretlandi. Árin þar á eftir vann hann við rannsóknir í Karíbahafinu. Hann er einna þekktastur fyrir rannsóknir sínar við Vesúvius-fjallið á sunnanverðri Ítalíu en eldgosíð þar árið 79 e. Kr. lagði rómversku borgirnar Pompei og Herculaneum í eyði. Árið 1991 fann hann agnir úr loftsteinum og setti fram kenningar um að loftsteinar á jörðinni hafi breytt loftslaginu og stuðlað að endalokum risaeðlna. Árið 2004 fann hann borgarrústir nálægt eldfjallinu Tambora í Indónesíu en þar varð stærsta eldgos sem sögur fara af.

Hann hefur einnig verið við rannsóknir á grísku eyjunni Santoríní og leitt að því líkur að eldgos sem varð í eyinni árið 1520 f. Kr. hafi komið af stað mikilli flóðbylgju sem meðal annars skall á eyjunni Kít og bundið enda á Minoatímabilið en Minoar voru fyrrrennarar Forn-Grikkja.

Hann hefur einnig unnið að rannsóknum á Galapagoseyjum sem og víðar. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir störf sín og hinn 2. ágúst næstkomandi verður hann gerður að heiðursfélaga hjá IAVCEI (International Association of Volcanology and Chemistry of Earth's Interior) sem eru alþjóðleg samtök eldfjallafræðinga.





Á ELDFJALLASLÓÐUM Á Ambrym-eldfjalli í Vanuatu í Suður-Kyrrahafi.

kippa jafnvel sundblöðkunum af manni með kjaftinum. Lífríkið á Íslandi hafði heldur ekki kynnst þessari utanaðkomandi hættu og því er ekki ólíklegt að Ingólfur Arnarson hafi getað klappað fuglunum meðan þáttur sátu í hreiðri sínu. Þetta er því ekkert ólíkt hugmyndum manna um Eden þar sem dýr og menn una í sátt og samlyndi.“

Enginn er spámaður í eigin föðurlandi

Haraldur bjó í Bandaríkjunum í 33 ár þar sem hann vann við rannsóknir sínar auk þess að kenna við stofnun á vegum Háskólans á Rhode Island. En síðastliðið haust kom hann með föggur sínar til Stykkishólms þar sem hann býr nú þótt hann sé nokkuð oft að heiman við rannsóknarstörf. „Það er undarlegt til þess að hugsa en þó ég hafi verið svona lengi í Bandaríkjunum þá finnst mér ég aldrei hafa orðið að Kana. En þó hef ég haft það afskaplega gott þarna og í raun finnst mér það algjör forréttindi að hafa fengið að njóta þess besta sem landið hefur upp á að bjóða. En hugmyndin hefur alltaf verið sú að setjast hér að. En það ræðst af ýmsu,“ segir Haraldur og verður hugsu. „Ég á mér marga drauma. Einn þeirra er að koma upp eldfjallasafni en ég hef sankað að mér ýmsum hlutum sem myndu sóma sér vel þar. Bæði grjóti og munum frá þeim svæðum þar sem ég hef unnið, eins málverkum af eldfjöllum, eitt þeirra málaði sjálfur Andy Warhol og síðan eru fjölmargar ritgerðir og annað efni um eldgos og jarðsögu. Hugmyndin var að koma safninu upp á Stykkishólmi og leitaði ég til íslenskra stjórnvalda í þeim tilgangi. Ég bauð þeim alla þessa muni ef farið yrði í það að koma þessu í kring. Ég kynnti þetta fyrst fyrir Sturlu Bóðvarssyni þegar hann var samgönguráðherra og var hugmyndum mínum vel tekið. Fallist var á að borga flutninginn á muninum hingað til lands og þeir eru komnir. Svo fór ég að athuga með framgang málsins árið 2005 en þá var þetta komið til menntamálaráðuneytisins. Ég fékk þau svör að skipa ætti vinnuhóp til að sinna þessu en það er eins og málið hafi sofnað þar, allavega virtist áhuginn eitthvað hafa dofnað. Þetta hefur vissulega valdið mér nokkrum vonbrigðum. Í Bandaríkjunum er ég vanur öðrum vinnubrögðum, þar er mönnum allavega svarað játandi eða neitandi og ef það er gefið grænt ljós þá er málið keyrt áfram af fullum krafti. Nú, ef svarið er neikvætt getur maður bara leitað annað. Ég tel að það væri mikilvægt fyrir Ísland að eiga slíkt safn en ef áhuginn er ekki fyrir hendi hér þá er það hæðarleikur að leita til annarra. Það eru margir spennir fyrir þessu, hver veit nema að maður setji þetta upp á Hawaii en þá raskar það öllum hugmyndum um að setjast að hér.“

Þegar úti verður ævintýri

Íslendingar eru vanir að hampa hetjum sínum sem gera það gott í útlöndinu. En hróður Haralds hefur þó ekki farið hátt hér á landi. Finnst honum það svekkjandi? „Ég hugsa ekkert sérlega mikið um það en ég ber sjálfur nokkra ábyrgð á því ef sú er raunin. Sem vísindamaður hef ég varað mig á því að trana mér ekki of mikið fram. Ég hef nefnilega fundið fyrir því að það getur farið fyrir brjósti á kollegunum. Til dæmis fór félagi minn Robert Ballard flatt á þessu en hann fann Titanic á hafsbotni og lét mikið á sér bera eftir það. Nú er svo fyrir honum komið að það vill varla nokkur vísindamaður vinna með honum. Þetta lýsir kannski nokkurri fshaldssemi sem viðgengst í hópi vísindamanna. En þessi varkárni mín má þó ekki verða til þess að ég bregðist þeirri skyldu minni að miðla af þekkingu minni.“


Haraldur á tvær dætur; Ásthildur sem getið hefur sér gott orð hér á

landi fyrir flautuleik sinn og Bergljótu sem er verkefnastjóri tónlistar hjá Ríkisútvarpinu. „Ég er fráskilinn, þar komum við kannski að neikvæðu hliðinni á starfi mínu en það er ekki mjög fjölskylduvænt þegar maður er lengi fjarverandi.“ En óttast hann að þegar hægjast fer um hjá honum eftir ævintýralega starfsævi að hann verði einmana og langt fyrir utan hringiðuna? „Já, því er ekki að neita að vissulega hugleiði ég þetta stundum og óttast þá einna helst að einangrast kannski um of.“

Það hlýtur að teljast skiljanlegt að sá sem hefur alið manninn á fallettu stöðum jarðar eins og Galapagos, Santoríní í Eyjahafi, Karíbahafseyjunum, frumskógum Indónesíu og víðar eigi erfitt með að una sér einn á einum stað. En römm er sú taug og hver veit nema að örlögin eigi eftir að leiða ævintýramanninn að fjöruborðinu í Hólminum en það var jú þar sem leiðangurinn hófst.



KOMIÐ ÚR KAFI Starfið felur ýmislegt í sér. Hér er Haraldur að koma úr kafi við Galapagoseyjjar.



FYRIR



EFTIR

VILTU STYRKJA STÖÐU ÞÍNA Í ATVINNULÍFINU? OPNI HÁSKÓLINN – FAGMENNT

NÁMSFRAMBOÐ FAGMENNTAR Á HAUSTÖNN 2008

DIPLÓMANÁM

Alþjóðaviðskipti

Tveggja anna nám til 15 eininga. Námið samanstendur af fimm lotum. Kennst er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16:30–19:30. Hefst 15. september.

Mannauðsstjórnun

Tveggja anna nám til 18 eininga. Námið samanstendur af sex lotum. Kennst er á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 16:30–19:45. Hefst 1. september.

Stjórnun og rekstur fyrirtækja

Tveggja anna nám til 18 eininga. Námið samanstendur af sex lotum. Kennst er tvisvar í viku frá kl. 16:30–19:50. Hefst 28. ágúst.

NÁMSKEIÐ METIN TIL EINGA

Stjórnun

Kennt er á þriðjudögum frá kl. 16:00–18:30. Hefst 23. september.

Viðskiptalögfræði

Kennt er á mánudögum frá kl. 16:20–19:20. Hefst 15. september.

Félagaréttur

Kennt er einu sinni í viku frá kl. 16:30–20:00. Hefst í september.

Hugbúnaðarfræði

Kennt er einu sinni í viku. Hefst um miðjan september.

Upplýsingatækniréttur

Kennt er á fimmtudögum frá kl. 16:30–19:00. Hefst 4. september.

Árangursríkir kennsluhættir

Kennt er á mánudögum frá kl. 17–20. Hefst 15. september.

Burðarþolsfræði – Tölvustudd hönnun

Kennt er tvisvar í viku frá kl. 16:30–19:00. Hefst um miðjan september.

OPIN NÁMSKEIÐ

Mat á enskufærni

Hefst 2. september.

C# fyrir byrjendur

Hefst 10. september.

Enska – talmál

Hefst 16. september.

Excel fyrir byrjendur

Hefst 16. september.

Samningatækni I & II

Hefst 26. september.

Rekstrar- og fjármálanám

Hefst 23. september.

Greining ársreikninga

Hefst 29. september.

Gengismál

Hefst 1. október.

Kynntu þér þessi námskeið nánar á heimasíðu Opna háskólans

www.opnihaskolinn.is



OPNI HÁSKÓLINN

FAGMENNT

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

Í FYRSTA
SINN Á
ÍSLANDI!


BÍLAND

Meira en

350

notaðir & nýir bílar á staðnum*

* Um er að ræða notaða bíla frá Bílandi, nýja bíla frá B&L og IH, auk bíla frá bílaleigunni AVIS.



Býrðu utan höfuðborgarinnar?

Við viljum gera öllum kleift að gera góð kaup í BílaOutlet. Ef þú kaupir bíl hjá okkur og ert ekki búsettur á höfuðborgarsvæðinu munum við því endurgreiða flugmiðann (einn flugmiði á hvern bíl) og standa straum af eldsneytiskostnaði heimferðarinnar.



Þjónustusíminn: 575 12 30

Þjónustufulltrúar okkar eru tilbúnir að svara öllum spurningum um BílaOutlet. En viljirðu gera góð kaup skaltu drífa þig á staðinn sem allra fyrst!

Frábærir
lána-
möguleikar!



900 þús.
krónur í
afslátt!

Dæmi úr söluskrá:



SAAB 9-3 1.8
Ek. 12 þús. Nýskr. 05/07. Bsk.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 2.090 þús. kr.

Bílarinn koma frá:

bíland



AVIS

Með fyrirvara um prentvillur.

OUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!!!

Rosalegt úrval! Fáranlegt verð!

1,2
milljónir í
afslátt!!!



BMW X3 2.5 LUX
Ek. 56 þús. Nýskr. 08/04. Ssk.
Verð áður: 3.990 þús. kr.

OUTLETVERÐ:
2.790 þús. kr.

Komdu til okkar í BílaOutlet á Völlunum í Hafnarfirði, það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Hjá okkur bjóðast betri kjör en nokkru sinni fyrr, verð sem er bara rugl, frábær lánakjör og betra úrval en þú finnur annars staðar. Við eigum notaða, nýja, stóra, litla, sparneytna, rúmgóða, kraftmikla, rauða...



HYUNDAI GETZ II
Ek. 32 þús. Nýskr. 01/07. Bsk.
Verð áður: 1.850 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 1.290 þús. kr.

OPEL ASTRA TURBO
Ek. 7 þús. Nýskr. 01/08. Bsk.
Verð áður: 2.850 þús. kr.



OUTLETVERÐ: 1.990 þús. kr.



HYUNDAI SANTA FE II 2.7
Ek. 25 þús. Nýskr. 03/07. Ssk.
Verð áður: 4.090 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 3.270 þús. kr.



BÍLAOUTLET

Opið frá
kl 13-16 í dag
og til kl. 21 alla
virka daga.

Tjarnarvöllum 3 | Hafnarfirði
Opið: mán-fös 12 - 21
lau 12 - 16, sun 13 - 16



BÍLAOUTLET

→ MYNDLIST


Verk sem var eyðilaggt með upphafningu

„Móna Lísu er ofmetnasta listaverk allra tíma,” segir Hannes Sigurðsson, listfræðingur og forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri. „Í sjálfu sér er þetta fínt verk en ég held það sé næstum því búið að eyðileggja það með of mikilli upphafningu. Þetta er örugglega þekktasta listaverk veraldar,” segir Hannes og bætir því við að þrátt fyrir vinsældirnar sé Móna ekki besta verk Da Vincis og alls ekki á topp tíu lista sínum.

„Það hefur ekki verið látið svona mikið með nokkurt annað listaverk enda hafa listamenn gert grín að þessu í verkum sínum. Móna Lísu hefur hálfpartinn öðlast eigið líf. Ég held að þetta sé gott dæmi um það hvernig hægt er að eyðileggja góðan hlut með of mikilli umfjöllun og látum. Það er mikil mýta í kringum þetta verk, dularfulla brosið og allt það en að mínu mati hefur það verið blásið algjörlega úr samhengi,” segir Hannes, sem sjálfur hefur auðvitað lítið verkið augum. „Það er mjög skrítið að koma á Louvre-safnið og sjá hana. Þarna standa túristarnir í röð og bíða eftir að líta hana augum í gegnum gler. Þetta er eina listaverkið sem er varið eins og maður sér í bíómyndunum, held það hverfi meira að segja ofan í gólfíð „Hollywood-stæl“ þegar safninu er lokað.”



HANNES SIGURÐSSON
Mónu Lísu hefur verið gert allt of hátt undir höfði að mati Hannesar.




→ BÓKMENNTIR

Hvað er þetta með karlmenn og ávexti?

„Ætli ég verði ekki að nefna Játningar heilags Ágústínusar, því ef lítið er til þeirra áhrifa sem sú bók hefur haft á vestræna hugsun í gegnum aldirnar er ekki um neitt smá dæmi að ræða,” segir Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur.

„Ágústínus er fyrsti Kirkjufaðirinn (með stórum staf) og á eftir honum kemur stollan með ritninguna sem refsivönd á pöpulinn; hótandi fólki helvítisögnum ef það beygir sig ekki og óhlýðnast, sérstaklega ef látið er undan listisemdum holdsins sem lengi hafa verið þyrnir í augum kirkjunnar,” segir Soffía, sem telur bókina stórlega ofmetna.

„Henni hefur verið hampað sérstaklega sem fyrstu sjálfsævisögunni og fyrsta verkinu sem lýsi „innra lífi“ sögumanns. Hvort tveggja er auðvitað rugl, þótt fyrri verk af þessum toga hafi ekki náð inn í hina bókmenntalegu „kanónu“ eða það hefðarúval sem karlkyns bókmenntafræðingar hafa smíðað sér í



SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR
Segir það rugl að hampa Játningum heilags Ágústínusar sem fyrstu sjálfsævisögunni.

gegnum aldirnar,” segir hún.

„Og hver er hinn „ægilegi glæpur“ sem Ágústínus játar snemma í verkinu? Jú, hann stal peru af tré nágrannans. Út af þessum glæp leið hann víst miklar sálarkvalir! Hvað er þetta eiginlega með karlmenn og ávexti?”

Ég stend með Evu sem að sjálfsögðu vildi bita í eplið af skilningstrénu, enda fengum við konur skilninginn í arf frá þessari formóður okkar. En stóð ekki eplið í Adam, eins og fyrirferðarmikið barkakýlið vitnar um?”

Ofmetnustu meistarastykkkin

Ert þú einn af þeim sem fíla ekki Shakespeare, hafa aldrei skilið klessumálverk og nenntu ekki að horfa á Guðföðurinn til enda? Hafðu engar áhyggjur, jafnvel helstu menningarvitar þjóðarinnar geta viðurkennt að sumt af þessu hámenningarlega dóti sé hreinlega ofmetið. Fréttablaðið heyrði í nokkrum þeirra og fékk að vita hvaða listamenn eða afurðir þeim myndust hafa verið ofmetnar í gegnum tíðina.

→ KVIKMYNDIR

Magavöðvar ekki tilefni til Óskarsverðlauna

„Gladiator er ofmetnasta kvikmynd allra tíma,” segir Sigríður Pétursdóttir, kvikmyndafræðingur og umsjónarþingmaður útvarpsþáttarins Kviku á Rás 1. Hún er ekki lengi að svara enda segir hún að vinsældir myndarinnar hafi alltaf farið í taugarnar á sér. „Þetta er mynd sem fékk fimm Óskarsverðlaun árið 2000, þar á meðal sem besta myndin. Mér fannst það algjör skandall enda komu margar betri myndir út á þessu ári, til dæmis Memento, Traffic og Crouching Tiger, Hidden Dragon. Russell Crowe fékk líka Óskarinn fyrir besta leikinn en gerði lítið annað en að berjast við dýr og menn í þrjár klukkustundir. Hann hefur oft leikið vel en ekki þarna. Hann fékk bara Óskarinn út á magavöðvana,” segir Sigríður og bætir því að henni hafi ekki bara fundist myndin leiðinleg heldur hafi hún einfaldlega verið meingölluð. „Það er fullt af myndum sem mér fannst leiðinlegar einfaldlega vegna þess að þær falla ekki að mínum smekk en það þýðir ekki að þær séu ofmetnar. Ofmetnar kvikmyndir eru þær sem fá viðurkennningar sem mér finnst þær ekki eiga skilið og Gladiator er svo sannarlega ein þeirra,” útskýrir hún.

„Það sem mér



SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR „Ef ég á að nefna einhverja kosti við Gladiator þá var leikmyndin flott og hljóðið mjög gott. Það má eiginlega segja að umgjörðin öll hafi verið mjög flott en það finnst mér ekki standa undir Óskarsverðlaunum.”

fannst einkenna þessa mynd var það að það var einhvern veginn of mikið af öllu. Allt svolítið yfirdrifið. Samtölin voru illa skrifuð og stírið og málfarið pinlega upphafið, hreinlega skrítið á köflum. Svo var það persónusköpunin en karakterarnir voru einfaldir og þá skorti alla dýpt. Þar fyrir utan fannst mér myndin ofsalega langdregin, þetta voru endalausar bardagasenur þar sem maður sá ekkert nýtt,” segir Sigríður og bætir því við að hún hafi gert nokkrar tilraunir til að horfa á myndina en yfirleitt gefist upp. „Þetta er bara léleg mynd, það er ósköp einfalt,” segir hún.

→ LEIKLIST

Menn eru farnir að sjá í gegnum Brecht

„Mér finnst Bertolt Brecht ágætt dæmi um höfund sem hefur verið ofmetinn sem leikritaskáld,” segir Jón Viðar Jónsson, leikhúsfraeðingur og gagnrýnandi.

„Brecht var mjög gott ljóðskáld en ekki að sama skapi gott leikritaskáld. Þrátt fyrir það var honum hampað mikið, sérstaklega fyrir svona þrjátíu, fjörutíu árum síðan og menn töluðu jafnvel um að hann væri jafnoki Ibsens og Shakespeares. Sannleikurinn er sá að Brecht náði aldrei almennilegum tókum á því að segja sögu á leiksviði og þegar hann sá að hann gat ekki skrifað

leikrit sem segðu sögu bjó hann til kenningu um eitthvað sem hann kallaði epískt leikhús en samkvæmt henni var allt í lagi að skrifa svona þunglamaleg og sundurlaus verk eins og hann gerði,” segir Jón Viðar og á þá við að Brecht hafi búið til skilgreininguna eftir á svo hún hentaði hans verkum.

„Ég held að menn séu nú almennt farnir að sjá í gegnum Brecht núna, alla vega þeir sem meta hann á fagurfræðilegum forsendum en ekki pólitískum, en auðvitað eru enn margir sem gera það.”



JÓN VIÐAR JÓNSSON Brecht kemst ekki með tærnar þar sem Ibsen og Shakespeare hafa hælana að mati Jóns.

Sjálfur hefur Jón Viðar séð fjölmargar sýningar á verkum hans. „Ég hef séð

ágætar sýningar en verkin sem slík heilla mig ekki lengur, sum þeirra finnst mér ansi hreint vond. Ég get nefnt Góðu sálina frá Sezuan sem dæmi eða kennsluleikritin, þetta er bara sósíalískur áróður, hefur ekkert listrænt eða manneskjulegt gildi. Túsíldingsóperan er sjálf-sagt vinsælasta verk hans, en það er aðallega að þakka tónlist Kurts Weill sem er frábær. Reyndar hefur því líka verið haldið fram fram að Elísabet Hauptmann, ritari Brechts og ástkona, eigi mestan heiður af verkinu,” segir Jón.

→ TÓNLIST

Væmnismurðar klisjur frá Webber

„Ég hef aldrei þolað Andrew Lloyd Webber og held að hann sé ofmetnasta tónskáld heims,” segir Jónas Sen, píanóleikari og tónlistargagnrýnandi, og sparar ekki orðin þegar hann ræðir um verk Webbers. „Tónlistin hans er uppfull af klisjum sem eru smurðar með óheyrlægri væmni. Hann semur svona sykursætar aríur sem falla í kramið hjá ótrúlega mörgum en eru í rauninni bara klisjur og algjört ruslfæði fyrir mér,” útskýrir hann en Webber er þekktur fyrir söngleiki á borð við Jesus Christ Superstar, Cats og Óperudrauginn. „Hann er einhverra hluta vegna eitt vinsælasta söngleikjaskáld heims



JÓNAS SEN Söngleikjatonskáldið Andrew Lloyd Webber er ekki í neinu sérstöku upphaldi hjá Jónasi.

og var um langt skeið hæst launaða tónskáld veraldar,” segir Jónas

hneykslaður og viðurkennir að hafa lítið hlustað á tónlist hans en maður hreinlega komist ekki hjá því að heyra hana allt of oft.

„Ef ég ætti hins vegar að nefna ofmetnasta tónverkið þá er það píanókonsertin eftir norska tónskáldið Grieg. Þetta er einn vinsælasti píanókonsert sögunnar og einn sá konsert sem hefur verið tekinn upp hvað oftast og er til á óteljandi plötum. Hann er ferlega yfirborðskendur, þegar maður fer að skyggast undir yfirborðið þá er innihaldið ekkert merkilegt,” segir Jónas, sem hefur sjálfur spilað konsertinn en þó aldrei opinberlega.



ágúst 2008

menning

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

PISTILLINN

Pétur Grétarsson skrifar

Samtök um tónlist í húsum

Ekki man ég hversu lengi ég var félagi í Samtökum um byggingu tónlistarhúss eða hvort félagsgjöld mín til þeirra telji eitthvað að ráði í þeim 100 milljónum sem til eru í sjóðnum. Ég hef bara ekkert bókhald um það. En ég er ákaflega feginn að ekki virðast ætla að verða nein leiðindi um þennan sjóð og fagna hugmyndinni um að nota þessa fjármuni til að smyrja gangverkið sem óumflýjanlega verður til þegar rekstur tónlistarhússins hefst.

Það vita allir sem hafa staðið að tónleikum af stærra taginu að söngur og hljóðfærsláttur í 1.800 manna sal er ekki sjálfsprottíð fyrirbæri.

Það þarf ekki nema að horfa á framkvæmdirnar niður við höfn til þess að átta sig á því að það mun kosta umtalsverðar upphæðir að troða upp í tónlistarhúsinu. Það ræður enginn 250 manns á vaktir í byggingarvinnu nema borga fyrir það!



Tónlistarhúsið: Hver hefur efni á að spila þar?

Þessi augljósa mynd af risaframkvæmdinni góðu (sem hægt er að skoða í sér-

stakri útsýnisstofu þessa dagana) er líklega hvatinn að spurningunni sem maður heyrir tónlistarfolk gjarnan velta fyrir sér. „Mun einhver hafa efni á því að spila þarna?“ Svarið er í raun einfalt. Þeir munu hafa efni á því að spila þarna sem eiga von á nógu mörgum áheyrendum sem borga sig inn.

Talsvert hefur borið á því að listamönnum þyki tilhugsunin um að nýta sér nýja tónlistarhúsið yfirþyrmandi. Þetta sé í raun bara ráðstefnuhús, og tónlistin muni skipa þar krónískt annað sæti í samkeppni við fundahöld stórfyrirtækja. Það er aðáunartvert hvernig eigendum hússins hefur tekist að klára steypuvinnuna án þess að opinbera áætlanir um hvernig rekstrarfyrirkomulagið verður. Líklega eru þeir löngu tilbúnir með þetta en bíða eftir tillögum frá þeim sem ætla sér að nota húsið. Framboð og eftirspurn ráða á endanum.

Í þessari stöðu er mikilvægt að tónlistarfolk komi fram með sínar hugmyndir að lífinu í þessu húsi og sleppi því alveg að gera ráð fyrir því að þetta verði of dýrt, eða að einhverjar tónlistartegundir verði ekki velkomnar á þessi stórkostlega svið.

Bygging tónlistarhúss í Reykjavík er ótrúlegt tækifæri fyrir alla músík í landinu og þegar stórhuga framkvæmdamenn leggja í að byggja það handa okkur er ekki til mikils mælst að við tökum áskoruninni sem í því felst að fylla það - ekki bara af músík, heldur líka af fólki til að hlusta á hana.

Það voru lúðrasveitarmenn sem byggðu fyrri tónlistarhúsið í Reykjavík, Hljómskálann. Það eru til ljósmyndir af hljóðfæraleikum Sinfóníunnar við byggingarvinnu í Háskólabíói. Það eina sem hljómlistarfolk þarf að gera í nýju tónlistarhúsi í Reykjavík er að búa þar til músík sem er nógu áhugaverð til að fólk komi og fylgist með. Góður dill, ekki satt?

Höfundur er hljómlistarmaður, stjórnandi Jazzhátíðar Reykjavíkur og framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna.



Tindátarnir eftir Nínu Tryggvadóttur og Stein kom út 1943.




Halla sem Steinn vann með Louisu 1943 en kom fyrst út 2000.

DVALIÐ HJÁ DJÚPU VATNI

Í haust kemur út í myndlýstri útgáfu fyrsta safn ljóða **Steins Steinars**, *Dvalið hjá djúpu vatni*, sem rúmum áratug síðar varð að hans þekktasta ljóðabálki, *Tímanum og vatninu*. Myndskreytingar við kvæðin gerði Þorvaldur Skúlason.

BÓKMENNTIR
PÁLL BALDVIN
BALDVINSSON



Dvalið hjá djúpu vatni, umbúðapappir var um frumritið sem nú kemur út.

Langt sumar á stríðsárunum var Steinn Steinarr í samneyti við þrjá myndlistarmenn; Nínu Tryggvadóttur, Louisu Mattíasdóttur og Þorvald Skúlason. Þær stóllur leigðu þá í Unuhúsi og eru frá þessum tíma til portrett af Steini. Veturinn 1943 gaf Helgafell, forlag Ragnars Jónssonar, út myndlýsta útgáfu af kvæði Steins, *Tindátunum*. Á fárra vitorði var að hann samdi einnig kvæði um Höllu, sem Louisa myndskreytti, en það kom ekki út á bók fyrir en 2000 hjá JPV. Í haust mun koma út þriðja bókverkið frá þessum tíma, *Ljóðabálkurinn Dvalið hjá djúpu vatni*.

Áður hefur verið gerð grein fyrir langri tilurð eins höfuðverks Steins, *Tímans og vatnsins*. Sveinn Skorri Höskuldsson

fjallaði ítarlega um það á sinni tíð, sem og Gyli Gröndal í ævisögu Steins. Í vorhefti Skírnis skrifaði Kristín Þórarinsdóttir ítarlega um Tímann og vatnið og byggði meðal annars á óbirtu efni úr fornum frænku sinnar og ekkju Steins, Ásthildar Björnsdóttur, en úr hennar fornum kemur eina eintakið sem til er af *Dvalið hjá djúpu vatni* myndlýst af Þorvaldi Skúlasyri.

Eintakið fékk Ragnar í Smára upphaflega í hendur 1943. Það liðu síðan tólf ár þar til þekktasta verk Steins, *Tímann og vatnið*, kom út í endanlegri útgáfu árið 1956, í millitíðinni kom bálkurinn út í sérstakri bók og er ljóðabálkurinn því til í þremur mismunandi útgáfum.

Fyrstu gerðina, *Dvalið hjá djúpu vatni*, gaf Ragnar hins vegar aldrei út. Kunnar menn ekki á því skýringar og hún verður því gefin út í fyrsta skipti nú í haust í kringum aldarafmæli skáldsins hinn 13. október.

Í þessari útgáfu eru tíu ljóð,



Steinn Steinarr MYND/JÓN KALDAL

fimm þeirra voru enn til staðar í annarri útgáfu Tímans og vatnsins og í lokaútgáfunni voru átta þeirra inni.

Í ár er þess að minnast að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Steins og fimmtíu ár frá andláti hans. Útgáfan á *Dvalið hjá djúpu vatni* verður í takmörkuðu upplagi og er sniðin sem næst því eintaki sem Steinn skilaði Ragnari og Ragnar gaf síðan Ásthildi Björnsdóttur við andlát Steins.

SKOVBO
VIGGO MORTENSEN

31. maí – 31. ágúst 2008


LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opíó mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · ADGANGUR ÓKEYPIS

Katrín í Gallerí Ágúst

Um þessar mundir fagnar Gallerí Ágúst eins árs afmæli sínu. Afmælinu er fagnað með einkasýningu Katrínar Elvarsdóttur, *Margsaga / Equivocal*, en forsíða á Menningu skartar einni af myndum hennar af sýningunni, *Gulum tjöldum*.

Katrín hefur skapað sér nafn sem einn af sterkustu listamönnum sem nýta sér ljósmynda-tæknina sem aðalmiðil. Katrín segir um sýninguna: „Við erum stödd innandyrna og horfum út. Við erum stödd utandyra og horfum inn. Kona í rauðri kápu, hjólhýsi eftir miðnætti, gul gluggatjöld – allt eru þetta vísbendingar í brotakennndri frásögn sem vekja upp spurningar frekar en gefa svör. Í myndaröðinni *Margsaga* erum við vitni að óljósum atburðum sem við höfum óvart ratað inn í. Eins og óboðnir gestir í sviðsmynd sem neitar að uppljóstra hvort hún sé raunveruleg eða skálduð. Brotin



Eitt verka Katrínar á sýningunni í Gallerí Ágúst á horni Baldursgötu og Nönnugötu í Þingholtunum.

raðast saman og þröngva upp á okkur margræðri atburðarrás. Hvort sem okkur líkar betur eða verr.“

Hinn 16. ágúst verður opnuð sýningin *Margsaga*, sem er ellefta einkasýning Katrínar á Íslandi. Katrín útskrifaðist með BFA-gráðu frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur síðan tekið þátt

í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar í Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi og víðar. Ljósmyndabók hennar *Mórar-nærvídd*, sem unnin var með tónlistarmanninum Matthíasi Hemstock, kom út hjá 12 Tónum 2005. Þar runnu í eitt draumkenndar ljósmyndir Katrínar af íslensku umhverfi og draugalegar hljóðmyndir Matthíasar. Árið 2007 hélt Katrín tvær einkasýningar á Íslandi, Af þessum heimi, í Listasafni ASÍ, og Sporlaus í Þjóðminjasafni Íslands. Katrín hefur jafnframt þátttakandi í samsýningunni *Endurkast/Reflection* – íslensk samfélagsmyndun sem nú stendur yfir í Þjóðminjasafninu og nýlega kom út samnefnd bók með verkum frá sýningunni og viðtölum við listamennina. Katrín hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ljósmyndir sínar; 2007 var hún tilnefnd til Heiðursverðlauna Myndstefs.

SÍMENNTUN VIÐ BIFRÖST

Áfram menntavegininn!

- Diplóma í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I og II
- Rekstur smærri fyrirtækja

ALLAR
NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á BIFROST.IS

WWW.BIFROST.IS

DIPLÓMA Í VERSLUNARSTJÓRNUN

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómánám í verslunarstjórnun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi sem fram fer að mestu með fjarnámi.

Markmið námsins er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Að námi loknu útskrifast nemendur með diplómapróf í verslunarstjórnun en það veitir rétt til frekara náms við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

MÁTTUR KVENNA I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína.

Markmið námsins er m.a. að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, skapa fleiri störf á landsbyggðinni, auka arðsemi fyrirtækja og að efla tengslanet kvenna. Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi. Náminu lýkur með vinnuhelgi og formlegri útskrift.

REKSTUR SMÆRRI FYRIRTÆKJA

Auknar kröfur um aukið hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgóða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á þeim markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist því frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

FRUMGREINADEILD

VIÐSKIPTADEILD

LAGADEILD

FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

SVIKIN STÓRU

„Ólympíuleikarnir ættu að vera hátíð almennings um allan heim. Það er hneyksli að Alþjóðaólympíunefndin skuli hafa valið Peking í stað Toronto til að halda leikana,“ segir sænski blaðamaðurinn **Sverker Lindström** en ný bók hans fjallar um Ólympíuleika, einræði og stórfyrirtæki.

BÓKMENNTIR HELGA BREKKAN

Forsíðumynd bókarinnar er frá samtökunum Bláamenn án landamæra. Ólympíuhringirnir eru handjárn sem minna á það að yfir hundrað blaðamenn og netverjar sitja í kínverskum fangelsum. Sverker Lindström hefur starfað við Arbetet og Aftonbladet og ritstýrt blaði verkafólks sambands. Hann er einnig höfundur bókarinnar „Föt án landamæra“ sem fjallar um kjör verkafólks í kínverskum fataverksmiðjum. Ég hitti Sverker Lindström í Stokkhólmi og spurði hvers vegna hann hefði skrifað þessa bók?

„Kínversk stjórnvöld hafa ekki staðið við loforð sín um aukin mannréttindi og tjáningarfrelsi handa íbúum landsins. Loforð sem þeir gáfu þegar Alþjóðaólympíunefndin valdi Kína til að halda leikana. Sama fólkíð og skipuleggur leikana brýtur mannréttindi.“

Það verður að segja hlutina eins og þeir eru og setja þá í samhengi við það hvernig við lifum á Vesturlöndum. Ef milljónir kínverskra verkamanna væru ekki að vinna á sultarlaunum í Suður-Kína og skapa stórfyrirtækjunum þennan ofsagróða þá væri heldur ekki áhugavert fyrir þau að styrkja og auglýsa sig á Ólympíuleikumum í Peking.“

Í bók sinni vitnar Sverker meðal annars í unga stúlku sem starfar við það að sauma íþróttaskó í verksmiðju í Suður-Kína: „Við förum á fætur á hverjum morgni klukkan hálf sjö. Á tíu mínútum eigum við að vakna, þvo okkur og klæða. Standa svo í bíðroð í kaffiteríunni eftir tveimur braudsneiðum. Svo stillum við okkur upp fyrir verkstjórnann, sem lætur okkur hafa dagskammtinn af skömmum og hótunum, síðan hefst vinnan. Á hverjum morgni sjáum við stjórnurnar á himninum í myrkrinu. Þegar vinnudeginum lýkur og

okkur er sleppt út aftur lýsa stjórnurnar þar á ný. Við vinnum frá sjö til ellefu, á kvöldin. Flestar okkar eru svangar og svelta. Maturinn er slæmur. Á kvöldin er veitt þunn kjötsúpa. Þegar stór pöntun berst frá Puma fáum við bara hálf tíma í mat, síðan þurfum við að halda áfram að vinna.“

Þú fórst til Kína fyrir nokkrum árum til að skrifa bók um verkafólk þar?

„Já, það hafði mikil áhrif á mig á sjá hvernig fólk lifði og vann þarna. Það var í byrjun tíunda áratugarins sem Deng Xiaoping opnaði landið fyrir erlendum stórfyrirtækjum og stofnaði tollfrjáls svæði í Suður-Kína. Það eru sterk tengsl á milli þessara þrælaverksmiðja og fyrirtækjanna sem græða á Ólympíuleikumum.“

Á fólk erfitt með að tengja kjör kínverskra verkamanna við leikana?

„Já, það virðist vera svo hjá fólkum á Vesturlöndum. Menn bregðast illa við ef íþróttamaður er spurður á blaðamannafundi hvað honum finnst um þrælalíf kínverskra verkamanna. Þá er þú að allt í kring. Þetta er bakhliðin á nútímasamfélagi okkar. Það er erfitt að sjá samhengið eða menn vilja það ekki. Öllum finnst alþjóðavæðingin góð. Þetta rúllar áfram. Hlutirnir veða betri, heldur maður.“

En er ekki mikilvægt að eiga gott viðskiptasamband við Kína?

„Gott viðskiptasamband virðist nú vera dýrmætara en mannréttindi, virðing fyrir mannlífum og tjáningarfrelsi.“

Segðu okkur frekar frá bókinni?

„Ég skrifa um sögu Alþjóðaólympíunefndarinnar og segi frá því hversu snemma fjárhagslegir hagsmunir taka völdin á kostnað hinna fögru ólympísku loforða um jafnrétti og bræðralag.“

Þú skrifar um Samaranch, fyrrverandi forseta Ólympíusambandsins.

„Já, og sonur hans situr nú í stjórninni,“ segir Sverker og heldur áfram: „Þegar Juan Antonio Samaranch var valinn forseti Ólympíusambandsins árið 1980 jukust áhrif stórfyrirtækjanna, mútur og valdabarátta. Samaranch var áður ráðherra í fasistastjórn Francos einræðisherra.“

Á hans tíma voru spænskir fangar til dæmis látnir sauma fótbolta fyrir Adidas. Í bókinni byrja ég á þýsku Dassler-bræðrunum. Þeir höfðu mikinn áhuga á markaðssetningu og létu því skrá sig í Nasistaflokkinn strax árið 1933.

Viðskiptin gengu vel og skór þeirra slógu í gegn á Ólympíuleikumum í Berlín 1936. Bræðurnir urðu smám saman miklir fjendur og upp úr því urðu til tvö fyrirtæki: Adidas og Puma.“

Í bók þinni skrifar þú um Ólympíuleikana í Berlín Hitlers árið 1936?

„Ég tel það mikilvægt að setja hlutina í sögulegt samhengi. Árið 1936 þegar sænski ólympíuhópurinn, alls 150 manns, var að undirbúa brottför sína til Berlínar vakti það mikið uppán þegar í ljós kom að einhverjum hafði tekist að dreifa upplýsingablaði til hópsins. Á því korti voru allar fangabúðir og fangelsi Hitlers nákvæmlega merkt inn. Þetta þótti mikil móðgun og var slegið upp í sænskum blöð-



Sverker Lindström er ómyrkur í máli um samtönnun stjórn mála og stórfyrirtækja við skipulag Ólympíuleikanna í Peking og ber þá saman við Ólympíuleikana í Berlín 1936.

MYND/HELGA BREKKAN.

um. Aftonblaðið skrifaði að „það væri skandall að reyna að skemma svona fyrir íþróttafólkinu okkar“. Þetta var Svíþjóð árið 1936. Og lengur, hin meistaralega kvikmynd Charlie Chaplin „Einræðisherrann“ var á bannlista þegar hún kom til dreifingar 1940.“


Mátti ekki sýna Chaplin?

„Nei, hún var ekki sýnd í Stokkhólmi fyrr en eftir stríð. Ástæðan fyrir banninu var sú að sænsk stjórnvöld vildu ekki styggja Hitler. Ef svo færi að hann ynni stríðið væri nauðsynlegt að vera í góðu viðskiptasambandi við nasista.“

En nú eru nasistar ekki við völd í Peking?

„Nei, en við vitum að mannréttindi eru ekki virt í Kína og fjöldi fólks er handtekinn vegna skoðana sinna. Eftirlit með íbúunum er gifurlegt og öll gagnrýni bókstaflega barin niður. Í fimmtu grein ólympíulaganna stendur: „Mismunur vegna kynþátta, trúarbragða, stjórn mála, kynferðis eða annars er ósamræmanleg þátttöku í ólympísku hreyfingunni.“

Ætti þetta ekki einnig að gilda fyrir Kína í dag? Gunilla Lindberg, varaformaður Alþjóðaólympíunefndarinnar, lýsti því



Bjallan glymur

Nýnemar eru boðnir velkomnir í skóla setningu og kynningu á skólanum **miðvikudaginn 20. ágúst að Skólavörðuholti kl 13.30** í matsal nemenda á 3. hæð. Stundartöflur verða afhentar eldri nemum kl 15.00 sama dag.

Aðstoð við innritun í kvöldskóla fer fram mánudaginn 18. ágúst og þriðjudaginn 19. ágúst milli klukkan 17:00 – 18.30. Kennarar og skólástjórar hjálpa til við val og samsetningu stundatöflu. Aðstoðin fer fram í matsal Tækniskólans á Skólavörðuholti og er hann staðsettur á þriðju hæð.

Við hlökkum til að sjá ykkur starfsfólk Tækniskólans

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Tækniskólinn býður upp á öflugt og fjölbreytt úrval tækni- og iðnmenntunar ásamt námi til stúdentsprófs. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsvið, sem saman mynda einn öflugasta framhaldsskóla landsins.

Tækniskólinn leggur ríka áherslu á alþjóðleg samskipti í námi og starfi sem veitir nemendum og kennurum aukin tækifæri.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Hótel Hafnarfjörður er nýtt 71 herbergja íbúðahótel, staðsett að Reykjavíkurvegi 72 í Hafnarfirði.

Hótel Hafnarfjörður er góður kostur fyrir þá, sem vilja njóta þess fræsis að dvelja í studio-íbúð með aðgengi að 1. flokks hótelpjónustu.

Hótel Hafnarfjörður er tilvalið gistirými fyrir ferðalanga og starfsmenn fyrirtækja, enda í þægilegri akstursleið til allra átta.

www.hhpartmentsshotel.is

www.stra.is



Hótelstjóri Hótel Hafnarfjarðar

Hótelstjóri er framkvæmdastjóri hótelsins og ber ábyrgð á rekstri þess, í því felst m.a.:

- * Dagleg stjórnun á rekstri hótelsins og starfsmannahaldi.
- * Markaðssetning hótelsins þ.m.t. samskipti við ferða- og/eða umboðsskrifstofur hérlendis og erlendis.
- * Áætlanagerð og önnur skýrslugerð er varðar reksturinn auk annarra fjölbreytilegra verkefna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun á sviði viðskipta og reksturs auk/eða þekkingu og reynslu á sviði ferðamála og hótelpjónustu. Áhersla er lögð á forystuhæfileika, skipulagshæfni, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi. Viðkomandi þurfa að hafa gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli auk íslenskunnar. Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is, svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu www.stra.is.



Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Deloitte.

Viðskiptafræðingar

með reynslu af endurskoðun/uppgjörum

Vegna aukinna umsvifa leitum við að viðskiptafræðingum/löggiltum endurskoðendum með marktæka reynslu af endurskoðun og/eða uppgjörum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðingur – framhaldsnám í endurskoðun og reikningshaldi er kostur
- A.m.k. 2-3 ára reynsla af endurskoðun og/eða uppgjörum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Ferilskrá með upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu sendist til mannauðsstjóra á netfangið

aslaug.gudmundardottir@deloitte.is

fyrir 25. ágúst merkt „Viðskiptafræðingur“.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug B. Guðmundardóttir í síma 580 3000.



Deloitte hf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími 580 3000
Fax 5803001

● www.deloitte.is

Deloitte er leiðandi þekkingarfyrirtæki með yfir 165.000 starfsmenn á alþjóðavísu. Á Íslandi eru starfsmenn um 200 viðsvegar um landið og veitir fyrirtækið þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningskila, skatta- og lögfræðiráðgjafar og fjármálaráðgjafar. Deloitte leitast við að bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

Lögfræðingur á ökutækjasviði

Starfið: Verkefni lögfræðings á ökutækjasviði felast m.a. í mótun laga og reglna um bíltæknileg málefni, innleiðingu EES gerða, viðhaldi, breytingum og túlkun skráninga- og verklagsreglna og úrskurði í málum sviðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Meistarapróf í lögfræði er skilyrði
- ▶ Góð enskukunnátta og færni í norðurlandamálum er skilyrði
- ▶ Leitað er að einstaklingi sem er skipulagður, úrræðagóður, fær í mannlegum samskiptum og góður í textavinnslu

Umsóknarfrestur er til 1. september 2008

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- ▶ Rafrænt á vef Umferðarstofu, <http://www.us.is/page/atvinnuumsokn>, eða senda umsókn með ferilskrá á atvinna@us.is
- ▶ Senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:
Umferðarstofa, Bt. Ólafar Friðriksdóttur, Borgartún 30, 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu: <http://www.us.is>

Umferðarstofa var árið 2006 útnefnd ríkisstofnun til fyrirmyndar og hlaut 2. sæti sem stofnun ársins hjá SFR árið 2008. Hjá stofnuninni starfa um 60 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika, árangur og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.


UMFERÐARSTOFA



Alhliða rafverktaki

Rafmiðlun óskar eftir rafvirkjum og rafvirkjanemum til starfa. Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag. Upplýsingar í síma 843 3523 - 843 3524 og á www.rafmidlun.is. Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar.



Atvinna í boði

Óskum eftir rösku og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa við áfyllingu, afgreiðslu í kjötbörði og kassaafgreiðslu. Um er að ræða heilsdagsstörf virka daga og vaktavinnu. Einnig óskum við eftir að ráða í hlutastörf, kvöld og helgar.

Frekari upplýsingar gefur verslunarstjóri í síma 551-0224 eða í versluninni að Hagamel 39. melabudin@thinverslun.is



Tilgangur Landssambands íslenskra útvegsmanna er: Að vera heildarsamtök útvegsmanna og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum. Að stuðla að framförum í sjávarútvegi. Að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og vinna að umhverfismálum. Að gæta hagsmuna útvegsmanna við gerð kjarasamninga. Að taka þátt í alþjóðasamstarfi.

FORSTÖÐUMAÐUR KYNNINGARMÁLA

Landsamband íslenskra útvegsmanna óskar eftir að ráða forstöðumann kynningarmála.

Helstu verkefni

- Skipulagning kynningarstarfs og upplýsingagjafar um málefni sjávarútvegsins
- Samskipti við félagsmenn
- Samskipti við innlenda og erlenda fjölmiðla og opinbera aðila
- Skipulagning á viðburðum s.s. aðalfundi samtakanna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Starfsreynsla

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



FJÁRMÁLASTJÓRI

Garðabær auglýsir eftir fjármálastjóra til að hafa yfirumsjón með fjármálum bæjarins.

Fjármálastjóri er yfirmaður fjármálaþjónustu sem er hluti af fjármála- og stjórnsýslusviði í ráðhúsi Garðabæjar. Fjármálaþjónusta tilheyrir innheimta, bókhald og fjármálastjórnun. Fjármálaþjónusta hefur samskipti við forstöðumenn allra stofnana bæjarins en þær eru m.a. fjórir grunnskólar, fimm leikskólar, tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn og þjónustumiðstöð.

Starfssvið

- Yfirumsjón með stjórnun fjármála, bókhalds og innheimtu
- Annast og ber ábyrgð á daglegri fjármálastjórn bæjarins
- Annast undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar, greiðsluáætlana og hefur umsjón með fjárstýringu
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri og framkvæmdum
- Vinnur að stefnumótun samkvæmt markmiðum bæjarstjórnar um aðhald, hagkvæmni og sparnað í rekstri bæjarins
- Hefur umsjón með álagningu gjalda og eftirlit með gjaldstofnum

Ráðhús Garðabæjar er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku starfsmanna, ánægða viðskiptavini og framúrskarandi þjónustu. Starfsmenn eru studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi, meðal annars með þátttöku í símenntun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarhagfræði og/eða sambærileg menntun
- Reynsla af áætlanagerð og fjármálastjórn er skilyrði
- Þekking á reikningsskilum er nauðsynleg
- Reynsla og/eða þekking á opinberu rekstrarumhverfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

verne
GLOBAL

TÆKNIMENN Í ALÞJÓÐLEGT GAGNAVER

Verne Global leitar að reyndum rafvirkjum, rafeindavirkjum, rafiðnfræðingum, vélstjórum, vélfræðingum, vélvirkjum, véliðnfræðingum og upplýsingatæknifólki til að reka og þjónusta starfsemi gagnavers fyrirtækisins í nágrenni Reykjanesbæjar.

Verne Global er fyrirtæki í eigu Novator og General Catalyst Partners sem er bandarískt fjárfestingafyrirtæki. Verne Global byggir alþjóðlegt gagnaver í nágrenni Reykjanesbæjar. Með því að samþætta sérhæfða hönnun, kalt loftslag og endurnýjanlega orku greiðir Verne Global götuna að hagkvæmari og grænni upplýsinga-tækniöld.

Markmið Verne Global er að hanna og reka gagnaver á heimsæli-kvarða með hámarks hagkvæmni að leiðarljósi. Þessu markmiði náum við með því að tvinna saman sérþekkingu í uppbyggingu og hönnun á hátæknigagnaverum og hagkvæmni í staðarvali.

Tæknimenn munu vera í beinum samskiptum við viðskiptavini og endursöluaðila, bæði innanlands og erlendis. Tæknimenn munu bera ábyrgð á viðgerðum á tækjabúnaði, viðhaldi og daglegum rekstri starfseminnar. Leitað er að einstaklingum sem búa yfir frumkvæði til að viðhalda hámarks hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri gagnaversins. Tæknimenn Verne bera ábyrgð á að halda starfseminni gangandi allan sólarhringinn, alla daga ársins og eru mikilvægir hlekkir í heildarárangri fyrirtækisins. Um fleiri en eitt starf er að ræða.

Ábyrgðarsvið:

- Umsjón með rekstri gagnaversins, þ.m.t. fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði
- Samskipti við birgja og þjónustuverktaka, innlenda og erlenda
- Samskipti við viðskiptavini
- Framkvæmd og eftirlit með reglubundnu og fyrirbyggjandi viðhaldi
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarkerfum
- Skrá frávik og vinna að úrlausn þeirra
- Um er að ræða dagvinnu og/eða vaktavinnu

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun, vélvirkjun eða sambærilegu og/eða mikil reynsla af viðhaldi flókens tölvu- og tækjabúnaðar
- Lágmark tveggja ára reynsla og þekking á hugbúnaði og vélbúnaði sem notaður er í gagnaverum, s.s. rafdreifikerfum, rafölum, spennum, rofabúnaði, varaafgjöfum, kæli- og loftræstikerfum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi og finna lausnir á tæknilegum vandamálum
- Góð hæfni í ensku í ræðu og riti

Ráðningar í störf hjá Verne Global munu standa yfir í 6-12 mánuði.

Umsjón með starfinu hafa Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

verne
GLOBAL

DATA CENTER TECHNICIANS

Verne Global seeks experienced Electrical, Mechanical and IT facilities technicians to operate, monitor, and support mission critical data center operations.

Verne Global is a joint venture backed by Novator and General Catalyst Partners, an American venture capital firm. Verne Global is building a global green data platform near Reykjanesbær. By leveraging proprietary infrastructure design, cool climates and renewable energy sources such as hydro- and geothermal power, Verne is leading the way towards radically leaner, greener, cleaner IT.

Verne will design and operate some of the most ground breaking and efficient data center infrastructure available anywhere in the world. Our mission is to develop data centers in an optimized geographic area with systems that maximize facility efficiency and reliability.

Facilities Technicians will interact with local and international contractors, vendors and customers. Technicians are responsible for infrastructure repair, maintenance and day to day facility operations. We look for creative approaches to keep operational efficiencies at peak levels and to ensure long term reliability. Verne Data Center Technicians are responsible for maintaining 24*7*365 uptime at the data center and are critical to the company's overall success.

Responsibilities:

- Manage operational, repair and maintenance activities
- Manage and support vendors and contractors providing services to the facility
- Interaction with customers
- Monitor facility operational characteristics, track and resolve issues and analyze historical data for future trending
- Manage Computerized Maintenance Management Systems
- Event reporting and resolution
- These positions may require shift work that will include weekends and holidays

Requirements:

- An Associate's degree, trade school certification, or other verifiable training in a relevant technical field.
- Two or more years at journeyman or technician level, or the equivalent
- Two or more years in mechanical/HVAC, electrical, or a combination of both
- Mechanical and electrical applicants must have or obtain required licensing
- Excellent understanding of the electrical and mechanical systems used in a data center environment, including: Electrical Distribution, Transformers, Generators, Switchgear, UPS systems, Chillers, Air handling/CRAC units
- IT technicians must have a detailed understanding of large scale data servers, storage, and networking systems
- Ability to communicate intelligently and effectively with vendors and contractors
- Ability to learn quickly and address issues as they arise
- Written and verbal fluency in English

Due to the nature of the hiring process, considerable time may pass from application until recruitment is completed. Lack of immediate response does not indicate lack of interest. Verne Global will be hiring into these positions gradually over the next 6-12 months.

Responsible for the recruitment process are Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) and Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) at Capacent Ráðningar. The deadline for applications is the 24th of August. Applicants must apply for the job on our website, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Spennandi tækifæri fyrir endurskoðendur og viðskiptafræðinga

Áhugaverð störf í alþjóðlegu umhverfi!

Vegna aukinna umsvifa viljum við stækka okkar góða starfsmannahóp enn frekar. Við óskum að ráða löggilta endurskoðendur eða viðskiptafræðinga af endurskoðunar sviði til fjölbreyttra starfa. Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og spennandi umhverfi íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs, með þátttöku í fjölbjóðlegu samstarfi og möguleikum á hluta starfstímans ytra.

Hvaða kröfur gerum við?

Við sækjumst eftir krafmiklu samstarfsfólki, sem langar til að takast á við verðug og gefandi verkefni. Viðkomandi sækist eftir því að læra enn meira, trúir því að framlag hans/hennar skipti máli og einblínir á lausnir fremur vandamál.

- Reynsla af endurskoðunarverkefnum...
- ... eða af bókhaldi, uppgjörum, skattaframtalsgerð og tengdum verkefnum
- Jákvætt hugarfar og uppörvandi framkoma
- Góð samstarfshæfni og vilji til að miðla öðrum
- Öguð vinnubrögð og skipulagshæfni

Hvað bjóðum við?

Við bjóðum þér áhugavert starf hjá nútímalegu fyrirtæki sem er hluti af PwC endurskoðunarkeðjunni, þeirri stærstu á sínu sviði í heiminum. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu fólki og við tökum vel á móti þér.

- Góður starfsandi og tækifæri til að vaxa í starfi
- Fjölbreytt verkefni þar sem þitt frumkvæði nýtist
- Símenntun í alþjóðlegu og lærdómsríku umhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími og áhersla á heilbrigða lífshætti

Umsóknir

Umsóknir óskast sendar Þórunni Auðunsdóttur, mannauðsstjóra, eða á www.pwc.com/is fyrir 1. september n.k. Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri, thorunn.audunsdottir@is.pwc.com

PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fjármálaráðgjafar, skatta- og lögræðiráðgjafar. Fyrirtækið er íslenskt en hluti af alþjóðlegri keðju sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum. PwC hefur það að markmiði að tryggja óháði og trúverðugleika í störfum sínum og veita ávallt bestu faglegu þjónustu sem völ er á. Aðgengi er tryggt að nýjungum og þróun í þjónustu með markvissu innra starfi, endurmenntun og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sterk staða fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á afburða hæfileikum og reynslu starfsmanna. Mikil er lagt upp úr því að efla fólk í starfi og veita því brautargengi innan fyrirtækisins.

*connectedthinking

PRICEWATERHOUSECOOPERS



Sálfræðingur Forvarnar- og meðferðarteymi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja óskar eftir að ráða sálfræðing í 100% starf

Óskað er eftir sálfræðingi til starfa í forvarnar- og meðferðarteymi Heilsugæslu HSS. Leitað er eftir sálfræðingi sem sérhæfir sig í meðferð barna og fjölskyldna þeirra. Viðfangs efni eru m.a. upp-eldisráðgjöf, meðferð við tilfinningavanda og fjölskyldumeðferð, megináherslan er á sálfélagslegan vanda.

Teymið er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í teyminu starfa nú þegar sálfræðingur og félagsráðgjafi.

Forvarnar- og meðferðarteymið þjónustar 0-10 ára börn og fjölskyldur þeirra, veitir frumþjónustu og leggur áherslu á að vinna fyrirbyggjandi starf. Það býður upp á einstaklingsmeðferð, námskeið, fjölskyldumeðferð, ráðgjöf og fræðslu. Starfið gerir ráð fyrir náinni þverfaglegri samvinnu við sérfræðinga HSS auk fagaðila sem hafa með börn að gera á Suðurnesjum.

Boðið er upp á

- Fjölbreytt og spennandi starf í stöðugri mótun
- Mikla möguleika á þróunar- og rannsóknarvinnu
- Tækifæri til að taka þátt í mótun starfsins
- Góðan starfsanda
- Handleiðslu

Óskað er eftir

- Einstaklingi með réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi
- Reynsla af almennum sálfræðistörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og vilji til að taka þátt í uppbyggingu og skapandi starfi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Áhugi á að vinna í þverfaglegu starfsumhverfi

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Hrunn Sigurðardóttir, yfirsálfræðingur í síma 422 0500, netfang: hrunds@hss.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2008 og geta um-sóknir gilt í 6 mánuði. Öllum umsóknum verður svarað. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 27. október. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og með-mælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannastjóra, Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

SKÓLAVEGI 6 • 230 REYKJANESBÆ • WWW.HSS.IS • HSS@HSS.IS



Hefur þú auga fyrir tækifærum?

Vífilfell óskar eftir að ráða öflugan og talnaglöggan einstakling til starfa. Viðkomandi hefur umsjón með vinnslu gagna og skýrslugerð í tengslum við framlegðarútreikninga, áætlanagerð og fl. Viðkomandi ber ábyrgð á Cognos og vinnur með öðrum starfsmönnum að þróun þess. Leitað er að aðila sem hefur góða greiningarhæfni og auga fyrir tækifærum.

Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á góðan starfsanda og létt og þægilegt andrúmsloft

Starfssvið:

- Umsjón með Cognos
- Þróun og viðhald líkana í Excel og Access
- Þróun margvíslegra mælieininga til notkunar í rekstri félagsins
- Uppgjör afkomusviða
- Arðsemismat fjárfestinga og viðskiptatækifæra
- Upplýsingagjöf til erlendra samstarfsaðila
- Ráðgjöf og stuðningur við afkomusvið félagsins

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Mikil leikni í Excel
- Góð reynsla af vinnslu gagna
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2008

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR



Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2008-2009 stendur yfir frá 18. ágúst – 22. ágúst.

Innritaðir eru:

1. Nemendur fæddir 2002 (6 ára) í Forskóla I
2. Nemendur fæddir 2001 (7 ára) í Forskóla II
3. Nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.

Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri: Málmblasturshljóðfæri, þ.e. trompet, básúnu, barytón, horn og túbu. Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu, víólu og selló. Einnig er til takmarkað pláss á píanó og harmóníku. Einnig er innritað í fiðluforskóla (5-6 ára börn). Fullskipað er á tréblásturshljóðfæri, gítar og ásláttarhljóðfæri.

ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER TAKMARKAÐ.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 12:30-16:30 virka daga. Síminn er 562-8477. Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna. Til að tryggja endanlega að innritun sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunum www.reykjavik.is eða www.grunnskolar.is á sama tíma í ágúst eða biðja skrifstofu Tónmenntaskólans um aðstoð komi erfiðleikar í ljós.

Skólastjóri

ATVINNA Í BOÐI.

Starfsfólk óskast á Sambýlin á Skálatúni Mosfellsbæ unnið er eftir vaktakerfi Mismunandi starfshlutföll í boði, einnig er laus staða næturvaktar.

Upplýsingar gefur sviðstjóri Anna Kristín í síma 5306603 einnig er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu okkar skalatun.is

Blikksmiðir / Járniðnaðarmenn óskast

Blikksmiðja Austurbæjar ehf óskar eftir starfsmönnum í fullt starf.

Upplýsingar í síma 660-2930



Á meðal lausra starfa í boði:

- Almennir starfsmenn í álframleiðslu
- Starfsmaður í starfsmannadeild
- Ljúþjálfi
- Afgreiðslustarf í ísbúð
- Uppvask á veitingastað
- Hjúkrunarfræðingar
- Hjúkrunardeildarstjóri
- Prófessor
- Starfsmann í svínarækt
- Náms- og starfsráðgjafi
- Sóknarprestur
- Vanir smiðir
- Proskapjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar
- Stuðningsfulltrúi
- Fulltrúi í afgreiðslu- og innheimtu
- Starfsfólk á meðferðardeild
- Laghentur starfsmaður á loðdýrabú
- Starfsmenn á Blindrabókasafn
- Læknaritari
- Starfsmaður í afgreiðslu
- Skólaliðar
- Þjóna vantar á nýjan veitingastað
- Afgreiðslu og þjónustustarf á bensinstöð
- Lektor
- Þjónustustarf í borðsal.
- Au-pair og aðstoð við heimilisstörf
- Sölustarf í verslun
- Meiraprófsbilstjóri
- Sérfræðingur í opinberri stjórnsýslu
- Verkamenn óskast í stálsmiðju
- Sölu/ markaðsstarf
- Skrifstofustjóri/ skrifstofufulltrúi

Fleiri störf og ítarlegri upplýsingar á www.vinnumalastofnun.is

Áhugasamir fylli út umsókn á www.vinnumalastofnun.is/svmhb/umsokn

VINNUMÁLASTOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Engjateig 11 - 105 Reykjavík - sími 515 4850 - hofudborgarsvaedid@vmst.is



ÁSVALLALAUG – STARFSFÓLK

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða starfsfólk í nýja og glæsilega sundmiðstöð á Völlum, Ásvallalaug, sem opnuð verður nú í september. Þar verður aðstaða til sundiðkunar og afþreyingar með því besta sem völ er á. 50 metra sundlaug, tvær barnalaugar, 5 heitir pottar, eimbað, rennibraut, leiktæki ofl. Sundmiðstöðin er að mestu leyti innandyra.

Við leitum að konum og körlum til framtíðarstarfa í fullt starf og hlutastörf. Um vaktavinnu er að ræða. Viðkomandi hefja störf strax.

Helstu verkefni:

- Laugarvarsla
- Baðvarsla
- Afgreiðslustörf
- Ræstingar

Hæfniskröfur:

- Leitað er að einstaklingum sem búa yfir:
 - ríkri þjónustulund;
 - eiga gott með mannleg samskipti;
 - vinna vel í hópi;
 - eru áhugasamir.

Væntanlegir starfsmenn fá viðeigandi fræðslu og þjálfun og þurfa að standast laugarvarðapróf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu berast til þjónustuvers Hafnarfjarðarbæjar merktar "Ásvallalaug – starfsumsókn" eða í tölvupósti á netfangið bjorgs@hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar um störfin veitir Björg Snjólfssdóttir forstöðumaður í síma 664 5544, netfang bjorgs@hafnarfjordur.is.

Forstöðumaður Ásvallalaugar

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

STOFAN

93% ÞEKING OG HÆFILEIKAR NÝTAST VEL*

91% STARFSÁNÆGJA*

LEITUM AÐ ÖFLUGUM LEIÐTOGUM

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVARNAR KRINGLUMÝRI OG FROSTASKJÓL ÓSKA EFTIR AÐSTOÐARUMSJÓNARMÖNNUM Á FRÍSTUNDAHEIMILI

HELSTU VERKEFNI

- Skipuleggja daglegt starf í samráði við börn og starfsfólk
- Stýra verkaskiptingu milli starfsmanna
- Leiðbeina starfsmönnum og veita þeim tilsögn um framkvæmd vinnunnar
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn
- Er staðgengill umsjónarmanns

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða önnur sambærileg menntun
- Mikil reynsla af starfi með börnum
- Sterk fagvitund og skipuleg vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á að leiða hóp
- Áhugi á frítímastarfi, lífsleikni- og félagsfærniþjálfun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um stöfin í Frostaskjóli veitir Steinunn Gretarsdóttir í síma 411 5700 eða í gegnum netfangið steinunn.gretarsdottir@reykjavik.is. Inga Björk Ólafsdóttir veitir upplýsingar um stöfin í Kringlumýri í síma 411 5400 eða í gegnum netfangið inga.bjork.olafsdottir@reykjavik.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 31. ÁGÚST 2008. Umsækjendur þurfa að hefja stöf sem fyrst.

Hægt er að sækja um rafrænt í gegnum www.itr.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

ITR

ÍTR

*Vinnustaðgreining framkvæmd af Capacent fyrir ÍTR

Kíktu á Vinna.is

Hjá Vinna.is eru fjölmörg störf í boði t.d. skrifstofustörf, framlínustörf, lager, útkeyrsla ofl. Skráðu þig á www.vinna.is og á póstlistann til að fá upplýsingar um ný störf á netfangið þitt.



Which Way World

eru nýstofnuð mannúðarsamtök sem óska eftir að komast í samband við einstakling eða fyrirtæki til að gera heimasíðu fyrir samtökin.

Upplýsingar gefur Karl í síma 770 5451

Verktakar / Vélaleiga

VÖKVAVÉLAR

Vélamenn óskast

Óskum eftir að ráða vanan menn á beltagröfur. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 699 7141.

Vökvavélar ehf. · Skipholt 50d, 104 Reykjavík



Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í hlutastarf og framtíðarstarf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda.

Hafið samband við Elvu: perlan@perlan.is.



Sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sviðsstjóri stýrir kjarasviði og ber ábyrgð á neðangreindum verkefnum og öðrum tengdum verkum. Hann á sæti í samstarfsnefndum og samninganefndum við gerð kjarasamninga og er formaður þeirra í mörgum tilvikum. Á sviðinu starfa nú auk sviðsstjóra 5 sérfræðingar í kjaramálum og starfsmati.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Starfssvið:

- Gæta hagsmuna sveitarfélaga á sviði kjaramála
- Umsjón með starfsemi og annast framkvæmdastjórn fyrir Launanefnd sveitarfélaga
- Umsjón með gerð kjarasamninga
- Samskipti við stéttarfélög og aðra aðila á vinnumarkaði
- Upplýsingaöflun um kjaramál, vinnurétt og önnur vinnumarkaðsmál
- Almenn þjónusta og ráðgjöf til sveitarfélaga um kjaramál, s.s. aðstoð við túlkun og skýringar kjarasamninga
- Umsjón með samstarfsnefndum og öðrum nefndum sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða vinnumarkaðsfræði
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla og/eða áhugi á málefnum sveitarfélaga
- Forystuhæfileikar og stjórnunarreynsla
- Frumkvæði og lausnarmiðuð hugsun
- Gott orðspor og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku, ritun texta og framsetningu upplýsinga
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst 2008 og eru umsækjendur vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins





Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leikskólum Leikskólar

Hlíðarberg

(565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun
Aðstoð í eldhús e. hádegi

Hlíðarendi

(555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

Hraunvallaskóli

(664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Proskapjálfi
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Hvammur

(565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

Hörðuvellir

(555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari frá 1. sept.

Norðurberg

(555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

Stekkjarás

(517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með
aðra uppeldismenntun.

Allar upplýsingar um störfín gefa skólastjórar
viðkomandi skóla. Sjá nánar á heimasíðum skólanna.
Karlár jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfín.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Veislulist

Veislulist Skútan óskar eftir að
ráða matreiðsluman.

Upplýsingar veitir Sigurpáll s.
822 8253 / 555 1810

5 stöður við þróunarvinnu á Indlandi, Zambíu og Mósambík

14 mánuðir - þar af 6 mánaða undirbúningur í Noregi.
Hefst í október/ febrúar

Vinna með HIV- og eyðnismitaða, menntun kennara,
við samfélagsvinnu, götubörn.

Hafið samband: sidsel@humana.org
0047 61264444
www.drh-norway.org



MANNVIT

VERKFRÆÐISTOFA

Viljum bæta við okkur kraftmiklu og metnaðarfullu fólki

VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGAR á sviði stjórnbúnaðar

Starfssvið:

- Forritun iðntölva og skjákerfa og ráðgjöf því tengd.
- Eftirlit með uppsetningu og prófunum.
- Verkefni á sviði stjórnbúnaðar, virkjana og veitna.

Hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur.
- Góð þekking á stjórnbúnaði æskileg.
- Þekking á forritun stjórnbúnaðar æskileg.

HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐINGAR eða verkfræðingar með góða þekkingu á hugbúnaðargerð

Starfssvið:

- Smíði stórra og tæknilega flókinnna raunímahugbúnaðarkerfa,
sérstaklega kerfa þar sem gerðar eru miklar kröfur um áreiðanleika.

Hæfniskröfur:

- M.Sc. próf í hugbúnaðarverkfræði með áherslu á gagnasafnsfræði
eða sambærileg þekking.
- Kunnátta á sviði gagnasafna.
- Þekking á sviði hönnunar, smíði og rekstri hugbúnaðarkerfa.

HEILBRIGÐISVERKFRÆÐINGAR

Starfssvið:

- Þátttaka í uppbyggingu þjónustu á sviði heilbrigðisverkfræði hjá Mannviti.
- Ráðgjöf á sviði heilbrigðisverkfræði og hönnun tæknikerfa.
- Aðstoð við val á búnaði, úttektir o.fl. tengt sérkerfum og hugbúnaði
í heilbrigðisgeira.

Hæfniskröfur:

- B.Sc. eða M.Sc. próf í heilbrigðisverkfræði.
- Grunnþekking á tæknibúnaði á heilbrigðissviði.
- Kunnátta í forritun.



Við bjóðum upp á:

- Góðan starfsanda.
- Krefjandi verkefni.
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi.

Leitað er eftir starfsfólki
sem sýnir frumkvæði í starfi
og lipurð í samskiptum ásamt
því að hafa skipulagshæfileika
og jákvætt hugarfar.

Upplýsingar veitir
Drífa Sigurðardóttir starfsmanna-
stjóri í síma 422 3338.
Umsóknir óskast fylltar út á
vefsíðu Mannvits, www.mannvit.is,
fyrir 26. ágúst 2008.

Mannvit er stærsta verkfræðistofa landsins með yfir 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öflugra starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: Traust, viðsýni, þekking og gleði.



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í grunnskólum skólaárið 2008-2009

Áslandsskóli

(664-5501 leifur@aslandsskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Forstöðumaður heilsdagsskóla
Skólaliði

Engidalsskóli

(664-5867 audur@engidalsskoli.is)
Umsjónarkennari í 4. og 7. bekk

Hraunvallaskóli

(664-5874 agusta@hraunvallaskoli.is;sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Leikskólakennarar

Lækjarskóli

(664-5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi

Setbergsskóli

(664-5880 maria@setbergsskoli.is)
Skólaliðar

Víðistaðaskóli

(664-5891/664-5890 annakr@vidistadaskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Umsjónarkennari á miðstigi
Tónmennt
Skólaliði

Öldutúnsskóli

(664-5896 herla@oldutunsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Íslenska og náttúrufræði á unglingsstigi
Námsráðgjafi (50%)

Allar upplýsingar um störfín gefa skólastjórnendur viðkomandi skóla.
Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar
Karlár jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfín.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



www.lyfja.is

Atvinnutækifæri hjá Lyfju



ISLENSKA SJÁLIS LYFJA 43110.07.2008

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Vegna breytinga og vaxandi starfsemi getum við bætt **lyfjatæknum, snyrti- og förðunarfræðingum og sölu- og afgreiðslufólki** í okkar frábæra starfsmannahóp.

Störfin felast m.a. í ráðgjöf til viðskiptavina um vörur í verslun, afgreiðslu á kassa, ráðgjöf og afgreiðslu á lausasölulyfjum og afhendingu lyfja gegn lyfseðli.

Um er að ræða störf í vaktavinnu, fullt starf í dagvinnu og hlutastarf í apótekum Lyfju á höfuðborgarsvæðinu. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á starfsþróun.

Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.


Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Lyfju, www.lyfja.is og hjá starfsmannastjóra (thorgerdur@lyfja.is) í síma 530 3800.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is.

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmum til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.



Óskum eftir stundakennara í leiklist og menningar- tengda frönskukennslu 5 - 9 ára nemenda

Landakotsskóli er heildstæður grunnskóli frá 1. - 10. bekkjar, auk deildar fyrir 5 ára nemendur.



Upplýsingar í síma 510 8200 eða á www.landakot.is

Félagsmiðstöðin Selid

Starfsfólk óskast í Félagsmiðstöðina Selid á Seltjarnarnesi

Félagsmiðstöðin Selid á Seltjarnarnesi auglýsir eftir starfsmanni í hlutastarf fyrir veturinn 2008-2009. Um er að ræða starf leiðbeinenda í tólmundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Skilyrði er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri og æskilegt er að þeir hafi einhverja reynslu, þekkingu eða menntun í starfi með börnum og unglingum.

Skila skal umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf í félagsmiðstöðina Selid v/Suðurströnd eða í tölvupósti á netfangið selid@seltjarnarnes.is

Nánar upplýsingar veitir Margrét í síma 595-9177

SELTJARNARNESBÆR
Æskulýðsfulltrúi



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Skapandi störf með skapandi fólki

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar

Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Rauðaborg, Víðarásí 9, sími 567-2185
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 553-8545
Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240
Drafnarborg, Drafnarstíg 4, sími 552-3727
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Hagaborg, Fornhaga 8, sími 551-0268
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Klambrar, Háteigsvegi 33, sími 511-1125
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Laugaborg, við Leirulæk, sími 553-1325
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Rauðaborg, Víðarásí 9, sími 567-2185
Sólhlíð, við Engihlíð, sími 551-4870
Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
Steinahlíð, Suðurlandsbraut, sími 553-3280
Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

Yfirmaður í eldhús

Klambrar, Háteigsvegi 33, sími 511-1125
Laugaborg, við Leirulæk, sími 553-1325

Aðstoðarmaður í eldhús

Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770.
Um er að ræða 50% starf.
Klambrar, Háteigsvegi 33, sími 511-1125
Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350.
Um er að ræða 50% starf.
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

Leikskólasérkennari/proskapjálfi/atferlisþjálfari

Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099.
Um er að ræða 50% starf.
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199.
Um er að ræða 75% starf.
Rauðaborg, Víðarásí 9, sími 567-2185

Sérkennslustjóri

Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770.
Um er að ræða 50-60% starf.
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199.
Um er að ræða 50% starf.

Verkefnastjóri í fjölmenningu

Drafnarborg, Drafnarstíg 4, sími 552-3727.
Um er að ræða 80-100 %starf.

Helstu verkefni: Mótun fjölmenningsstarfs í leikskólanum
Skráning og mat á tvítyngdum börnum
Handleiðsta í starfi ef óskað er

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólustjórar í viðkomandi leikskólum og mannaúdráðgjafar á Starfsmannþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.



Tjónaskoðun

Óskum eftir vönum starfsmanni í tjónaskoðun hjá traustu og vaxandi fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Tjónaskoðun á bílum
- Móttaka og skráning
- Samskipti við viðskiptavini, bílaumboð og tryggingarfélag
- Skráning og utunumhald skoðanna

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af tjónaskoðun
- Þekking á CABAS tjónamatskerfinu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Lipurð í samskiptum, jákvætt hugarfar og stundvísir

Umsóknarfrestur: Til og með 25. ágúst 2008

Áhugasamir sendi umsóknir á karl@bilastjarnan.is



Bæjarflöt 10 • 112 Reykjavík

Bilastjarnan er eitt stærsta og öflugasta réttinga- og málingarverkstæði landsins. Félagið leitast við að vera í fararbroddi í bifreiða-réttingum og málun. Félagið leggur metnað í góða þjónustu við viðskiptavini og góða vinnuástandu fyrir starfsmenn. Fyrirhuguð er stækkun verkstæðisins með bætrri þjónustu og aukinni fagmennsku.

2976 / TAKTÍK 7.8.2008

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VANTAR ÞIG**SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000****Stuðningsfulltrúi
fatlaðs nemanda**

Tækniskólinn óskar eftir stuðningsfulltrúa til að annast aðstoð við fatlaðan nemanda. Um er að ræða fullt starf. Starfsmaðurinn starfar undir stjórn kennara en þarf einnig að geta unnið sjálfstætt.

Hæfniskröfur:

Reynsla af starfi með fötludum og viðeigandi menntun.

Nánari upplýsingar veitir Fjölur Ásbjörnsson í síma 821 5647. Umsókn sendist á netfangið fa@tskoli.is fyrir 23. ágúst.Fjölmenningskólinn
Tækniskólinnwww.tskoli.is**KÓPAVOGSBÆR****Fjármála- og hagsýslustjóri**

Fjármála- og hagsýslustjóri er starfsmaður á fjármála- og stjórnsýslusviði Kópavogsbæjar og næsti yfirmaður hans er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, bæjarritari. Fjármála- og hagsýslustjóri er yfirmaður fjármáladeildar en hlutar hennar eru m.a. innheimta og bókhald. Hann hefur yfirumsjón með allri fjármálastjórn þ.m.t. álagningu gjalda og innheimtu þeirra, lántöku bæjarfélagsins, áætlanagerð og framkvæmd þeirra svo og innkaupa- og kostnaðareftirliti. Hann hefur yfirumsjón með gerð ársreiknings í hendur löggilts endurskoðenda og samskipti við hann. Fjármála- og hagsýslustjóri skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, gildandi fjárhagsáætlun, sett markmið og ákvarðanir bæjarstjórnar.

Á verksviði fjármála- og hagsýslustjóra er m.a. eftirfarandi:

- Stjórn starfsmannamála í fjármáladeild.
- Yfirumsjón með fjárfstýringu, greiðsluflæði og innheimtu.
- Yfirumsjón með undirbúningi og gerð fjárhagsáætlunar bæjarins ásamt gerð greiðsluáætlana.
- Fjármálaleg ráðgjöf til forstöðumanna stofnana og sviðstjóra og samningagerð með þeim.
- Ábyrgð á lánastýringu og samskiptum við fjármálastofnanir.
- Ráðgjöf varðandi innlendar og erlendar lántökur. Að fylgjast með gengisþróun og vaxta-breytingum á erlendum lánamörkuðum í samræði við aðkeypta sérfræðiaðstoð.
- Upplýsingagjöf til stjórnenda um framgang og stöðu fjárhagsmálefna bæjarsjóðs t.d. með árshlutauppgjörum og skýrslum.
- Stefnumótun í samræmi við markmið bæjarstjórnar um aðhald, hagkvæmni og sparnað í innkaupum og rekstri bæjarins.

Menntun og hæfniskröfur:

- Fjármála- og hagsýslustjóri skal vera með háskólamenntun í viðskiptagreinum á framhaldsstigi eða aðra skylda háskólamenntun er nýtist í starfi og hafa mikla reynslu af fjármálastjórn og samningagerð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon, bæjarritari í síma 570 1500.

Umsóknir með ferilsskrá sendist á netfangið: starfsmannastjori@kopavogur.is fyrir föstudaginn 29. ágúst.**Viltu vera í okkar liði?**

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Störf á framleiðslusviði Actavis hf.

Actavis hf. auglýsir eftir starfsfólki á framleiðslusviði. Fyrirtækið leitar að starfsfólki sem hefur getu til að fylgja mjög nákvæmum verkferlum. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og þurfa að geta tileinkað sér mjög sérhæfð vinnubrögð.

Starf við lyfjapökkun**Í starfinu felst:**

- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Eftirlit með pökkunarlinum
- Stillingar og breytingar á tækjabúnaði
- Skjalfesting
- Sýnataka
- Merkingar á vörum til útflutnings

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að tileinka sér starfsemi flókens vélbúnaðar er kostur

Vinnutími:

- Í lyfjapökkun er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Vélamaður í lyfjapökkun**Í starfinu felst:**

- Tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningar
- Breytingar og stillingar á pökkunarlinum
- Vélakeysla við kartona- og þynnupökkun
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða reynsla af vinnu við vélar er æskileg
- Reynsla eða þekking úr sambærilegum iðnaði er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni

Vinnutími:

- Í lyfjapökkun er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Starf í undirbúningsteymi**Í starfinu felst:**

- Undirbúningur á tækjum og búnaði fyrir framleiðslu
- Regluleg þrif á framleiðsluvæðum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:

- Almenn menntun
- Nákvæmni og vandvirkni
- Jákvæðni og hæfni til að vinna vel í hóp

Vinnutími:

- Unnið er tvær vikur á dagvöktum og þriðju vikuna á kvöldvöktum.

Actavis veitir starfsmönnum sínum árlega styrki til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks. Við höfum gott mótuneyti og öflugt starfsmannafélag auk þess sem ein af líkamsræktarstöðvum World Class er í húsakynnum Actavis að Dalshrauni 1.

Starf við lyfjablöndun**Í starfinu felst:**

- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur fyrir störf í lyfjablöndun og töfluslætti:

- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi flókens vélbúnaðar
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg

Vinnutími fyrir störf í lyfjablöndun og töfluslætti:

- Í lyfjablöndun og töfluslætti er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverju viku á næturvöktum.

Starf við töfluslætti**Í starfinu felst:**

- Framleiðsla á töflum og hylkjum
- Sýnataka og framleiðslueftirlit
- Samsetning og þrif á vélbúnaði
- Skjalfesting

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Aðalheiður Rúnarsdóttir**, adrúnarsdottir@actavis.is. Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir 24. ágúst nk.

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



91% MÉR LÍÐUR VEL Í VINNUNNI*

90% SVEIGJANLEIKI Í STARFI*

MÓTTAKA OG UMSJÓN HÚSNÆÐIS Í FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐINI FROSTASKJÓLI
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Í FJÖLBREYTTILEGT STARF

HELSTU VERKEFNI

- Móttaka
- Ræsting
- Umsjón með kaffistofu og fundarherbergjum
- Veitingar á fundum og námskeiðum

HÆFNISKRÖFUR

- Færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi
- Áreiðanleiki, sveigjanleiki og vandvirkni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 25. ÁGÚST 2008.
 Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Hédinn Sveinbjörnsson í síma 411 5700 eða í gegnum netfangið hedinn.sveinbjornsson@reykjavik.is

HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Í GEGNUM WWW.ITR.IS
 Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

ITR

FROSTASKJÓL
 frístundamiðstöð

*Vinnuáætlun framkvæmd af Capacent fyrir ITR

ER FÉLAGSLÍF Í ÞÉR?

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR REYKJANESBÆJAR

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FAGLEGU STARFI Á VETTvangi FRÍTÍMANS?

Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og hugmyndaþríkum einstaklingum til að starfa í félagsmiðstöðinni Fjörheimum og 88 Húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks í Reykjanesbæ.

Ábyrgðarsvið

- » Umsjón og ábyrgð á starfsemi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglunga á aldrinum 14 - 16 ára og 16 - 25 ára
- » Skipulagning starfsins í samráði við yfirmann, samstarfsfólk, börn og unglunga
- » Samskipti og samstarf við starfsfólk skóla, foreldra og aðra samstarfsaðila
- » Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- » Reynsla af starfi með börnum og unglungum
- » Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- » Sjálfstæði og frumkvæði
- » Færni í mannlegum samskiptum
- » Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hafþór B. Birgisson Tólmundafulltrúi Reykjanesbæjar í síma **898 1394**, netfang: hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is.

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst 2008.

Hægt er að sækja um rafrænt á reykjanesbaer.is og mittreykjanes.is
 Vakinn er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum.

88.is / fjorheimar.is



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Grunnskólar Mosfellsbæjar
Skólabyrjun 2008

Skólasetning í grunnskólum Mosfellsbæjar verður föstudaginn 22. ágúst nk.

Tímasetningu á boðun árganga er að finna á vef skólanna: lagafellsskoli.is og varmarskoli.is ásamt upplýsingum um upphaf kennslu og innkaupalista.

Skráning í mótuneyti og frístundasel hefst 18. ágúst á íbúagátt Mosfellsbæjar.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

maður lifandi

Áhugi á heilbrigði og heilsu – Störf í boði hjá Maður lifandi

Maður lifandi Hæðasmára.
 Starfsmaður í 100% starfi í matstofu.

Maður lifandi Hafnarborg.
 Starfsmaður í 100% starfi.

Hæfniskröfur:
 Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
 Góð framkoma og þjónustulund.
 Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um ofangreind störf veitir Guðmundur Guðmundsson rekstrarstjóri í síma 897 5701 eða á netfangið gg@madurlifandi.is

Matreiðslumaður óskast í 100% starfi.

Hæfniskröfur:
 Áhugi á heilsumatreiðslu.
 Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
 Sjálfstæði í starfi.

Upplýsingar um ofangreint starf veitir Steinn Óskar Sigurðsson forstöðumaður eldhúsa í síma 691 1777 eða á netfangið steinn@madurlifandi.is

Á SLÓÐUM FERÐAMANNA

Verslunarstarf

RAMMAGERÐIN óskar eftir að ráða öflugan og glaðlyndan starfsmann í verslun Rammagerðarinnar í Hafnarstræti.
Vinnutími 9:00-18:00

Hæfniskröfur:

- Afburða þjónustulund og hressileg framkoma
- Góð enskukunnátta skilyrði, viðbótar tungumál kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samvirkusemi
- Stundvísi

Einnig óskar Rammagerðin eftir að ráða starfsmenn til starfa um helgar frá 10:00-18:00

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri í síma 551 1122 eða gegnum rammagerdin@rammagerdin.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst.
 Umsókn með starfsferilskrá sendist á rammagerdin@rammagerdin.is



ICELAND
 GIFTSTORE
 RAMMAGERÐIN



VILT ÞÚ VERÐA HEILBRIGÐISRITARI?

Nokkur pláss eru laus á heilbrigðisritarabrot Fjölbrautaskólans við Ármúla. Kennt er samkvæmt nýrri námskrá heilbrigðisritara. Umsókn- um skal skilað á skrifstofu skólans á umsóknareyðublaðum sem þar fást. Einnig er hægt að prenta umsóknareyðublaðið út af heimasíðu skólans, www.fa.is. Nánari upplýsingar veitir Kristrún Sigurðardóttir kennslustjóri, netfang: run@fa.is.

Skólameistari



50 ára eða eldri!

Perlan óskar eftir starfsmanni í dyravörslu og fatahengi um kvöld og helgar. Leitum sérstaklega að karlmanni 50 ára eða eldri.

Hafið samband við Guðna:
899 5870 / perlan@perlan.is.



STUÐLAR

MEDFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Viljum ráða starfsmenn á meðferðardeild Stuðla.

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglungum? Starfið felst í beinni meðferðarvinnu og tómsundastarfi og einstaklingsbundnum stuðningi við unglungana í meðferð í samvinnu deildarstjóra, og sálfræðinga.

Um er að ræða spennandi og lærdómsríkt starf þar sem veitt er starfsþjálfun. Góður er starfsandi ríkir á Stuðlum og starfsmenn fá styrk til líkamsræktar.

Við erum að leita að einstaklingi sem hefur reynslu af vinnu með unglunga t.d. í tómsundastarfi eða íþróttastarfi eða hafi aðra þá starfsreynslu eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi. Umsækjendur þurfa að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á meðferðarstörfum. Þeir þurfa að vera stundvísir, geta farið eftir verklagsreglum og jafnframt sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða vaktavinnu og fullt starf. Æskilegt er að umsækjandi geti hafi störf sem fyrst.


Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði. Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Hægt er að sækja um störf á umsóknareyðublaði sem fæst á vefsíðu Stuðla www.studlar.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

Umsóknir berast til Stuðla -
Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga,
Fossaleyni 17, 112 Reykjavík
eigi síðar en 31. ágúst.
Auglýsingin gildir í 6 mánuði

Nánari upplýsingar veita forstöðumaður
Sólveig Ásgrímsdóttir; netfang solveig@studlar.is og
deildarstjóri meðferðardeildar Grétar Halldórssón;
(gretar@studlar.is) og lokaðrar deildar Böðvar Björnsson;
(boðvar@studlar.is) einnig í síma 530-8800.

Forstöðumaður



VIÐ ÞURFUM ÞINN STUÐNING

Fristundaheimili ÍTR óska eftir fólki til starfa í stuðning við fötluð börn og unglunga á almennum fristundaheimilum ÍTR, fristundaheimili við Óskjuhlíðarskóla og fristundaklúbbum ÍTR

HELSTU VERKEFNI

- Skipulagning á faglegu fristundastarfi fyrir 6-16 ára börn og unglunga
- Leiðbeina börnum og unglungum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og annað starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með fötluðum börnum og unglungum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störf í síma 4 11 11 11.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

*Vinnustaðgering ferkvæmd af Capacent fyrir ÍTR
**Viðhorfsómum með starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Skólaárið 2008 – 2009 eru eftirfarandi stöður lausar

Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570 8100

- Kennari á yngsta stigi
- Skólaliði

Árbæjarskóla, Rofabæ 34, sími 567 2555

- Stuðningsfulltrúi, 70% staða
- Skólaliðar, 50-100% staða

Ártúnsskóli, Árkvörn 6, sími 567 3500

- Skólaliði

Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 411 7450

- Skólaliði, hlutastarf kemur til greina
- Starfsmaður skóla, gangavörður, hlutastarf kemur til greina

Engjaskóli, Vallengi 14, sími 411 7600, 664 8160

- Deildarstjóri sérkennslu, 50% deildarstjórn, 50% sérkennsla
- Stuðningsfulltrúar. tvær, 75% stöður
- Skólaliði

Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 557 3800

- Umsjónarkennari í 2. bekk

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Skólaliði í eldhús, 80-100 % staða
- Skólaliðar, 2 stöður í gæslu og ræstingu
- Stuðningsfulltrúi, 70% staða v/forfalla ágúst – 1. nóv. nk.

Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568 0200 / 664 8190

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Proskapjálfi
- Starfsmaður skóla til að sinna nemendum í leik og starfi
- Tónmenntakennari, 50% staða, góð stundaskrá í boði

Hagaskóli, Fornhagi 1, sími 535 6500

- Samfélagsfræðikennari, 10 stundir
- Skólaliði í eldhús, 70-100% staða

Hamraskóli, Dyrhömrum 9, sími 664 8200, 664 8201

- Deildarstjóri sérkennslu
- Skólaliði
- Raungreina- og samfélagsfræðikennari, afleysing v/fæðingarorlofs frá 15.sep. til 15. des.
- Sérkennari eða þroskajálfi; sérdeild fyrir einhverf börn

Háteigsskóli, v/ Háteigsveg, sími 530 4300, 664 8215

- Proskapjálfi, afleysing v/fæðingarorlofs, 50-100% staða
- Stuðningsfulltrúi í 5. bekk, 50% staða

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.reykjavik.is/storf. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



STARFSMENN Í FLUGUMSJÓN FLUGREKSTRARDEILD

Starfssvið:

Starfsmenn í flugumsjón annast örugga upplýsingagjöf fyrir flug á vegum félagsins, tryggja skilvirki og hagkvæmni í gerð flugáætla og sinna öðrum skyldum störfum.

Persónuleg hæfn:

- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera tölvulæs
- Geta unnið sjálfstætt en eiga jafnframt auðvelt með að vinna í hóp
- Geta tekið á við mörg verkefni samtímis í hröðu og krefjandi umhverfi
- Hafa gott vald á ensku, bæði talaðri og ritaðri

Umsækjendur þurfa að:

- Hafa haldgóða menntun og/eða stúdentspróf
- Geta unnið á gangandi vöktum, jafnt um helgar sem og á hátíðisdögum.
- Hafa fyrri reynslu úr flugumsjón og/eða réttindaskírteini

Áhugasamir sækja um viðkomandi starf beint á heimasíðu www.jetx.is undir **jobs** og hengi við ferilskrá á ensku og mynd. Umsóknarfrestur er til **24. ágúst 2008**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Vinsamlega hafið samband ef frekari upplýsinga er þörf.

FLIGHT OPERATIONS COORDINATORS FLIGHT OPERATIONS DEPARTMENT

Job description:

The Flight Operations Coordinators are responsible for the safe, compliant and efficient planning and operation of Primera Air flights as well as performing other duties as necessary.

Personal skills:

- Be fluent in both spoken and written English.
- Have good communication and computer skills
- Be able to work both independently and as part of a team.
- Have the ability to multi task and work in a fast paced, demanding environment

Applicants shall:

- Have a good general education and/or college degree
- Be able to work nights, weekends and holidays
- Have previous airline flight dispatch experience, preferably a Flight Dispatcher license

Please apply on our website www.jetx.is under **jobs** and attach a detailed CV in English and a photo. The application deadline is **24 August 2008**. All applications will be answered and considered confidential. Should you have additional questions, feel free to contact us.



Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | jetx.is

Primera Air er leiguflugfélag staðsett í Kópavogi og flýgur frá Norðurlöndunum til áfangastaða víðs vegar um heiminn. **Primera Air** var stofnað árið 2003 og þá undir nafninu JetX. Frá og með 1. október n.k. verður nafnið **Primera Air**. Starfsfólkio er vel menntað, áhugasamt, árangursdrifið og fara samskipti að mestu fram á ensku. Við hlökkum til að deila með þér því áhugasama vinnuumhverfi sem við hrærumst í.

Tónlist Hrauns er þjóðlagaskotið popp með rokkvafi. Silent Treatment byrjar á nýrri útgáfu af laginu Dansa sem söngvari og aðallagasmíður Hrauns, Svavar Knútur, sigraði Trúbadorakeppni Rásar 2 með árið 2005. Fín útgáfa af fínu lagi og góð byrjun á Silent Treatment. Skemmtileg röddun sem einkenndi Ástarsögu úr fjöllumum er í hávegum höfð í Dansa og fleiri lögum á plötunni.

Bestu lögín á Silent Treatment

eiga það sameiginlegt að byrja frekar rólega og sækja svo í sig veðrið. Þetta á við um Dansa, titillagið og Thunderball og fleiri lög. Sveitinni fer verr að rokka stíft og lögin það er ekkert I í lið og So let us drink er ekki alveg að virka.

Mér finnst platan líka líða fyrir flatan og slappan hljóm. Þetta er sérstaklega áberandi í háværingi köflunum. Nokkuð sem sveitin ætti að hafa í huga þegar hún fer í hljóðver til að taka upp næstu plötu.

Á heildina titið má segja að Hraun sé enn fyrst og fremst efnileg sveit. Svavar Knútur er ágætis söngvari og upprennandi lagasmíður. Sveitin er á réttri leið, Silent Treatment er betri en fyrri platan, en það vantar samt töluvert upp á að Hraun hafi náð að skapa sér þá sérstöðu sem er nauðsynleg fyrir alvöru tónlistarmenn.

Trausti Júlíusson



TÓNLIST

Silent Treatment

Hraun

★★★

Svavar Knútur er ágætur söngvari og upprennandi lagasmíður. Silent Treatment sýnir að Hraun er efnileg sveit á réttri leið.

SparBíó 550kr

laugardag og sunnudag

SAMBÍÓ.is SAMBÍÓINN

WALL-E með íslensku tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni kl. 1:30 á Selfossi kl. 2 Akureyri og kl. 1:30 í Keflavík	GET SMART kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni kl. 5:45 í Kefl.	DARK KNIGHT kl. 2 í Álfabakka	KUNG FU PANDA ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka, Kringlunni, Selfossi og í Keflavík. kl. 2 á Akureyri	MAMMA MÍA kl. 1:30 í Álfabakka
--	--	----------------------------------	--	-----------------------------------

TILBOÐSVERÐ

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.20 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 3.50 BORGARBÍÓ KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ
---------------------------------------	--	------------------	----------------	----------------	----------------

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 kr. á fyrstu sýningar dagsins

ego dekor

GEGNHEIL MANGO HÚSGÖGN

20-30% afsláttur



Borð Verð áður: 69.000,- VERÐ NÚ: 55.200,-	Spegill Verð áður: 28.000,- VERÐ NÚ: 19.600,-	Juan skenkur Verð áður: 95.000,- VERÐ NÚ: 76.000,-	Cube leðurstóll Verð áður: 19.800,- VERÐ NÚ: 9.900,-	Skápasamstæða Verð áður: 209.000,- VERÐ NÚ: 146.300,-
--	---	--	--	---

TV-skenkur
Stærð: 180cmX60cmXH:60cm
Verð áður: 78.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 62.400,-

Glerskápur
Stærð: 103cmX45cmXH:188cm
Verð áður: 69.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 48.300,-

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70% AFSLÁTTUR

Clay leðursófasett
Dökkbrúnt leður
3+1+1

Verð áður: 225.000,-

-25%

VERÐ NÚ: 168.750,-

3+2,5

Verð áður: 207.000,-

-25%

VERÐ NÚ: 155.250,-



Palma leðursófasett
Dökkbrúnt leður
3+2

Verð áður: 237.000,-

-25%

VERÐ NÚ: 177.750,-



Paris leðurstóll
Féanlegur í svörtu, hvítu og brúnu

Verð áður: 17.500,-

-20%

VERÐ NÚ: 14.000,-



Lia stóll

Verð áður: 14.500,-

-20%

VERÐ NÚ: 11.600,-



Veggssamstæða
f/sjónvarp

Hnota

Stærð: 243cmX56cmXH:156cm

Verð áður: 145.000,-

-20%

VERÐ NÚ: 116.000,-



Tito stóll

Féanlegur í svörtu, hvítu og brúnu

Verð áður: 13.500,-

-20%

VERÐ NÚ: 10.800,-




Lotus stóll

Féanlegur í svörtu, brúnu og hvítu

Verð áður: 13.400,-

-30%

VERÐ NÚ: 9.380,-



TV-skenkur m/ljósi
Féanlegur í svörtu og hvítu háglans.
Stærð: 180cmX50cmXH:46cm
Verð áður: 68.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 47.600,-

>Tryggja Valsstúlkur sér titilinn?

Valsstúlkur geta í dag svo gott sem tryggt sér Íslandsmeistararitilinn í kvennaflokki. Valur sækir KR heim í Vesturbæinn og með sigri nær liðið níu stiga forystu á KR þegar þrjár umferðir eru eftir. Valur er nú með miklu betri markatölu en KR, með 59 mörk í plús en KR 32. Þá er heil umferð í Landsbankadeild karla, Fylkir og ÍA mætast í mikilvægum fallbaráttuslag í Árbæ, Keflavík fær Þrótt í heimsókn, Fram og KR mætast í Laugardal, topplið FH mætir Grindavík, Breiðablik og Fjölnir mætast í Kópavogi og þá mætast Valur og HK að Hlíðarenda.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR OG ÓLAFUR STEFÁNSSON: KAMPAKÁTIR Í LEIKSLOK

Hrokinn í Dönum hvatti okkur til dáða

„Við fengum ósanngjarnar brottvísanir í síðari hálfleik en það styrkti okkur og í kjölfarið kom þrjálfarið, hjartað og þessi læti og færsla sem við þurftum á að halda. Það var æðisleg tilfinning að komast aftur inn í leikinn einum manni færri,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, sem átti enn einn stórleikinn. Hann sagði hrokann í Dönum hafa hjálpað strákunum að gíra sig upp fyrir leikinn.

„Dönsku leikmennirnir eru svo hrokafullir í viðtölum í heimalandi sínu. Voru að segja að við værum ekki nógu góðir og það væri bara grís að við kæmum á óvart á þessu móti. Þeir væru miklu betri og þetta yrðu létt tvö stig. Þessi hroki hvatti okkur til dáða og dönsku blaðamennirnir eiga þakkir skildar fyrir að birta þetta í blöðunum sínum,“ sagði Guðjón Valur og glotti.

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirlíði

var að vonum kampakátur eftir leikinn gegn Dönum og tók sérstaklega fram hversu vel sér liði.

„Það sem ég er ánægðastur með er að fjórði girinn er kominn hjá mér. Ég er í alveg fánæglegu góðu formi. Ef mér liður vel þá á að láta mig fá boltann því þá verð ég óstöðvandi,“ sagði Ólafur ákveðinn og bætti við að hann hefði vart séð einstaklingana í liðinu í þetta góðu formi áður.

„Við vorum allan tímann á því að komast í átta liða úrslit og við töpum okkur ekkert í gleðinni,“ sagði Ólafur sem var ánægður með markið hjá Snorra Steini úr vítinu í lokin.

„Fyrir fjórum árum hefði ég ekki leyft honum að taka þetta víti,“ sagði Ólafur.

„Það er rosalega þungu fargi létt af mér núna. Við náðum þessu á eigin forsendum og tryggðum þetta sjálfir. Ég er ofboðslega stoltur af liðinu og þeim karakter sem það sýndi í leiknum,“ sagði þjálfarinn Guðmundur Guðmundsson.



ÓL Í PEKING

Handbolti:

Ísland-Danmörk 32-32 (17-18)
Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 8/4 (13/5), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (9), Ólafur Stefánsson 5 (11), Arnór Atlason 4 (7), Róbert Gunnarsson 3 (3), Alexander Petersson 3 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Sigfús Sigurðsson 1 (2).

Varin skot: Hreiðar Levý Guðmundsson 14/1 (37/2) 38%, Björgvin Páll Gústavsson 1 (10), 10%.

Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón 2, Alexander 2, Arnór, Sigfús)

Fiskuð víti: 5 (Snorri 3, Guðjón, Arnór).

Útan vallar: 14 mínútur.

Mörk Dana: Jesper Nøddesbo 6, Lasse Boesen 5, Bo Spellerberg 5, Kasper Sarup 5, Lars Christiansen 3, Joachim Boldsen 2, Jesper Jensen 2, Klavs Bruun 1.

Varin skot: Kasper Hvidt 22 (52/4) 42%.

Hraðaupphlaup: 3

Útan vallar: 10 mínútur.

Staðan í B-riðli eftir fjóra leiki:

1. Suður-Kórea	6 stig (markatala 0)
2. Ísland	5 stig (5)
3. Þýskaland	5 stig (-2)
4. Danmörk	4 stig (0)
5. Rússland	3 stig (-2)
6. Egyptaland	1 stig (-5)

Staðan í A-riðli eftir fjóra leiki:

1. Frakkland	8 stig (markatala 33)
2. Pólland	6 stig (19)
3. Króatía	4 stig (14)
4. Spánn	4 stig (6)
5. Brasília	2 stig (-23)
6. Kína	0 stig (-49)

Ísland mætir Egyptum á aðfarandi mánudags. Ísland er komið í átta liða úrslit þar sem efsta liðið í B-riðli mætir liðinu sem hafnar í fjórða sæti í A-riðli, og svo koll af kolli.



BRÁST Í GRÁT Tilfinningarnar flæddu hjá Þóreyju, sem er nú hætt atvinnumennsku í stangarstökk. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG

Erfið stund:

Þórey Edda grét hjá Samma

PEKING 2008 Eins og fram kemur í viðtalinu við Þóreyju Eddu var það tilfinningaþrungin stund fyrir hana að ganga út af frjálssþróttavellinum í Fuglshreidrinu í gær.

Hún átti verulega erfitt með sig er hún hitti blaðamenn. Hún byrjaði á því að fara í viðtal hjá Samúel Erni Erlingssyni á RÚV og þegar skammt var liðið á viðtalið byrjuðu tárin að streyma. Þórey bað því um að slökkt yrði á vélinni á meðan hún jafnaði sig. Við þeirri bön var eðlilega orðið. Eftir um þrjár mínútur kláraði hún síðan viðtalið af fagmennsku sem og við Fréttablaðið síðar.

- hbg

Stáltaugar Snorra skutu Íslandi áfram

Íslenska handboltalandslíðið er komið í átta liða úrslit á Ólympíuleikunum eftir dramatískt jafntefli gegn Dönum, 32-32, í sannkölluðum spennutrylli. Snorri Steinn jafnaði úr vítinu með síðasta skoti leiksins.

PEKING 2008 Snorri Steinn Guðjónsson skaut strákunum okkar í átta liða úrslit á Ólympíuleikunum með marki úr vítakasti nokkrum sekúndum fyrir leikslok. Snorri jafnaði leikinn með markinu, lokatölur 32-32 og Íslandi dugði stigið til þess að komast áfram.

Snorri sýndi sannkallaðar stáltaugar í vítakastinu gegn hinum frábæra Kasper Hvidt sem hafði farið á kostum í leiknum. Snorri notaði engar gabbhreyfingar heldur skaut beint og í markið fór boltinn.

„Hann var alltaf búinn að biða áður þegar ég var með gabbhreyfingar þannig að ég ákvað að láta bara vaða. Mér liður vel þegar ég tek víti og verð ekkert stressaður. Maður hugsar bara aðeins um þá sem manni þykir vænt um og skýtur svo á markið,“ sagði Snorri Steinn en hann fagnaði á mjög frumlegan hátt með því að hlaupa undir eina stúkuna í húsinu og á eftir komu félagar hans.

„Það var ágætt að komast aðeins í burtu í stað þess að vera í að baða sig í sjónvarpsvélunum þegar maður er eins og ífl. Þetta var ekkert skipulagt heldur lá leiðin greið þarna inn svo ég skellti mér bara,“ sagði Snorri skælbrosandi.

Leikurinn í gær var hreint rosalegur og ótrúlega spennandi líkt og viðureignir liðanna síðustu ár. Þeir leikir hafa nánast undantekningalaust endað með naumum sigri Dana og skemmst er að minnst tapsins grátlega á HM í Þýskalandi 2007. Það var því kominn tími á að Ísland bæri eitthvað úr bítum og Danir gengju svekktir af velli.

Varnarleikur íslenska liðsins var lengi í gang en þegar hann datt í girinn voru strákarnir illviðráðanlegir.



FÖGNUMUR Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari slóst í hópinn með leikmönnum sínum í fögnuði eftir leikinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifur frá Peking
henry@frettabladid.is

Tilfinningarnar báru Þóreyju Eddu Elísdóttur ofurliði eftir stangarstökkseppnina í gær:

Svanasöngur Þóreyjar Eddu í Peking

PEKING 2008 „Það var skrítið að labba út af vellinum og vita að maður var að gera það í síðasta skipti. Það var talsvert erfiðara en ég átti von á,“ sagði Þórey Edda með tárin í augunum skömmu eftir stangarstökkseppnina í Peking í gær. Hún náði sér ekki á strík í keppninni. Komst yfir 4,15 metra í fyrstu tilraun en felldi svo 4,30 metra þrívégis. Hún var nálægt því að komast yfir í annarri tilraun.

„Þessi íþrótt er búin að vera stór hluti af mínu lífi lengi og það var erfitt að labba af velli vitandi að þetta væri mitt síðasta stórmót. Það var líka leiðinlegt að mér skyldi ekki hafa gengið betur. Ég vildi kveðja á annan hátt en engu að síður hef ég afrekað margt og það tekur enginn frá mér. Ég er mjög sátt við minn feril,“ sagði Þórey Edda, sem mun halda áfram að æfa á Íslandi og keppa sér til gamans eins og hún orðaði það.

„Ég fer nú í það að hefja venju-

legt líf eins og kannski má orða það. Ég er að fara að vinna hjá verkfræðistofu í Hafnarfirði. Ég er búin að vera í tólf ár að æfa og fór eiginlega strax að æfa sem atvinnumaður á mínu fyrsta ári. Þetta er búinn að vera langur og skemmtilegur tími en allt tekur víst enda,“ sagði Þórey Edda, sem hefur ekki náð sér á strík síðustu ár vegna þráláttra meiðsla.

„Það verður ágætt að vakna á morgnana og þurfa ekki að pína sig á æfingu þegar maður er að drepa einhvers staðar. Mér finnst ekki leiðinlegt að æfa en það er aftur á móti ekkert gaman að æfa þegar maður þarf að pína sig á hverja æfingu. Ég er búin að bíta á jaxlinn í tvö ár og þetta er orðið gott,“ sagði Þórey Edda Elísdóttir.

- hbg

Á HVOLFI YFIR Þórey Edda fer hér yfir slána í Peking í gær. Hún felldi í kjölfarið slána, sem hékk þá í 4,30 metrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Skógarbjörninn Sigfús: Skotinn ef ég væri ísbjörn

PEKING 2008. „Við erum búnir að vera brosandir allan tímann síðan við komum hingað,“ sagði Sigfús Sigurðsson og brosti alveg út að eyrum eftir Danaleikinn. „Ég hafði engar áhyggjur af því að við myndum tapa þessum leik. Eina spurningin var hvort við myndum vinna leikinn eða hvort hann myndi enda með jafntefli.“

Það vakti talsverða athygli að kynnrir leiksins talaði ávallt um skógarbjörninn Sigurðsson þegar Sigfús var í eldlínunni. Hann kunnir því ágætlega.

„Hann má ekki kalla mig ísbjörn því þá verð ég skotinn. Þá er nú skárri að vera skógarbjörn,“ sagði Sigfús léttur. - hbg

Liverpool náði að landa sigri gegn Sunderland:

Fernando Torres tryggði Liverpool öll stigin þrjú

ENSKI BOLTINN Fernando Torres tryggði Liverpool 1-0 sigur á Sunderland í ensku úrvalsdeildinni í gær. Sigurmark Torres kom sjö mínútum fyrir leikslok með fallegu skoti í bláhornið utan vítateigs.

Sunderland var síst lakari aðilinn lengst af en í síðari hálfleik jókst pressa Liverpool sem skilaði sér í markinu. Fram að markinu hafði Torres látið lítið fyrir sér fara.

Arsenal vann einnig 1-0 sigur. Samir Nasri, sem gekk í raðir félagsins í sumar, skoraði eina markið gegn WBA snemma leiks.

Arsenal var sannfærandi í leiknum og hefði getað unnið stærra.

„Við vorum alltaf í bílstjórásættinu og ég beið bara eftir öðru markinu,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „En leikmenn WBA börðust vel og okkur skorti áræðni í kringum vítateigin. Þar sem við náðum ekki að skora annað markið og tryggja sigurinn var alltaf hætta á að þeir myndu jafna. En ég er ánægður að landa stígum.“ - hph

FÖGNUMUR Torres fagnar með fyrirliða sínum Steven Gerrard eftir að boltinn lá í netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Grétar Rafn Steinsson skoraði stórbrotið mark:

Bara vitleysingar reyna að skjóta þaðan

FÓTBOLTI „Ég held að það séu bara vitleysingar sem reyna að skjóta þaðan,“ sagði Grétar Rafn Steinsson eftir fallegt mark sitt í 3-1 sigri Bolton á Stoke í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær.

Grétar fékk boltann úti á kanti við vítateigslínuna. „Ég ætlaði að senda hann fastan fyrir á milli markmannsins og varnarinnar,“ sagði Grétar en þess í stað flaug boltinn glæsilega yfir markmann Stoke, í samskeytin fjær og inn.

„En þetta bara gerðist,“ sagði Grétar, sem skoraði þarna sitt fyrsta mark í deildinni. „Það var fínt að ná marki, það skiptir engu máli hvernig það var. Það var fínt að þetta fór inn,“ sagði Grétar, sem var ánægður með sigurinn.

„Þetta er það sem við ætluðum okkur að gera, að byrja vel. Við vissum um styrkleikann hjá Stoke og við ætluðum að ná marki og fá þá síðan frammar á völinn. Það gekk allt eftir sem við ætluðum okkur að gera. Við hefðum getað sett fleiri mörk þannig að þetta lítur vel út. Það var að vísu svekkjandi að fá á sig mark, sem skýrist af einbeitingarleysi. Það var óþarfi. 3-0 hefði lítið vel út,“ sagði Grétar, sem er þó vel niðri á jörðinni.

Spurður hvort sigurinn gæfi ekki góð fyrirheit fyrir tímabilið sagði hann: „Við skulum taka næsta leik fyrir og ekki fara fram úr okkur. En það er fínt að byrja svona.“

- hph



ERFITT LÍF Það er þungur róður fram undan hjá Stoke. Hér tapar Ricardo Fuller skallaevígi við Andy O'Brien í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Skólasetning föstudaginn 22. ágúst kl. 11.00

SKÓLASETNING LANDAKOTSSKÓLA

Landakotsskóli verður settur í Landakotskirkju föstudaginn 22. ágúst kl. 11.00. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst.

Getum bætt við nokkrum nemendum í 2.-5. og 8.-10. bekki.

Landakotsskóli
Stofnsettur 1896

Upplýsingar um skráningu veittar í síma 510 8200 eða á heimasíðu www.landakot.is

LEIKIR GÆRDAGS

I. deild karla í knattspyrnu:

ÍBV-Víkingur R.	1-0
Yngvi Þorbjörnsson	
Leiknir-Fjarðabyggð	2-1
0-1 Sveinbjörn Jónasson, 1-1 Tómas Michael Reynisson, 2-1 Einar Örn Einarsson.	
Þór-Víkingur Ó.	2-1
0-1 Pilipovic (45.), 1-1 Einar Sigþórsson (79.), 2-1 Einar Sigþórsson (89.).	

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-WBA	1-0
Samir Nasri (4.)	
Middlesbrough-Tottenham	2-1
1-0 David Weather (71.), 2-0 Mido (86.), 1-2 sjálfsmark (91)	
Everton-Blackburn	2-3
0-1 David Dunn (22.), 1-1 Mikel Arteta (46.), 2-1 Yakubu (64.), 2-2 Roque Santa Cruz (66.), 2-3 Andre Ooijer (91.).	
Bolton-Stoke	3-1
1-0 Grétar Rafn Steinsson (34), Kevin Davies (41.), 3-0 Johan Elmander (46.), 3-1 Ricardo Fueller (91.).	
West Ham-Wigan	2-1
1-0 Dean Ashton (3.), 2-0 Dean Ashton (10.), 1-2 Amr Zaki (47)	
Hull-Fulham	2-1
0-1 Seol Ki-Hyeon (8.), 1-1 Geovanni (22.), 2-1 Caleb Folan (81).	
Sunderland-Liverpool	0-1
Fernando Torres (83.).	

Enska 1. deildin:

Barnsley-Coventry	1-2
Aron Gunnarsson spilaði allan leikinn með Coventry.	
Reading-Plymouth	2-0
Ívar Ingimarsson lék með Reading en Brynjar Björn Gunnarsson er meiddur.	

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

16. umferð	Landsbankadeild karla			
sun. 17. ágúst	Fylkir	17:00	ÍA	
sun. 17. ágúst	Keflavík	19:15	Próttur R.	
sun. 17. ágúst	Fram	19:15	KR	
sun. 17. ágúst	FH	19:15	Gindavík	
sun. 17. ágúst	Breiðablik	19:15	Fjöltnir	
sun. 17. ágúst	Valur	19:15	HK	

15. umferð	Landsbankadeild kvenna			
sun. 17. ágúst	KR	16:00	Valur	
mán. 18. ágúst	Fylkir	19:15	Þór/KA	
mán. 18. ágúst	Keflavík	19:15	HK/Víkingur	
mán. 18. ágúst	Afturelding	19:15	Fjöltnir	
mán. 18. ágúst	Breiðablik	19:15	Stjarnan	

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn. Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

> Sandra Bullock

„Min markmið í lífinu eru að muna eftir stöðum sem ég hef komið til, gera það sem ég elska og segja ekki já nema ég vilji það.“ Bullock leikur í myndinni *The Lake House* sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HEILLAST AF ANNE BOLEYN

Dallas-útgáfa Bretlandssögunnar

Þegar ég var ellefu ára eyddum við heilum vetri af minni bresku skólagöngu í að læra allt mögulegt um hina ensku Tudor-fjölskyldu. Það var auðvitað mjög mikilvægt fyrir söguþrófið að kunna nöfnin á öllum sex eiginkonum Hinriks áttunda og hvernig dauðdaga þeirra hefði borið að. Merkilegt fannst mér alltaf að önnur spúsa Hinriks, Anne Boleyn, var með sex fingur á annarri hendi en lítið hefur borið á þessu smáatriði í þáttaröðinni *The Tudors* sem nú er sýnd á Stöð 2 á sunnudagskvöldum. Auðvitað er þessi Dallas-útgáfa af ástum konungsins bráðskemmtileg en sögulegt gildi hennar lítilvægt. Breska pressan hefur kallað hana „bonkfest“ sem mætti þýða sem eins konar uppáferðamambó. En málið er bara að Hinrik áttundi var ekki að giftast og afhæusa svo eiginkvensur vegna þess að hann væri óstjórnalega graður, heldur var hann geysilega áhrifamikill konungur sem skapaði nýja kirkju og togaði England upp úr fenjum miðaldanna yfir í



ANNA BOLEYN

uppljómun endurreisnarinnar. Anne Boleyn hefur alltaf komið nokkuð illa undan sögubókunum og er í þáttaröðinni sem og annars staðar mikið klækjakvendi sem svíft einskis til að öðlast völd og sefur hjá allri hirðinni. Seinni tíma sagnfræðingar vilja þó meina að hún hafi verið nokkuð saklaust fórnarlamb pólitískra leikja nokkurra valdamikilla fjölskyldna. Til er skemmtileg lýsing á henni af samtímamanni sem konu sem var ekki sérstaklega fögur en hafði aftur á móti mikla persónutöfra, „Anne er með dökka húð, rennislétt svart hár og svört augu sem hún kann að nota til hins ýtrasta.“ Það er hreint ótrúlegt að Hinrik áttundi hafi snúið baki við kaþólsku kirkjunnar og páfanum fyrir ástir þessarar kynþokkafullu konu aðeins til að senda hana á höggstokk þremur árum síðar. Þó að áhorfendur ættu seint að láta glepjust af glamúr og glysi þáttaröðarinnar vekur hún vonandi áhuga á þessu stormasama og mikilvæga tímabili Bretlandssögu.

EKKI MISSA AF



▶ **14.40** Man. Utd. - Newcastle STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.00** The Dresden Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Frelsisprá (Tropiques amers) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Swingtown - NÝTT SKJÁREINN



▶ **22.00** The Tudors STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

- 07.30 ÓL í Peking Samantekt**
- 08.15 Morgunstundin okkar** Í næsturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni Nýi skólinn keisarans og Sigildar teiknimyndir.
- 09.55 ÓL í Peking** Fimleikar, úrslit.
- 12.50 ÓL í Peking** Frjálsar íþróttir, úrslit.
- 15.30 ÓL í Peking** Badminton, úrslit.
- 15.50 Íslandsmótið í fótbolta** Bein útsending frá leik í Landsbankadeildar kvenna. Reykjavíkurlíðin KR og Valur eigast við.
- 16.50 Tákn málsfréttir**
- 17.00 Íslandsmótið í fótbolta** KR - Valur. Seinni hálfleikur
- 18.00 Stundin okkar** (e)
- 18.30 Á flakki um Norðurlönd** (6:8)
- 19.00 Fréttir**
- 19.35 Veður**
- 19.40 Út og suður**
- ▶ **20.10 Frelsisprá** (2:6)
- 21.05 Systur** (Hermanas) Argentínsk bíómynd frá 2005 um tvær systur sem hittast í Texas árið 1984 eftir langan aðskilnað.
- 22.55 Ólympíukvöld** (9:16)
- 23.15 ÓL í Peking** Dýfingar kvenna, úrslit
- 00.30 ÓL í Peking** Handbolti karla, upphitun fyrir leik Íslands og Egypta.
- 00.50 ÓL í Peking** Handbolti karla, Ísland-Egyptaland. Lokaleikur í niðlakeppni.
- 02.30 ÓL í Peking** Badminton
- 03.05 ÓL í Peking** Körfubolti karla, Ástralía-Litháen.
- 05.00 ÓL í Peking** Badminton
- 05.50 ÓL í Peking** Handbolti karla, Rússland-Kórea.

BÍÓ

- 06.20 Fíaskó**
- 08.00 The Queen**
- 10.00 The Lake House**
- 12.00 Ghost**
- 14.05 Fíaskó**
- 16.00 The Queen**
- 18.00 The Lake House** Einmana lækni kynnist arkitekti í gegnum bréfaskrifit. Aðalhlutverk: Sandra Bullock og Keanu Reeves.
- 20.00 Ghost**
- 22.05 16 Blocks**
- 00.00 Nine Lives**
- 02.00 Scary Movie 4**
- 04.00 16 Blocks**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fíff
- 08.00 Algjör Sveppi**
- 09.35 Kalli litli kanína og vinir**
- 09.55 Stóra teiknimyndastundin**
- 10.20 Bratz**
- 10.45 Ævintýri Juniper Lee**
- 11.05 Stuðboltastelpurnar**
- 11.30 Latibær** (1:18)
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.30 Neighbours**
- 12.50 Neighbours**
- 13.10 Neighbours**
- 13.30 Neighbours**
- 13.50 Neighbours**
- 14.15 Monk** (9:16)
- 15.00 Flipping Out** (4:7)
- 15.45 Creature Comforts** (4:7)
- 16.10 Beauty and The Geek** (4:13)
- 16.55 60 minutes**
- 17.45 Oprah**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.49 Íþróttir**
- 18.55 Veður**
- 19.10 Grumpy Old Women** (2:4) Orðheppnar miðaldra konur fá að nölðra linnulaust um allt það fánlega sem þær þurfa að þola og horfa uppá nú til dags.
- 19.40 The Complete Guide To Parenting** (2:6)
- 20.05 Women's Murder Club** (9:13) Fjórar vinkonur sem vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlöglegla, önnur saksofnari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.
- 20.50 Blue Murder** (2:4) Breskur sakamálapáttur um rannsóknarkonuna metnaðargjörmu Janine Lewis sem þarf að samræma starfið og móðurhlutverkið.
- ▶ **22.00 The Tudors** (3:10) Önnur þáttaröðin um Hinrik VIII Englandskonung. Hann var ófeiminn við að beita óvini sínum harðræði og átti í stormasömu sambandi við fjölda kvenna.
- 22.55 Wire** (9:13)
- 23.50 Hotel Babylon** (1:8)
- 00.45 Canterbury's Law** (4:6)
- 01.30 The Dreamers**
- 03.20 Lawnmower Man**
- 05.05 Women's Murder Club** (9:13)
- 05.50 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

SPORT besta sætið

- 09.20 Meistaradeild Evrópu / Forkeppni** Útsending frá leik Standard Liege og Liverpool í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
- 11.00 US PGA Championship 2008** Útsending frá lokadeginum á US PGA Championship mótinu í golfi.
- 15.00 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Þæjummótinu á Siglufirði.
- 15.45 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð.
- 16.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Fylkis og IA í Landsbankadeild karla.
- 19.00 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá Einvíginu á Nesinu þar sem 10 bestu kylfingar leiks mæta til leiks.
- 19.50 Supercopa 2008** Bein útsending frá Super Copa en þar mætast Valencia og Real Madrid.
- 22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð.
- 23.00 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik Fylkis og IA í Landsbankadeild karla.
- 00.50 Supercopa 2008** Útsending frá Super Copa en þar mætast Real Madrid og Valencia.

SPORT 2 enski boltinn

- 09.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
- 12.10 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni en leikurinn er sýndur í HD.
- ▶ **14.40 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í úrvalsdeildinni en leikurinn er sýndur í HD.
- 17.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Man. City í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 13.55.
- 18.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.35 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull City og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.50 Vörutorg**
- 08.50 MotoGP** Bein útsending frá Brno í Tékklandi þar sem tólfta mót tímabilsins í MotoGP fer fram.
- 13.05 Dr. Phil** (e)
- 15.55 High School Reunion** (e)
- 16.45 The Biggest Loser** (e)
- 17.35 Britain's Next Top Model** (e)
- 18.25 Design Star** (e)
- 19.15 The IT Crowd** (e)
- 19.45 America's Funniest Home Videos - NÝTT** Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndbönd sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 20.10 Are You Smarter than a 5th Grader - Lokapáttur** Í lok síðasta þáttar var keppandi kominn að milljón dollara spurningunni og búinn að ákveða að spreyta sig á henni. Ef hann svarar rétt heldur hann heim á leið með fulla vasa af seðlum.
- 21.00 Law & Order: SVU - NÝTT** Bandarísk sakamálaferla um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Í fyrsta þættinum er ungi konu nauðgað á hrottanfenginn hátt en hún neitar að vinna með lögreglunni. Upp úr farsinu kemur að stúlkan var uppljóstrari fyrir FBI og nauðgunin tengist róttækum hægrisinnuðum samtökum.
- ▶ **21.50 Swingtown - NÝTT** Þættirnir gerast árið 1976 þegar kúltur- og kynlífsbyltingin stóð sem hæst í Bandaríkjunum og diskótónlistin var að ryðja sér til rúms. Hjónin Susan og Bruce Miller sem eru á uppleið í lífinu og hafa efni á að flytja með fjölskylduna í fínt úthverfi í Chicago. Þau eru boðin velkomin í nýja hverfið með innilegri hætti en þau hafði órað fyrir.
- 22.40 Sexual Healing** (e)
- 23.30 Da Vinci's Inquest** (e)
- 00.20 Da Vinci's Inquest** (e)
- 01.10 Vörutorg**
- 02.10 Óstöðvandi tónlist**

SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku**
- 20.45 Gönguleiðir** Þáttur um áhuga-verðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45, 22.45.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Grunnnámskeið Flugumferðarstjóra

Námskeiðið hefst 6. október og lýkur um miðjan febrúar. Umsóknarfrestur er til 14. september. Allar nánari upplýsingar á www.flugskoli.is

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40

The Complete Guide to Parenting

Gamanþáttaröð fyrir alla fjölskylduna. George Huntley er mikilvirtur prófessor í uppeldisfræði, metsöluhöfundur handbóka um foreldrahlutverk og barnaupplæði. Þegar eiginkona hans ákveður að yfirgefa hann og sjö ára gamlan son þeirra reynir heldur betur á hina meintu uppeldisfræðileika prófessorsins. En það kemur auðvitað á daginn að bókvitið og fræðin eru eitt og lífið sjálf annað. Með aðalhlutverk í þáttunum fer valinkunnur hópur kunnra sjónvarpsleikara og grínara. Þar fer fremstur í flokki Peter Davison sem ætti öllum að vera kunnur fyrir hlutverk sín í þáttum á borð við All Creatures Great and Small.



ÞVIÐ MÆLUM MED

KR - VALUR, beint Sjónvarpið kl. 15.50

Valskonur eru með sex stiga forskot á toppi Landsbankadeildar kvenna og geta nánast tryggt sér Íslandsmeistaratítillinn þriðja árið í röð með sigri á bikarmeisturum KR í dag. Vinni Valskonur verða þær komnar með 9 stiga forskot og miklu betri markatölu þegar aðeins þrjár umferðir eru eftir. Þá gætu aðeins stærðfræðingar tekið af þeim fjórða títillinn á fimm árum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlistargrúsk
09.03 Framtíð lýðræðis
10.05 Veðurfregnir
10.15 Druslubækur og doðrantar
11.00 Guðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni á Akureyri
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vem kan segla förutan vind?
14.00 Loftbelgur
14.30 Lostafulli listræninginn
15.00 Flækingur

16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Smartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Saga til næsta bæjar
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Óskastundin
19.40 Af minnisstæðu fólki
20.00 Leynifélagið
20.25 Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
21.05 Gonzo
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Umhverfis jörðina
23.10 Andrármur
00.07 Nætturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.25 Hollyoaks

16.50 Hollyoaks

17.15 Hollyoaks

17.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld (8:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunarsamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka dultlungafullur og hann sjálfur.

18.30 Seinfeld (9:13)

19.00 Seinfeld (7:24)

19.30 Seinfeld (8:24)

► **20.00 The Dresden Files** (1:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamála. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

20.45 Twenty Four 3 (12:24) Nina hefur vírusinn undir höndum og CTU ræðst til atlögu. Sherry reynir með öllum ráðum að bjarga Palmer úr klemmu. Kim kemst að leyndarmáli Chloe.

21.30 Entourage (19:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bióborginni.

22.00 Seinfeld (8:13)

22.25 Seinfeld (9:13)

22.50 Seinfeld (7:24)

23.15 Seinfeld (8:24)

23.40 Sjáðu

00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Animal Hospital - The Big Story **13.30** Animal Hospital - The Big Story **14.00** Animal Hospital - The Big Story **14.30** Animal Hospital - The Big Story **15.00** Animal Hospital **15.30** Big Cat Diary: Family Histories **16.00** Big Cat Diary: Family Histories **16.30** Big Cat Diary: Family Histories **17.00** Animal Park: Wild in Africa **17.30** Animal Park: Wild in Africa **18.00** Animal Park: Wild in Africa **18.30** Animal Park: Wild in Africa **19.00** Days that Shook the World **20.00** Blizzard - Race to the Pole **21.00** Terry Jones' Barbarians **22.00** Wild Indonesia **23.00** Days that Shook the World **00.00** Blizzard - Race to the Pole

DR 1

10.45 Boxen **10.50** NI HAO OL direkte **14.20** NI HAO OL hájdepunkter **15.30** Postmand Per **15.55** Home things **16.00** NI HAO OL í dag **16.30** TV Avisen **17.05** Den menneskelige zoo **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.15** NI HAO aften-OL **20.10** Smá og store sager. En kvinde forsvinder **21.50** En sag for Frost **23.35** Slutspil **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NRK1

11.00 Sommer-OL í Beijing, Friðrett **12.00** Sommer-OL í Beijing, Sprangridning, lag og ind. avd. 2 **13.00** Sommer-OL í Beijing, Friðrett **15.20** Sommer-OL í Beijing, Sprangridning, lag og ind. avd. 2 **16.00** Lilleföt og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Energikampen 2007 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL í Beijing, OL-studio **19.15** Med lisen til á sende. Lokale augneblinkar **19.45** Miss Marple **21.20** Kveldsnytt **21.35** Rally-VM 2008. Rally Tyskland **22.25** Uka med Jon Stewart **22.50** Mötet med Forester **01.00** Sommer-OL í Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS í Peking **15.30** Sportoperan **16.30** Anki och Pytte **17.00** Sagoberáttaren **17.30** Rapport **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olsson's studio **20.00** Tävlningen Unga forskare **20.30** En bro över Wadi **21.00** Rapport **21.10** Sommar-OS í Peking **00.55** Sommar-OS í Peking **04.00** Sommar-OS í Peking

Dansfestival 2008

Lærðu af þeim bestu ...

...í **SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM** hjá verðlaunahafa

So You Think You Can Dance?
EINUNGIS ÞESSA HELGI!
SABRA JOHNSON!

Allt það heitasta frá New York og Los Angeles!

Í glæsilegri aðstöðu í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal **fimmtudag 28. ágúst, föstudag 29. ágúst, laugardag 30. ágúst og sunnudag 31. ágúst!**

100% DANSGLEÐI lofað!!!
Námskeiðin eru fyrir ALLA!

Tryggðu þér sæti með því að skrá þig strax!

Skráning á Dansfestivalið og önnina fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur, framkvæmdastjóra DanceCenter Reykjavík, í síma 861 5658.



Dan Karaty

Shane Sparks

Sabrá Johnson

Danny Tidewell

Haustönn 2008 - DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI!

Kennsla hefst mánudaginn 1. september!

Glæsileg aðstaða í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Kennið tvisvar í viku.

Diskótjútt! Jazzfunk/Street/Hip Hop

16-19 ára

20-24 ára

25 ára og eldri

7-9 ára

10-12 ára

13-15 ára

Salsa

Þör og

einstaklingar

Söngleikjadans

10-12 ára

13-15 ára

20-24 ára

25 ára og eldri

DanceCenter Reykjavík er aðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar



DansHreyfing fyrir ALLA!

Hreyfing og DanceCenter Reykjavík kynna frábær ný dansnámskeið! Sann-kallað **DANSÞJÓ!** Fáðu útrás fyrir **DansGleðina** og skelltu þér á skemmtilegt námskeið. Í boði verður brot af því besta: Jazzfunk, Salsa, Diskó og fl. óvænt! Aldurstakmark 16 ára. Tímar eru 1x í viku – samtals 15 skipti.



Skráðu þig núna hjá Hreyfingu sími 414 4000!

SKRÁÐU ÞIG
NÚNA!
dancecenter.is

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
Kemur sérstaklega á vegum:



www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



OUTFITTERS NATION



SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er alveg ofsalega stolt af henni. Hún er að gera það sem hún hefur áhuga á. Ég segi það að hún hafi þetta frá þabba sínum sem er blikksmiður því það er svo mikil handavinna í því.“

Margrét Þorsteinsdóttir, móðir Helgu Mjallar Oddsdóttur, sem er á leið í starfsnám hjá einum frægasta búningahönnuði Danmerkur.

HIN HLIÐIN ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR HÁRSTÍLISTI

Vil eignast fínan grænmetisgarð í sveitinni

Hvað er að fréttu? Það er allt gott að fréttu.

Augnlitur: Brúnn.

Starf: Hárstílisti.

Fjölskylduhagur: Ég er mamma og unnusta.

Hvaðan ertu? Ég er upprunalega frá Líbanon, en alin upp í Vesturbænum.

Ertu hjátrúarfull? Já, á vissa hluti. Ég nota mikið 7,9,13 þegar það á við og geng helst ekki undir stiga. Ég var mun hjátrúafyllri þegar ég var yngri, amma mín hafði mikil áhrif á það, en þetta virðist hafa elst af mér að einhverju leyti.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Það væru heimildarþættirnir á RÚV, núna er verið að sýna þætti sem kallast Summer of Love, sem eru mjög skemmtilegir.

Uppáhaldsmatur: Fondú með nautalundum og sósunni hennar mömmu.

Fallegasti staðurinn: Ströndin á Toulada í Sardíníu.

iPod eða geislaspilari: Plötuspilari.

Hvað er skemmtilegast? Skemmtilegast er vinnan mín og fjölskylda og vinir.

Hvað er leiðinlegast? Leiðinlegast er að pissa.

Helsti veikleiki? Held að það sé kvíði.

Helsti kostur: Starfið mitt.

Helsta afrek: Að njóta lífsins og móðurhlutverkið.

Mestu vonbrigðin: Ég sé eiginlega ekki eftir neinu, ég trúi því að allt sem gerist eigi að gerast.

Hver er draumurinn? Það væri að mennta mig meira og flytjast svo út í sveit og rækta fínan grænmetisgarð.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Maðurinn minn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar Aron kemur með lélega brandara.

Hvað er mikilvægast? Mikilvægast er að lifa í núinu.



FRÉTTIR AF FÓLKI

FH mætti enska úrvalsdeildarliðinu Aston Villa á fimmtudagskvöldið eins og alþjóð veit. Leikurinn endaði 1-4 fyrir þá ensku en leikurinn var í beinni á Stöð 2 Sport. Fyrir leik liðanna var byrjunarliði og þjálfurum varpað upp á skjáinn en fyrir mistök var skrifað að þjálfari Aston Villa væri **Gunnar Oddsson**, en ekki **Martin O'Neill**, en sá fyrrnefndi þjálfarí Prótt. Þó voru mistökkin ekki svo galin því lið beggja þessara þjálfara hafa náð að skora fjögur mörk gegn FH í Laugardalnum í sumar.



Blómstrandi dagar í Hveragerði hafa staðið yfir um helgina. Dagskráin er fjölbreytt og kennir þar ýmissa grasa. Það sem hefur staðið upp úr um helgina var einna helst tónleikar sem haldnir voru í Íþróttahúsinu í bænum, til heiðurs **Bergþóru Árnadóttur**, vísna konu, sem var Hvergerðingur í húð og há. Komu þar fram listamenn á borð við **Magna, Pétur Jesús** og **Gumma Benn** föður hans, og hinar eldhressu **Hara** systur. Voru menn sammála um að kominn hefði verið tími til að bærin myndi heiðra þennan mesta listamann sem bærin hefur getið af sér.

- shs



ÆVINTÝRI Í AFRÍKU

Á meðal verkefna **Örnu Bjargar** var að fara í gönguferðir með ljónsunga, með öllum þeim hættum sem því fylgja. Hún segist hafa reynt margt á meðan á vinnu hennar í Afríku stöð, en hún fór meðal annars á fílsbak.

ARNA BJÖRG ÁRNADÓTTIR: ÆVINTÝRI Í SIMBABVE OG MÓSAMBÍK

Í GÖNGUTÚR MEÐ LJÓNSUNGUM

„Mig hafði alltaf dreymt um að fara til Afríku og dýr eru mitt aðal áhugamál, svo þegar Arna Dögg Tómasdóttir vinkona mín sá auglýsinguna ákváðum við ásamt Hans Árnasyni bróður mínum að fara út,“ segir Arna Björg Árnadóttir, 23 ára háskólanemi sem er nýkomin heim frá Simbabve og Mósambík þar sem hún dvaldi í tvo mánuði á vegum Nínukots.

„Fyrst dvöldum við í Zimbabwe Antelope Park þar sem við unnum að verkefni sem gengur út á að fjölga villtum ljómum í náttúrunni, en þeim hefur fækkað gifurlega upp á síðastlið. Þá eru ljónsunga teknir frá mæðrum sem

hafa verið í búrum allt sitt líf og þeim kennt að bjarga sér úti í náttúrunni, en þegar eigandi landsvæðisins keypti það fyrir um þrjátíu árum var fjöldi ljóna í búrum án þess að nokkur vissi ástæðuna,“ útskýrir Arna Björg.

„Okkar starf var að fara með ljónsunga í gönguferðir tvisvar á dag, einn til tvo tíma í senn og láta þau venjast því að ganga frjálts. Það var auðvitað viss áhætta sem fylgdi þessu og við urðum að fylgja vissum reglum eins og að snúa aldrei baki í ljónin, beygja okkur ekki niður, né klæðast skærum eða áberandi fötum, en í hverri gönguferð voru

alltaf tveir ljónatemjara sem ljónin álitu foringjann í hópnum,“ segir Arna Björg, sem kveðst ekki hafa fundið til hræðslu innan um ljónin.

Eftir mánaðardvöl í Simbabve tók við annars konar ævintýri eftir að þremningarnir höfðu skoðað Viktoríufossa og farið í teygju- og fallhlífstökk. Þá skildu leiðir og Hans varð eftir, en Arna Björg og Arna Dögg fóru til Mósambík. „Við fórum að vinna á leikskóla við að kenna börnum ensku og portúgölsku, en á laugardögum heimsottum við munaðarleysingjahæli sem var hluti af verkefni sem kallast African

impact og þá kenndum við einnig fótboltastráku ensku, hnýttum vinabönd með HIV-smituðum börnum og hjálpuðum til við að endurbyggja hús sem fólk hafði misst í fellibyljum,“ útskýrir Arna Björg. Aðspurð segir hún ferðina í heild vera einstaka lífsreynslu. „Margir höfðu áhyggjur af okkur, sérstaklega í Simbabve, en fólk í landinu er yndislegt og í heildina gekk ferðin mjög vel. Í haust ætla ég í áframhaldandi háskólanám og get vel hugsað mér að læra jafnvel dýrasálfræði, planið er allavega að vinna með dýrum í framtíðinni,“ segir Arna Björg að lokum.

alma@frettabladid.is

Konur 18 - 99 ára

Velkomnar í kvennaflokk í Vindáshlið 29. ágúst - 31. ágúst 2008.



Fabula Syngur við eigin undirleik.



Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir: Hvernig birtast kristnar konur í nútíma kvikmyndum?



Jónína Kárdal, M.A. Hvernig geta konur verið leiðtogar í eigin lífi?



Ragnheiður Yr Grétarsdóttir, sjúkráþjálfari. Skógarjoga.



Sr. Petrína M. Jóhannsdóttir: Er þörf á að elska náungann eins og sjálfan sig?

Verð aðeins 9.500 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði

Allar nánari upplýsingar á www.kfum.is
Bókanir í síma 588-8899



Íslenskt R'n'B

„Ég er að reyna að ryðja brautina fyrir íslenska R'n'B tónlist,“ segir söngkonan Anna Hlín Lewis sem gaf nýverið út frumraun sína, Kær Leikur. Anna Hlín semur alla laga-texta sjálf en eiginmaður hennar semur tónlistina. „Textarnir eru bæði á ensku og íslensku og eru þeir hálfgerðar sögur sem fjalla um allt milli himins og jarðar.“

Anna framleiðir og kostar plötuna alfarið sjálf. „Ég sé um að framleiða hana, borga hana og selja hana. Þetta hefur kostað sitt en ég ákvað að fara þessa leið og ef að vel gengur, sem ég vona, þá stækka ég bara við mig.“

Anna Hlín hefur lengi verið viðloðandi íslenska hip hop tónlist og hefur sungið inn á plötur með ýmsum íslenskum hip hoptónlistarmönnum og á Kærum Leik nýtur hún aðstoðar nokkurra þekktra rappara. „Ég fékk aðstoð frá Birki úr Forgotten Loves, Djiezus Nice og fleiri góðum tónlistarmönnum.“



GEFUR ÚT FRUMRAUN SÍNA Anna Hlín segist vilja ryðja brautina fyrir íslenska R'n'B tónlist.

Anna mun hafa nóg að gera á næstunni við að kynna plötuna og mun hún spila víða. „Ég spila kvöldið fyrir Ljósanótt í Keflavík, svo spila ég á ýmsum klúbbum og böllum líka. Ég ætla ekki að takmarka mig við einhvern ákveðinn markhóp heldur vil ég spila fyrir alla þá sem fíla tónlistina mína,“ segir Anna Hlín að lokum. Áhugasamir geta hlustað á tónlist söngkonunnar á slóðinni www.myspace.com/annahlin21may.

- sm

OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA
OG 11-05:30 UM HELGAR



STEAK AND PLAY

SPORT CLUB

GOLF HERMIR

STEIKHÚS

PLAYSTATION

ALLAR AÐAL

SPORTRÁSIR HEIMS

**HEIMSKLASSASTAÐUR
Á FRÓNI**

OPNUM 22.08.08

Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030

steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
JónssonarÓréttlæti
heimsins

Í seinni tíð hef ég tekið eftir því að samúð mín með fólki sem vorkennir sjálfu sér og finnst heimurinn leika það ósköp grátt hefur minnkað jafnt og þétt. Það er nefnilega grátlega augljóst að þetta fólk er yfirleitt ekki að bera sig aumlega yfir óréttlæti heimsins sem slíku, heldur því að heimurinn skuli aldrei þessu vant vera óréttláttur því sjálfu í óhag. Ég heyri þetta fólk nefnilega aldrei býsnast yfir því þegar aðrir verða fyrir barðinu á óréttlæti heimsins. Sjálfsvorkunnin er í raun ekkert annað en illa dulbúin eingignirni og heimtufrekja.

ÞAÐ er ekkert eðlilegt við að vera alltaf hamingjusamur. Lífið virkar einfaldlega ekki þannig. Fólk verður fyrir skakkaföllum. Fólk eldist, veikist og deyr. Slys og náttúruhamfarir eiga sér stað. Heimurinn er ósanngjarn, það er of augljóst til að um það þurfi að hafa mörg orð eða verja miklum tíma í að svekkja sig á því. Enginn kemst í gegnum heilt líf án þess að verða fyrir harmi og missi.

SÁ sem upplifir heiminn sem einrótt sóskskin og sleikipinna allt sitt líf er í besta falli verulega raunveruleikafirrtur, í versta falli gersamlega síðblindur. Hvernig dettur fólki í hug að gera þá kröfu á lífið að því eigi alltaf að líða vöðalega vel? Hvað gaf því þá hugmynd til að byrja með að slíkar væntingar væru raunhæfar? Hvað fékk það til að halda að slíkt viðhorf væri eitthvað annað en óbrigðul uppskrift að vonbrigðum?

ER þá engum vorkunn? Jú, auðvitað. Það er einmitt á sorgarstundum sem maðurinn hefur þá dásamlegu tilhneigingu að sýna sínar fegurstu hliðar; samhygd og kærleika, bróðurþel og umhyggju. Þá berum við hvert annað. Að gera út á þessi göfugu viðbrögð til að koma sér undan því að standa sjálfur í lappirnar er hins vegar bara ljótt.

VIÐ eigum enga heimtingu á því að líða alltaf vel. Við getum aðeins vænst þess að líða eins vel og eðlilegt er miðað við kringumstæður. Því fyrr sem við sættum okkur við það, þeim mun meiri gremju spörum við okkur á lífsleiðinni. Þess vegna er skynsamlegra að vera þakklátur fyrir það sem er í lagi, en að vera á bömmum yfir því sem er ekki í lagi. Og ef við sjálf erum í lagi eru allar líkur á því að við njótum kærleika þegar lífið leikur okkur þannig að okkur líður ekki sem best.



GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 17.
ágúst, 230. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.26	13.32	21.35
Akureyri	5.00	13.16	21.30

Heimild: Almanak Háskólans

Síðsumarstilboð!

Verð frá:

8.490 KR.*



» Iceland Express býður fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði til **London, Kaupmannahafnar** og **Berlínar**. Einnig flugsæti á tilboðsverði til eða frá Kaupmannahöfn um Akureyri, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Billund, Barcelona, Eindhoven og París.

Sölu tímabil: Frá kl. 12.00 á hádegi 18. ágúst til miðnætis 19. ágúst
Ferðatímabil: 18. ágúst-15. september 2008

Sala á flugsætum á síðsumarstilboði hefst á hádegi á morgun og lýkur á miðnætti þriðjudags. Þú bókar á www.icelandexpress.is

* Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug. Athugið að flugvallarskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

Iceland Express 
með ánægju